



Ég er að reyna mitt besta og það lítur alls konar út.

## Vinsamleg yfirtaka

Leikstjórinn Silja Hauksdóttir segir breytingar þær sem orðið hafa á sjónvarpsefni kvenvinsamlegar og vonast til að þannig verði minna um poppstjörnukúltúr. Sjálf segist hún vera í stöðugri sjálfsvinnu sem sé skemmtileg. Silja varð móðir fertug, rétt eftir að hún eignaðist þrjá stjúp syni, en stjúp móðurhlutverkið segir hún bæði yndislegt og flókið. ➔ 18

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Æðislegar páskakökur

Eva María hjá Sætum Syndum kennir lesendum að baka páskabollakökur.

➔ 16

### Páskaskreytt í Grímsnesinu


Sumarbústaður Þórunnar Högna er kominn í smekklegan páskabúning.

➔ 22

## VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR Á ELKO.IS

Netspjallið er opið alla daga til 21:00  
Sjá opnunartíma verslana á [elko.is](http://elko.is)

ELKO



## Blaðamenn verðlaunaðir fyrir störf sín

**FJÖLMIDLAR** Verðlaunahafar Blaðamannaverðlaunanna 2020 voru tilkynntir í beinu streymi Blaðamannafélags Íslands (BÍ) í gær.

Verðlaun fyrir umfjöllun ársins fengu Sunna Ósk Logadóttir, Bára Huld Beck, Þórður Snær Júlíusson, Arnar Þór Ingólfsson og Jónas Atli Gunnarsson á Kjarnanum, fyrir umfjöllun um eldsvoðann á Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík.

Verðlaun fyrir viðtal ársins hlaut Orri Páll Ormarsson á Morgunblaðinu fyrir viðtal sitt við Ingva Hrafn Jónsson.

» Þórhildur Þorkelsdóttir á RÚV hlaut blaðamannaverðlaun ársins.

Nadine Guðrún Yaghi á Stöð 2 hlaut verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku fyrir umfjöllun um mistök við greiningu á legháls-sýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Þá hlaut Þórhildur Þorkelsdóttir á RÚV blaðamannaverðlaun ársins fyrir fréttáflutning og viðtöl sín í tengslum við erfið og viðkvæm mál.

Verðlaunahöfum voru afhentir verðlaunagripir, verðlaunafé og blómvöndur frá BÍ að aflokinni athöfninni.

Fréttablaðið óskar verðlaunahöfum öllum til hamingju með viðurkenningu á vel unnum störfum. – atv

## Vika í Geldingadöllum



Fólk hefur flykkst í Geldingadali eftir að eldgos hófst þar föstudagskvöldið 19. mars. Litill hópur manna hélt að gosstöðvunum strax aðfaranótt laugardags. Þótt margir hafi gagnrýnt þá fyrir fljótlega að tínast sjálft á staðinn til að fylgjast með gosinu sem jarðvísindamenn segja nú mögulega geta staðið í áratugi. Glæsileg gosmyndasýra ljósmyndara Fréttablaðsins frá liðinni viku er á [frettabladid.is](http://frettabladid.is). FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Bóluefni AstraZeneca fæli minna frá en búist var við

**COVID-19** Á bilinu 15 til 20 prósent mæta ekki í bólusetningu við COVID-19 eftir boðun samkvæmt Ragnheiði Ósk Erlendsdóttur, hjúkrunarforstjóra Heilsgæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hefur ekki orðið breyting á þessu eftir að byrjað var að nota bóluefni AstraZeneca á ný. Í gær var byrjað að bólusetja árganga fædda 1948 og 1949.

„Þátttakan er svipuð og í öðrum árgöngum,“ segir Ragnheiður. „Við áttum von á meiri forföllum.“ Hún segir það að fólk mæti ekki á tilteknum tíma þýði ekki að það hafi hafnað bólusetningu. Sumir eru erlendis, úti á landsbyggðinni eða vant við látnir.

Ragnheiður segist ekki hafa upplýsingar um stöðu þeirra sem hafna bólusetningu með tilteknu bóluefni. „Almenna reglan er að fólk fær ekki að velja bóluefni. Sóttvarnalæknir stýrir því hvaða hópar fá hvaða efni,“ segir hún.



Kári Stefánsson var bólusetur með AstraZeneca-bóluefninu í gær.

Við áttum von á meiri forföllum.

Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, hjúkrunarforstjóri HH

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, var bólusetur með AstraZeneca-bóluefninu í gær. Hann bauð ljósmyndurum Fréttablaðsins að mynda bólusetninguna í því skyni að lægja öldur tortryggni gagnvart bóluefninu. – khg

## Vilja mennta stúlkur til að hægja á fjölgun

Hröð fjölsfjölgun er meðal þess sem stendur í vegi fyrir að markmið Parísarsáttmálans náist. Guðný Nielsen og Sigrún Kristjánsdóttir vilja kolefnisjafna útblástur gróðurhúsalofttegunda með menntun stúlkna í þróunarrikjum.

**UMHVERFISMÁL** Í dag er áætlað að um 132 milljónir stúlkna fái ekki að ganga í skóla og í nýrri skýrslu Malala Fund er bent á að hætt sé við að skólalokanir vegna heimsfaraldursins verði valdur að því að 20 milljónir stúlkna bætist í þennan hóp. Þetta segja verkfræðingarnir og stofnendur sprotafyrirtækisins SoGreen, Guðný Nielsen og Sigrún Kristjánsdóttir.

Eitt af verkefnum þeirra er að kolefnisjafna útblástur gróðurhúsalofttegunda með menntun stúlkna í þróunarrikjum. Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (IPCC) hefur bent á þann þátt sem hröð fjölsfjölgun á í að hindra aðgerðir manna sem miða að því að ná markmiðum Parísarsáttmálans. „Og bendir nefndin sérstaklega á mikilvægi menntunarstigs kvenna sem lykiltreytu sem áhrif hefur á hraða fjölsfjölgunar,“ segir Guðný.

Þær Guðný og Sigrún segja að ekki sé um að ræða nýlega uppgötvad orsakasamband heldur hafi fjöldi rannsókna sýnt fram á það að ómenntaðar konur í lágtekjuríkjum eignist mun fleiri börn en menntaðar konur, þá hafi hröð fjölsfjölgun áhrif á hlýnun jarðar. Til að mynda sýni ný rannsókn sem gerð var í þrettán löndum Afríku að ómenntaðar konur eignist að meðaltali 6,7 börn en konur með gagnfræðaskólamenntun eignist 3,9 börn.

„Ástædan fyrir því að adeins tólf ára skólaga ganga gerir gæfumuninn er sú að það að halda stúlkum í skóla er eitt sterkasta vopnið sem við höfum gegn barnahjónaböndum og þungunum unglingsstúlkna,“ segir Guðný.

Guðný og Sigrún segja að menntun stúlkna sé talin meðal áhrifa-



Áætlað er að 132 milljónir stúlkna fái ekki að ganga í skóla. MYND/ADSEND



Sigrún Kristjánsdóttir og Guðný Nielsen stofnendur SoGreen.

mestu lausna til að koma í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda, áhrifaríkari en til að mynda rafbíl-, fjöldasamgöngu- og sólarraforkuvæðing og landgræðsla með skógrækt. Mannfjöldaspár Sameinuðu þjóðanna benda til þess að fjölsfjöldi Afríkuálfu muni tvöfalda árið 2050. Hann er nú rúmlega 1,2 milljarðar og verður væntanlega um 2,4 milljarðar árið 2050.

„Það sem við í SoGreen ætlum að gera er að bjóða upp á lausn sem dregur úr hraða fjölsfjölgunar vegna þess að menntun stúlkna dregur úr hraða fjölsfjölgunar,“ segir Sigrún.

Vinna SoGreen snýr að því að brúa bilið milli fyrirtækja og einstaklinga þegar kemur að sölu kolefniseininga. „Við munum tryggja vottun óháðra aðila á kolefniseiningarnar og selja þær svo fyrirtækjum og einstaklingum sem leitast við að minnka kolefnisspor sitt,“ bætir Sigrún við.

Þær segja bæði sorglegt og svekkjandi að menntun kvenna sem lausn við loftslagsvanda sé hunsuð. „Tæknilegar lausnir, sem ekki aðeins hafa minni verkun heldur eru líka dýrari, tímafrekari í þróun og mun flóknari í framkvæmd, njóta enn forgangs hjá fjármagnseigendum.“ [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

Pessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433  
Netfang: [bjornsbakari@bjornsbakari.is](mailto:bjornsbakari@bjornsbakari.is)

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



# 2 ÁR ERU LIÐIN TÍÐ

NÚ FYLGIR ÞRIGGJA ÁRA ÞJÓNUSTA  
ÖLLUM NÝJUM TOYOTA BÍLUM



ÁRA ÞJÓNUSTA

SMURÞJÓNUSTA OG ÞJÓNUSTUSKOÐANIR FYLGJA  
NÝJUM TOYOTA BÍLUM Í ÞRJÚ ÁR Í STAÐ TVEGGJA

Gildir um alla nýja Toyota bíla, flutta inn af Toyota á Íslandi ehf., sem keyptir eru eftir 1. janúar 2021. Kynntu þér þriggja ára þjónustu Toyota nánar á [toyota.is](http://toyota.is)

Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000




2018  
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

TÖLUR VIKUNNAR 21.03.2021 TIL 27.03.2021

40

prósenta fækkun hefur verið í lunda- stofninum á Íslandi síðustu tvo áratugi.



3.500

íbúðir eru nú í byggingu á höfuðborgarsvæðinu.



+

10

prósenta fækkun hefur verið á blóðgjöfum í faraldrinum.

40

prósentum fleiri umsóknir um neyðarastöð hafa borist til Fjölskylduhjálpar Íslands síðan faraldurinn hófst.

%



1.279

eru nú í sóttkví á Íslandi vegna COVID-19.

# Meintur morðingi eftirlýstur í Albaníu

Íslensk stjórnvöld synjuðu beiðni albanskra stjórnvalda um að framselja manninn sem hefur játað að hafa banað Armando Beqirai. Framsalsmálið var til meðferðar nokkru fyrir morðið. Lögregla vissi af skotvopni í fórum mannsins tæpum mánuði fyrir morðið.

**LÖGREGLUMÁL** Angeljin Mark Star-kaj, sem játað hefur að hafa skotið Armando Beqirai til bana í Rauðagerði laugardaginn 13. febrúar síðastliðinn, er eftirlýstur í Albaníu vegna vopnaðs ráns. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins synjuðu íslensk stjórnvöld framsalsbeiðni albanskra stjórnvalda, vegna fyrningarákvæða í íslenskum lögum. Umrætt framsalsmál var til meðferðar hér á landi áður en morðið var framið en Angeljin hefur verið búsettur á Íslandi í nokkur ár.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skýrði frá jätningunni á blaðamannafundi í gær. Angeljin hefur verið í haldi síðan 16. febrúar en hann neitaði sök í málinu í fyrstu. Á blaðamannafundinum kom fram að hann hefði játað eftir að sönnunargögnum gegn honum fjölgaði og morðvopnið fannst.

Margeir Sveinsson yfirlögregluþjónn og Hulda Elsa Björgvinsdóttir, yfirmaður ákærsviðs hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segjast hafa óttast falska jätningu í málinu á fyrstu stigum rannsóknarinnar vegna tenginga við skipulagða brotastarfsemi. Þau sönnunargögn sem aflað hafi verið í málinu styðji hins vegar vel við jätningu mannsins.

Aðspurð um hvers kyns gögn hafi stutt við jätninguna nefnir Hulda meðal annars fjarskipta- og símagögn, upptökur og framburði vitna. Þá hafi skotvopnið einnig reynst mikilvægt.

Um er að ræða 22 kalibera skambbyssu sem fannst í sjó við strendur höfuðborgarsvæðisins fyrir nokkrum vikum en staðfest var í síðustu viku að byssan hefði verið notuð við verknaðinn.

Byssan hafi verið í löglegru eigu einstaklings en henni síðar stolið. Að sögn Margeirs var um að ræða safnara eða áhugamann um skotvopn sem hafði fengið leyfi til að flytja byssuna til landsins. Aðspurður



Mikill viðbúnaður var við héraðsdóm þegar hinir grunuðu voru leiddir fyrir dómara. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

segir hann hljóðdeyfinn sem notaður var með byssunni ekki hafa verið í eigu safnarans, honum hafi verið komið á síðar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að lögreglan hafi fengið upplýsingar um skotvopn í fórum hins grunaða þann 19. janúar, eða tæpum mánuði áður morðið var framið. Margeir segir hins vegar ekkert hafa bent til þess áður en morðið var framið að það kynni að vera yfirvofandi.

Að sögn Huldu hefur rannsókn málsins verið viðamikil og ákærsvið gert um það bil hundrað kröfur um rannsóknarúrskurði, svo sem um gæsluvarðhald, húsleitir, fjarskiptagögn og fleira.

„Sönnunargögnin hafa ekki beint stokkið upp í fangið á okkur,“ segir Hulda og vísar til þess að þau hafi ekki fengið neinar ábendingar um staðsetningu skotvopnsins heldur hafi lögreglumönnum tekist að lesa



Frá blaðamannafundinum um Rauðgerðismálið í gær. MYND/ÞÓSEND

milli línanna í framburðum.

„Það var bara fyrir skarpskyggni lögreglumanna sem eru greinilega með mikið innsæi og athyglisgáfu sem leiddi til þess að þeir áttuðu sig á því hvar morðvopnið var. Í raun og veru var það alveg með ólíkindum að það skyldi hafa fundist,“ segir Hulda og bætir við að það hafi einnig verið ákveðin heppni að vel hafi viðrað þegar leitin fór fram þar sem byssan sást strax.

Margeir segir rannsókninni hvergi lokið þótt jätningu liggi fyrir. „Það má skipta þessu í svona þrjú stig; það er skipulagið fyrir, verknaðurinn, og svo eftir. Þannig að við erum bara komin með númer tvö því að hitt er enn í rannsókn.“

Hulda segir enn fremur að verið sé að rannsaka hlutverk annarra einstaklinga í málinu, þar á meðal mögulega hlutdeild og talmun lögreglurannsóknar þar sem reynt var að skjóta sönnunargögnum undan.

„Það er alveg skýrt frá okkar hendi varðandi þátt þess sem við segjum að sé sterkur grunur um að hafi banað Armando umrætt sinn. En síðan er hitt sem við erum að vinna aðeins betur í.“

Fjórtaán einstaklingar frá tíu löndum hafa réttarstöðu sakbornings í málinu. Á blaðamannafundinum kom fram að lögregla hefur gripið til aðgerða vegna vísbendinga um mögulegar hefndaraðgerðir eða uppgjör ákveðinna hópa gegn hinum grunuðu.

Margeir segir sjaldgæft að slíkum aðgerðum sé beitt í sakamálum af þessu tagi en þær hafi verið notaðar í heimilisofbeldismálum. Meðal aðgerða sem gripið er til er að láta einstaklinga fá öryggishnapp til þess að kalla eftir aðstoð, setja krækju á símanúmer með beintengingu við lögreglu, flytja viðkomandi á annan stað, eða auka eftirlit.

fann@frettabladid.is  
adalheidur@frettabladid.is

## RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif. Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



4X4 JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.\*



4X4 JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.\*

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

# Nýjasta Skúbbið!



## Skúbb er komið á Orkuna, Vesturlandsvegi!

Nú getur þú rennt við á Orkuni á Vesturlandsvegi og nælt þér í ferska og ljúffenga skál eða kraftmikið og hressandi búst frá Skúbb. Góð orka sem endist allan daginn. Hlökkum til að sjá þig!



## Óttast eldhættu af verkstæðum

**HAFNARFJÖRÐUR** Smári Hólm, annar eigenda að Suðurrellu 10, segist ekki geta samþykkt ólöglega gerninga til að breyta skipulagi húsnæðisins. Hann rekur bílaverkstæði í einu bili hússins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær stendur til að rýma óleyfisbúðir fyrirtækisins Firingar fasteignar, sem á stærstan hluta húsnæðisins, eftir tvo mánuði. Konráð Magnússon, eigandi fyrirtækisins, sagðist hafa reynt að kaupa nágranna sinn út til að fá skipulagsbreytingu samþykkt.

Ég er ekki sáttur við að það séu íbúðir við hliðina á verkstæðinu hjá mér ef það kviknar í bílum.

Smári Hólm

„Ég er ekki sáttur við að það séu íbúðir við hliðina á verkstæðinu hjá mér ef það kviknar í bílum,“ segir Smári sem sent hefur tilkynningar til Hafnarfjarðarbæjar vegna óleyfisframkvæmda í húsinu. Fleiri verkstæði séu í húsinu, þar á meðal fyrir neðan íbúðir. „Það verður að gera hluti löglega og teikningarnar verða að koma fyrst.“ – khg

## Samgöngur um Mývatnssveit verði að bæta

**SAMGÖNGUR** Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að bæta samgöngur innan svæðisins á sveitarstjórnarfundum sínum í gær.

Í áskoruninni kemur fram að sérstök áhersla verði lögð á bundið slitlag, að flýta breikkun einbreiðra brúa yfir Skjálfafljót og Jökulsá á Fjöllum á Þjóðvegi 1 og tengingar milli byggða, til dæmis um Engidalsveg.

Samgöngumálin í sveitarfélaginu hafa verið til umfjöllunar í tengslum við skýrslu samstarfsnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjar-sveitar um sameiningu sveitarfélaga. Kosið verður um sameininguna þann 5. júní en helstu forsendur verða kynntar fyrir íbúum sveitarfélaga á næstunni.

„Þá leggjum sveitarstjórn áherslu á að öruggar samgöngur verði tryggðar innan svæðisins og við nærliggjandi þjónustukjarna, svo sem um Ljósavatnsskarð,“ segir í fundargerð sveitarstjórnarinnar.

– bb

## Notkun ópióíða meiri á Íslandi en Norðurlöndunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Notkun ópióíða er töluvert meiri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum samkvæmt talnabrunni unnum af Embætti landlæknis.

Á síðasta ári var ávísað heildarmagn ópióíða 20,8 dagskammtar á hverja þúsund íbúa á dag en það er svipað magn og síðustu tvö árin á undan. Hæst fór ávísað magn á dag í 25,2 dagskammta á hverja þúsund íbúa árið 2016.

Á árunum 2013-2016 jókst fjöldi þeirra sem nota ópióíða um rúm



Fleiri konur nota ópióíða en karlar.

nú prósent. Úr 185 einstaklingum á hverja þúsund íbúa í 202 einstaklinga. Síðan þá hefur þeim fækkað niður í 157 einstaklinga á hverja þúsund íbúa á þessu ári en það samsvavar 22 prósentu samdrætti.

Hlutfallslega eru flestir notendur 80 ára eða eldri og þá nota einnig fleiri konur ópióíða en karlmenn. Á síðasta ári fengu 184 konur af hverjum 1.000 ávísað ópióíðum á móti 131 karli.

Samdráttur í notkun ópióíða má að öllum líkindum rekja til breyt-

ingar á reglugerð um lyfjaávisanir og afhendingu lyfja árið 2017 sem hafði í för með sér að nú má að hámarki afgreiða 30 daga skammt af slíkum lyfjum í stað 100 daga skammts.

Þrátt fyrir samdrátt í notkun ópióíða hér á landi er notkun og sala þeirra enn hæst hér miðað við Norðurlöndin. Ástæðan er samkvæmt Embætti landlæknis sú að samdráttur hér hefur aðeins átt sér stað síðustu fimm ár en í um tvo ára-tugi á hinum Norðurlöndunum. – bjd

## Meta hvort heimilað skuli að skrá aðsetur í atvinnuhúsnæði

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun leggur til í nýrri skýrslu að metið verði hvort fólk megi búa í atvinnuhúsnæði sem uppfyllir kröfur um brunavarnir. Forseti ASÍ segir óleyfisbúsetu staðreynd á Íslandi meðan félagslegar lausnir skorti á húsnæðismarkaðnum. Slökkviliðsstjóri segir rýmingar koma reglulega upp.

**HÚSNÆÐISMÁL** Starfshópur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) leggur til að óleyfisbúseta verði kortlögð og metið hvort heimildir verði veittar til að skrá aðsetur í atvinnuhúsnæði sem uppfylli öryggiskröfur. Þetta kemur fram í skýrslu hópsins um brunavarnir sem skilað var inn til félagsmálaráðuneytisins í gær. Var þar sérstaklega tekið á óleyfisbúðum sem hefur fjölgað á undanförunum árum og talið er að allt að tvö prósent Íslendinga búi í slíkum íbúðum.

„Óleyfisbúsetan er staðreynd en okkur er umhugað um að eftirlit verði haft með henni,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ, sem tók þátt í starfshópi HMS. Hún segir þetta ekki aðeins snúast um brunavarnir heldur einnig réttindi fólks. Til dæmis til sorphirðu, húsaleigubóta og aðgengis barna að skólum. Allt þetta er í ólagi og engir þinglýstir húsaleigusamningar, dvelji fólk í ósamþykktu húsnæði.

„Á meðan við erum ekki með félagslegar lausnir á húsnæðismarkaðnum og byggjum það sem þarf að byggja verður þessi vandi til staðar,“ segir Drífa. Viðvarandi húsnæðis-skortur hefur verið hér undanfarin ár og húsnæðisverð hækkað um 40 prósent frá árinu 2015.

„Við þurfum einnig að hafa það í huga að þó að búseta sé ekki alltaf leyfileg þarf hún ekki alltaf að vera hræðileg. Það hjálpar ekkert að setja fólk út á guð og gaddinn,“ segir hún.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að til staði að rýma óleyfisbúðir með 35 leigjendum í Hafn-



Við Suðurrellu búa 35 manns í óleyfisbúðum sem gert verður að rýma eftir tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það hjálpar ekkert að setja fólk út á guð og gaddinn.

Drífa Snædal, forseti ASÍ



arfirði. Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir að rýmingar komi reglulega upp. „Aðalmálið er að fólk búi við fullnægjandi öryggi,“ segir hann.

Jón segir óleyfisbúsetu hafa töluvert áhrif á viðbragð slökkviliðsins. „Eins og staðan er í dag verðum við að gera ráð fyrir að fólk búi í atvinnuhúsnæði þegar kemur útkall,“ segir hann.

„Þetta kallar á að við þurfum að fara í nákvæma leit og lífbjörgunaraðgerðir strax í upphafi sem tefur

slökkvistarfið sjálft.“ Það getur tafið starfið þegar slökkviliði kemur inn í húsnæði þar sem búð er að koma fyrir milliloftum, veggjum eða öðru sem vanti á teikningar.

Í skýrslu HMS er lagt til að slökkviliðsstjóra og byggingarfulltrúa verði veittar heimildir til stjórnvaldssekta þar sem brunavarnir eru ekki í lagi. Bæði embættin hafa dagsektarheimildir en samkvæmt skýrslunni hafa þær ekki nýst vel.

kristinnhaukur@frettabladid.is



## Parket

Parki  
INTERIORS

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspölnu harðparketi og vinylparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**  
facebook.com/Parki.interiors



# Frábær tilboð meðan birgðir endast!

Fjór hjóladrífur, rúmgóðir og þrautreyndir við íslenskar aðstæður. Tryggðu þér **X-Trail** eða **Qashqai** á sértilboði meðan birgðir endast.



**AFSLÁTTUR**  
**700.000 KR.**

## Nissan X-Trail

Acenta+, dísil, fjór hjóladrífur, sjálfskiptur, 7 sæta

**TILBOÐSVERÐ:**  
**6.590.000 KR.**

Listaverð 7.290.000 kr.

**AFSLÁTTUR**  
**500.000 KR.**

## Nissan Qashqai

Acenta, dísil, fjór hjóladrífur, sjálfskiptur.

**TILBOÐSVERÐ:**  
**5.490.000 KR.**

Listaverð 5.990.000 kr.

 **NISSAN**  
INTELLIGENT  
MOBILITY

[www.nissan.is](http://www.nissan.is)

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

**Bílasala Akureyrar**  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

**BL söluumboð**  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**Bílasala Reykjaness**  
Reykjanesbæ  
[www.bilasalareykjaness.is](http://www.bilasalareykjaness.is)  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

**BL**

## Herða reglur á landamærunum

**ÞÝSKALAND** COVID-19 tilfellum fjölga ört í Þýskalandi þar sem ákveðið hefur verið að herða eftirlit á landamærunum.

Frá komandi þriðjudegi munu allir komufarþegar þurfa að sýna fram á vottorð um neikvætt próf.



Jens Spahn, heilbrigðisráðherra Þýskalands.

Þá hefur Frakkland verið skilgreint sem hættusvæði en þar greindust um 45 þúsund smitaðir síðasta fimmtudag. Frá sunnudeginum munu allir sem ferðast frá Frakklandi til Þýskalands þurfa að sýna vottorð um neikvætt próf og fara í tíu daga sóttkví.

Í Þýskalandi greindust yfir 22 þúsund ný tilfelli síðastliðinn fimmtudag, sem var tvö þúsund fleiri en deginum áður. – atv



Fólk stendur á vögnum við slystað.

## Tugir látnir eftir lestarslys

**EGYPTALAND** Að minnsta kosti 32 létust og 165 slösuðust í árekstri tveggja farþegalesta í Egyptalandi í gær.

Slysið átti sér stað í Sohag-héraði norðarlega í landinu. Samkvæmt héraðsýfirvöldum tóku óþekktir aðilar í neyðarhemla á annarri lestinni sem olli árekstrinum með þeim afleiðingum að þrjár vagnar fóru út af sporinu.

Abdel Fattah al-Sisi, forseti Egyptalands, sagði í færslu á Twitter að þeirra sem bæru ábyrgð í málinu biðu alvarlegar afleiðingar.

Lestarkerfi Egyptalands er eitt það stærsta í þessum heimshluta, en einnig gamalt og eru mannskæð slys þar algeng. – atv

## Verða af tugmilljónum vegna íbúafækkunar

**HAFNARFJÖRDUR** Hafnarfjarðarbær hefur orðið af 60 milljónum króna í útsvarstekjur vegna íbúafækkunar undanfarna fjórtán mánuði. Þetta kemur fram í svari til Óddu Maríu Jóhannsdóttur, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar.

Verði íbúafjöldinn óbreyttur á þessu ári eru áhrif útsvarslækkunarinnar 70 milljónir króna, en ef fólksfækkunin verður með sama hætti lækka tekjurnar um 42 milljónir til viðbótar. Hefði íbúafjöldun verið samkvæmt meðaltali mannfjöldaspár Aðalskipulags Hafnarfjarðar hefðu útsvarstekjur hækkað um 239 milljónir árið 2020.

„Það hefur verið óskaplega litíð framboð af húsnæði hérna,“ segir Adda. Hún reiknar með því að stórluti fækkunarinnar skýrist af því að uppkomin börn flytji úr foreldrahúsum í önnur sveitarfélög. Einnig vilji eldra fólk minnka við

„Það hefur verið óskaplega litíð framboð af húsnæði hérna,“ segir Adda. Hún reiknar með því að stórluti fækkunarinnar skýrist af því að uppkomin börn flytji úr foreldrahúsum í önnur sveitarfélög. Einnig vilji eldra fólk minnka við

Það hefur verið óskaplega litíð framboð af húsnæði hérna.

Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar



sig en finni ekki smærri íbúðir við hæfi. Það sé einsdæmi að fólki fækki í sveitarfélagi á suðvesturhorninu.

Á fundi bæjarráðs á fimmtudag lét meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks bóka að skráður íbúafjöldi gæti tekið talsverðum breytingum milli ára. Þá væri uppbygging í nýjum hverfum að skila sér núna í fjölgun og mætti reikna með sjö þúsund íbúa fjölgun næstu fimm árin. – khg

## Skipulagshindrun tefur nýjan loftslagsskóg í landi Skálholts

Skálholtskirkja stefnir á ræktun 120 hektara loftslagsskógar til kolefnisjöfnunar. Málið tefst því sveitarstjórn Bláskógabyggðar synjar um framkvæmdaleyfi. Sveitarstjóri segir skipulagsbreytingar nauðsynlegar áður en hægt sé að hefja skógrækt. Skálholtsbiskup segir skógræktina lið í stefnu þjóðkirkjunnar.

**UMHVERFISMÁL** Umfangsmikil skógrækt sem áætluð er í Skálholti tefst því sveitarstjórn Bláskógabyggðar synjaði um framkvæmdaleyfi.

Sótt var um leyfi til ræktunar svokallaðra loftslagsskóga á rúmlega 120 hektara landi í nyrsta hluta Skálholtsjarðar. Skógarnir eru hugsaðir til kolefnisjöfnunar. Verkefnið er unnið í samstarfi Skálholtskirkjustaðar, Skógræktar ríkisins og Kolviðarsjóðs.

„Það þarf að vera skilgreint í aðalskipulagi að svæðið sé skilgreint til skógræktar þannig það þarf að breyta því,“ segir Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.

Í fundargerð kemur fram að sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggist ekki gegn skógrækt á svæðinu en samþykki ekki framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt utan núverandi heimilda aðal- og deiliskipulags. Umrætt svæði er skilgreint sem landbúnaðarland.

Ásta segir sveitarstjórnina vilja vinna að þeim breytingum sem þarf til að koma skógræktinni á laggirnar en tekur þó fram að slíkar breytingar gætu tekið allt upp í hálf t.ár.

Kristján Björnsson, vigsjubiskup í Skálholti, tekur í sama streng:

„Ég myndi segja að þetta væri ekki alveg fullfrágengið. Við auð-

Það skiptir miklu máli að rækta upp skóga til kolefnisjöfnunar.

Kristján Björnsson, vigsjubiskup í Skálholti




vitað munum reyna að tala fyrir því að þetta verði. Það skiptir miklu máli að rækta skóga til kolefnisjöfnunar og þetta svæði er alveg frátekið í það,“ segir Kristján.

Að sögn Kristjáns er kirkjunni mikið í mun að taka þátt í kolefnisjöfnun fyrir samfélagið. Skógrækt sé liður í umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og stór þáttur í nýrri landnotkun eftir að hefðbundnum búskap lauk í Skálholti árið 2019.

Hluti landsins þar sem skógurinn er áætlaður er að hluta til fríðaður. Unnið er að endurheimt votlendis í Skálholti.

Jón Ásgeir Jónsson, skógfræðingur hjá Kolviðarsjóði og Skógræktarfélagi Íslands, segir að yfirleitt sé sótt um framkvæmdaleyfi áður en endanleg skógræktaráætlun er gerð svo tíma sé ekki eytt í óþarfa undirbúning ef leyfinu skyldi hafnað.

Jón Ásgeir segir fyrirhugaðan



Skógfræðingur hjá Kolviði segir að í loftslagsskóginum við Skálholtskirkju megi rækta furu og larki auk furu og aspar. Þar yrði fjölbreyttur skógur.

skóg munu verða fjölnytjaskógur sem verði opinn almenningi og eigi að þjóna útivistarhlutverki.

„Þetta yrði mjög fjölbreyttur skógur. Þarna eru lágir ásar sem eru með mosapembu og frekar rýrir, þar getum við verið með furu og larki, svo eru brekkur þar sem við

getum sett greni og ösp,“ segir Jón.

Samkvæmt Jóni mun fyrirhugaður skógur fyrst og fremst þjóna hlutverki kolefnisbindingar. Þó verður leyfilegt að fella eitt og eitt tré til nýtingar svo lengi sem það dragi ekki úr kolefnisbindingu skógarins. [thorvaldur@frettabladid.is](mailto:thorvaldur@frettabladid.is)



SSANGYONG



(5)

Fimm ára ábyrgð

4x4

KORANDO

Elskar íslenskar aðstæður

Komdu og sjáðu Korando. Hér er á ferðinni ótrúlega vel heppnaður sportjeppi sem er eins og sérhannaður fyrir Ísland.

- + 163 hestöfl / 280 Nm
- + 2WD eða 4WD
- + Hægt að læsa millikassa í 4WD

Verð frá: 4.390.000 kr.



BÍLABÚÐ BENNA  
KOLEFNISJAFNAR SSANGYONG

benni.is

Bilasala Suðurnesja  
Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Íb bílar  
Selfoss  
Fosnes A  
Sími: 480 8080

Bílaríkið  
Akureyri  
Lónsbakka  
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna  
Reykjavík  
Krókháls 9  
Sími: 590 2020

Bilabúð Benna

Sérfræðingar í bílum



EQA

# MINNA CO<sub>2</sub> MEIRA VÁ.

Náðu núllinu í útblæstri. Í 100% rafmögnum EQA sameinast glæsileg hönnun,  
mikið drægi og skilvirk hraðhleðsla. Öll helstu þægindi og meiri lúxus fyrir þig.  
Verð frá 6.790.000 kr.

Komdu og reynsluaktu.



## Neyðin



Jón Þórisson  
jon@frettabladid.is

Sagt hefur verið að sé maður með annan fótinn í sjóðandi vatni og hinn í ís hefði hann það að meðaltali harla gott.

Og segja má að við höfum það að meðaltali gott hér á landi. En það er með meðaltöl að þau segja ekki alla söguna. Í Fréttablaðinu í vikunni var fjallað um matarúthlutunar hjálparstærta. Þar kom fram að nú stefni í metaðsökn í matarúthlutun hjá Fjölskylduhjálpi Íslands. Í febrúar hefðu 2.200 heimili fengið úthlutað mat frá félaginu. Í mars stefni í að 2.500 heimili þurfi aðstoð af þessu tagi.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, segir í fréttinni að mun meira sé að gera í yfirstandandi mánuði en vant er. Hluti skýringarinnar kann að vera sú að í mánuðinum hafi staðið yfir páskaúthlutunir. Þá kemur fram að Fjölskylduhjálpin gæti ekki sinnt þessum heimilum öllum nema fyrir gjöf Kaupfélags Skagfirðinga, sem færði fram 40 þúsund máltíðir í lok síðasta árs. Ásgerður Jóna segir neyðina í febrúar meiri en tölur Fjölskylduhjálparinnar gefi til kynna og fjöldi fólks leiti til annarra hjálparstærta.

Í sömu frétt segir Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar að hún merki stórfellda aukningu í neyðaraðstoð frá því faraldurinn skall á og nefnir 40 prósent í því sambandi. „Það er búið að vera mjög mikið að gera hjá okkur alveg síðan COVID skall á með atvinnuleysi og slíku, en svo er alltaf meira í kringum páska og aðrar hátíðir,“ segir Vilborg.

Illt er til þess að hugsa að þúsundir heimila þurfi að neyðaraðstoð að halda til að geta dregið fram lífið í þessu landi allsnægt. Þá verður því ekki á móti mælt að faraldurinn sem allt skekur hefur gert líf þessa fólks óbærilegra en annars hefði verið.

Þetta er áleitid umhugsunarefni nú þegar nýlega er búið að stórhæða á takmörkunum með viðtækustu höftum sem gripið hefur verið til hérlandis frá því faraldurinn blossaði upp.

Í upphafi faraldursins var gripið til takmarkana til að halda álagi á heilbrigðiskerfið innan þolmarka. Það tókst. Þá óttuðust menn að veiran legðist þyngst á þá sem eldri eru og veilir fyrir. Sú varð raunin.

Nú gerir afbrigði veirunnar vart við sig sem smitast auðveldar og yngra fólk, jafnvel ungmenni og unglingar sýkjast fremur en af fyrra afbrigði. Það fólk er að jafnaði heilbrigðara og hraustara og tekst á við veikindi af meiri krafti. Samt eru lagðar þyngrar takmarkanir yfir land og lýð en áður hafa þekkt.

Aflahæfi fjölmargra fyrirtækja skerðist og þar með tekjur þeirra og fáar ráðstafanir sem þau geta gripið til aðrar en að segja upp fólki. Afleiðing þess kemur síðar fram en við því er að búast að atvinnuleysisstölur fari hækkandi í kjölfarið.

Stjórnvöld eru ekki í öfundsverðri stöðu. Minnisblöð sóttvarnalækna taka mið af sóttvörnum. Það eru önnur sjónarmið sem einnig þarf að hafa til hliðsjónar. Á það hefur hann sjálfur bent.

Við munum komast í gegnum þennan faraldur og kveða veiruna í kúttinn. Fátæktin og neyðin verður langvinnari.



**Minnisblöð sóttvarnalækna taka mið af sóttvörnum. Það eru önnur sjónarmið sem einnig þarf að hafa til hliðsjónar.**

## Aðalfundur BÍ 2021

Fimmtudaginn 29. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23

Aðalfundur Bláðamannafélags Íslands árið 2021 verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl n.k. að Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

## Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Skýrslur frá starfsnefndum  
Kosningar\*  
Lagabreytingar  
Önnur mál

**BÍ-félagar eru hvattir til að mæta**

\*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.

## Ath.:

Athygli er vakin á að vegna veirunnar, covid-19, og röskunar af hennar völdum, gæti komið til frestunar fundarins.

## Gunnar



## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Dans dægurflugunnar

Fréttir eru flugur. Í ljóðinu „Dagblaðið“ frá árinu 1785 líkir enska skáldið George Crabbe fréttum við örstutta ævi dægurflugunnar sem lifir aðeins einn dag.

Tilvist á tímum COVID er ekki ósvipuð. Hver dagur er lífshlaup, andleg ævi sem verður til úr fyrirsögunum fjölmiðlanna sem biða okkur þegar við vöknum. Verður dagurinn bjartur eða grár? Það ræðst af heitum ráðamanna, spádómum vísindanna, opnunum, lokunum, smittölum, vonum og vonbrigðum.

EKKI er langt síðan stjórnmálamaður hér í Bretlandi þar sem ég bý báðu fólk um að fresta jólnum fram til páska. Ef við yrðum við þeirri bön biði okkar eðlilegt ástand í apríl, tvöfaldur fögnuður í fadmi vina og ættingja; hátíð frelsarans yrði hátíð frelsisins. Uppátækjasamt athafnafólk tók að framleiða páskaþrú og páskaþrú svo sameina mætti hátíðirnar tvær. En í stað þess að nú gangi í garð tvær hátíðir renna tvær grímur á Breta, sem byrjaðir eru að skreyta páskaþrú sín. EKKI einn einasti gestur mun fá að berja dýrðina augum. Samfélagið er enn í allsherjar sóttkvi.

Við sveiflumst með fyrirsögnunum eins og strá í vindi. Í Bretlandi leggja stjórnmálamaður drög að því að framlengja bann við ferðalögum til útlanda langt fram á sumar. Sérfræðingar spá grímunotkun næstu árin. Þriðja bylgjan risi í Evrópu, sú fjórða á Íslandi. Vonin um sumarfrí í útlöndum á meðan andlitsgríman safnar ryki á hillu heima fyrir virðist að engu orðin. Bjartsýni sem fylgdi í kjölfar fréttu af bólu-efnum vikur nú fyrir bölmóði.

Það er erfitt að finna jafnvægi í hvidum fyrirsagna, hvað þá gleði í fjötrum sóttvarnareglna. Breski gamanleikarinn Michael Palin, sem margir þekkjast úr breska grínþáttum Monty Python, réði löndum sínum heilt í viðtali. Palin, sem er 77 ára, sagðist nýverið hafa fundið lykilið að hamingjunni: Hrífnæmi. „Þegar ég var yngri fannst mér dagarnir líða án þess að nokkuð markvert gerðist,“ sagði Palin. „En smám saman uppgötvaði ég að það var undir mér

sjálfum komið að fá eitthvað út úr dögnum, út úr lífinu.“ Palin segist reyna að bregðast við því sem verður á vegi hans af hlýju, hvort sem um ræðir útsýni, lagstúf, málverk eða símtal frá vini. Hann segist ekki leyfa sér að hugsa „æ, mér leiðist þetta“ eða „æ, ég hef séð þetta allt saman áður.“

Ný rannsókn vísindafólks við Kaliforníuháskóla styður kenningu Palins um að hrifnæmi stuðli að hamingju. Hellingi þátttakenda rannsóknarinnar var gert að fara í göngutúr í göngutúr. Hinum hellingnum var gert að fara í göngutúr en jafnframt svipast um eftir einhverju á göngunni sem vektu með þeim hrifningu; blómum, byggingum, skýjum. Eftir átta vikur bjó síðari hópurinn yfir meiri jákvæðni, samkennd og þakklæti en sá fyrri.

## Fyrirsagnir og sálarsveiflur

Samfélaginu hefur verið skellt í lás. En þótt efnisleg veröld okkar minnki getum við leyft hugum okkar að stækka.

Breski heimspekingurinn Bertrand Russell fann „leyndarmálið bak við hamingjuna“ tæpri öld á undan Michael Palin. „Leyfðu áhuganum að ná yfir víðan völl og mættu hlutum og einstaklingum sem vekja áhuga þinn af hlýju frekar en úlfúð,“ skrifaði Russell.

Dægurflugan lifir stutt. Augnablikið sem henni er gefið einkennist hins vegar af ákafa; dægurflugan ver bróðurparti ævi sinnar dansandi.

Á morgun rennur upp nýr dagur, ný andleg ævi, spottin upp úr nýjum fyrirsögunum með tilheyrandi sálarsveiflum. En ef marka má Palin og Russell veltur hamingjan ekki á raunstærð tilverunnar heldur sjónarhorninu.

Hrífumst. Dönsun inn í daginn, þótt ekki sé nema á náttfötunum heima, með augun opin, tilbúin að falla í stafi yfir öllu því smáa sem vakið getur lotningu ef við aðeins mætum tilverunni af hlýju og áhuga. Því það er ekki aðeins líf dægurflugunnar sem er stutt.



# Rafmögnuð tilvera

**Sterkur, tímalaus og einstakur**

Audi Q7 e-tron er umhverfismildur tengiltvinnbíll. Þú kemst flestra þinna daglegra ferða á rafmagninu eða allt að 48 km. skv WLTP en í lengri ferðum tekur bensínvélín við. Mættu nýrri árstíð með grænni samvisku.



## Audi Q7 55 TFSI e Design

**Verð 12.790.000 kr**  Tengiltvinnbíll

Búnaður í Design umfram staðalbúnað er meðal annars samlitun, dökkar rúður að aftan, nálgunarvarar, hiti í stýri, lyklalaust aðgengi, snertilaus opnun og lokun á afturhlera, dráttarbeisli, 20" álfelgur, stillanleg loftþúðafjöðrun, krómpakki og Matrix LED ökuljós.



Veldu uppáhaldsbílinn og taktu hann frá á [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)

Fylgdu okkur!



[www.audi.is](http://www.audi.is)



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Frumkvöðullinn Frappart.

## Heldur áfram að ryðja veginn

**FÓTBOLTI** Franski dómari Stephane Frappart heldur áfram að skrifa nafn sitt í sögubækurnar en í dag verður hún fyrsta konan til að dæma leik í undankeppni HM í karlaflokkki. Frappart verður á flautunni þegar Hollendingar taka á móti Lettlandi í Amsterdam en degi síðar mun Kateryna Monzul, úkraínskur dómari, leika það eftir þegar hún dæmir leik Austurríkis og Færeyja.

» Það verða konur að dæma tvo daga í röð í undankeppni HM.

Frappart hefur verið að ryðja veginn fyrir kvendómara með því að verða fyrsta konan til að dæma leiki í Meistaradeild Evrópu, úrslitaleik í Evrópukeppni ásamt því að dæma reglulega leiki í Evrópu deildinni þetta árið.

Þá dæmdi Frappart úrslitaleik HM í kvennaflokkki árið 2019 en Monzul sem hefur einnig dæmt í Evrópu deildinni og Þjóðadeild UEFA dæmdi úrslitaleik HM í kvennaflokkki árið 2015.

Í tilkynningu FIFA kemur fram að þetta sé liður í því að koma fleiri kvendómurum á leiki í karlaflokkki en á dögnum sá hin brasilíska Edina Alves Batista um að dæma leik á HM félagsliða. – kpt

# FIFA sýni mannréttindum stuðning í orði en ekki á borði

Mannréttindasamtök halda áfram að þrýsta á forsvarsmenn FIFA um að koma til leiðar breytingum á vinnulöggjöf í Katar og vinnuumhverfi verkamanna sem byggja leikvanga við ómannúðlegar aðstæður fyrir HM sem haldið verður þar í landi á næsta ári. Leikmenn eru farnir að lýsa yfir stuðningi sínum.

**FÓTBOLTI** Leikmenn þýska karlandslíðsins í knattspyrnu mættu í bolum með skilaboðunum „Human rights“ fyrir leikinn gegn Íslandi á fimmtudagskvöldið. Leikurinn var í undankeppni HM sem fram fer í Katar árið 2022. Vildu þeir þannig sýna stuðning við þá verkamenn sem hafa látið lífið við vinnu við að byggja leikvanga fyrir mótið í Katar.

Þýska liðið fetaði þar í fótspor Noregs sem gerði slíkt hið sama fyrir leik fyrir í vikunni.

„Heimsmeistaramótið er fram undan og það verður haldið í Katar. Það verða umræður um mannréttindamál í aðdraganda keppinnar og við vildum sýna hvar við stæðum í þeim málum með því að mæta í þessum bolum. Við vildum sýna það í verki að þetta væri mál sem við tökum alvarlega og okkur er ekki sama um mannréttindi verkafólks sem er við störf í Katar. Við erum í aðstöðu til þess að koma boðskapnum á framfæri til mikils fjölda fólks og setja fordæmi fyrir aðra.“ sagði Leon Goretzka, leikmaður Þjóðverja, eftir leikinn.

Lokakeppni heimsmeistararnótsins hefst í Katar 21. nóvember á næsta ári en það vakti athygli þegar Katar hafði betur í samkeppni við Ástralíu, Bandaríkin, Japan og Suður-Kóreu í kosningunni. Undir eins heyrðust raddir um mútuþægni innan FIFA fyrir atkvæði háttsettra aðila í kosningunni.

Í gegnum tíðina hafa UEFA og



Þjóðverjar sendu skýr skilaboð fyrir leikinn gegn Íslandi til FIFA og mótshaldara í Katar. FRÉTTABLAÐID/GETTY

» Áætlað er að mótið kosti Katar um 220 milljarða bandarískra dollara.

FIFA fett fingur út í það að leikmenn eða forráðamenn liða séu með pólitísk skilaboð af einhverju tagi. Alla jafna er þjóðum refsað fyrir slíkt en FIFA hefur gefið það út að Norðmönnum verði ekki refsað. Fram kom í tilkynningu FIFA að sambandið styddi tjáningarfrelsið, að því gefnu að boðskapurinn væri göfugur, eins og hann er í þessu tilfelli.

Katarska undirbúningsnefndin svaraði þessum fregnum með yfir-

lýsingu um að hún harmaði dauðsföllin sem hefðu átt sér stað. Þá hafa katörsk stjórnvöld látið hafa eftir sér að dánartíðni verkamanna í landinu sé í eðlilegu samræmi við fjölda þeirra sem vinna í greininni og fólksfjölda í landinu.

Þessu eru mannréttindasamtökin Amnesty International ekki sammála og fyrir í vikunni þrýstu samtökin á FIFA að efna loforð sín um að bæta vinnulöggjöf og vinnuáðstæður verkamanna sem vinna við byggingu mannvirkja í tengslum við mótið í Katar.

Gianni Infantino, forseti FIFA, svaraði þeirri beiðni með því að taka undir að til skjótra og markvissra aðgerða þyrfti að gripa eins

fljótt og auðið er. FIFA var tilbúið að færa mótið aftur til vetrarmánaða til að hægt yrði að spila í Katar vegna hitastigs en verkamönnum, sem vinna allan ársins hring við hitastig og aðstæður sem varla geta talist mannúðlegar, er ekki hægt að sýna smá tillitssemi. Leiða má líkur að því að hjartaáföll einhverra verkamanna eigi rót sína að rekja til þess að þeir hafi unnið í hita og undir óhóflegu álagi.

Katarar eru að byggja sjö nýja leikvanga til þess að hýsa mótið. Þar að auki hafa innviðir samfélagsins verið bættir til muna til að undirbúa komu fjölmargra ferðamanna til landsins sem fylgir mótum á borð við HM. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Tveir nýliðar í fyrsta hóp Þorsteins

**FÓTBOLTI** Þorsteinn H. Halldórsson hefur valið fyrsta leikmannahóp sinn sem þjálfari íslenska kvenlandslíðsins í knattspyrnu en liðið leikur vináttulandsleik við Ítalíu ytra 13. apríl næstkomandi.

Þorsteinn velur tvo nýliða í verkefnið en það eru Telma Ívarsdóttir og Hafrún Rakel Halldórsdóttir sem leika báðar með Breiðabliki. Telma er þannig að leysa Sonný Láru Þráinsdóttur af hólmi bæði hjá Blikum og landsliðinu en Sonný Lára lagði hanskan á hilluna síðastliðið haust.

Ingibjörg Sigurðardóttir, leikmaður Válerenga, fékk ekki leyfi frá félaginu til þess að mæta í verkefnið vegna sóttvarnareglna sem gilda í Noregi þessa stundina.

Þá er Kristín Dís Árnadóttir, leikmaður Breiðabliks, meidd. Barbára Sól Gísladóttir, sem er á láni hjá Celtic frá Selfossi, og Svava Rós Guðmundsdóttir, sem leikur með Bordeaux, eru svo nýstignar upp úr meiðslum. Þær voru af þeim sökum ekki valdar í þetta verkefni.

Aðrir leikmenn sem Þorsteinn hafði hug á að velja í hópinn voru hins vegar klárir í slaginn. Berglind Rós Ágústsdóttir, sem gekk til liðs við Örebro frá Fylki undir lok síðasta árs, og Guðrún Arnadóttir, leikmaður Djurgården, hljóta náð fyrir augum þjálfarateymisins. Berglind Rós, sem er afar fjölhæfur leikmaður, hefur leikið einn landsleik. Guðrún, sem leikur alla jafna sem miðvörður og er með átta



Miðvörðurinn Glódís Perla leikur 90. leik sinn, gegn Ítalíu. MYND/MLZS.HU

» Sjö leikmenn af 23 í leikmannahópnum leika fyrir íslensk lið.

landsleiki á bakinu hefur ekki átt fast sæti í landsliðinu undanfarin ár. Steft er að því að spila tvo vináttulandsleiki í júní og svo hefst undankeppni fyrir HM 2022 í september næstkomandi. – hó

**OREO**

**GOTTERÍ MED OREO!**  
TAKTU ÞÁTT Á OREO.IS

**GLÆSILEGIR VINNINGAR**



# Aukin þjónusta við eldri borgara



Við bjóðum eldri borgurum, sem ekki hafa tök á að nýta sér Íslandsbankaappið eða netbanka, að hringja í okkur í sérstakt **símanúmer 440-3737** fyrir alla helstu bankaðjónustu.

**Góð þjónusta breytir öllu**



# TAX FREE



## SCOTT

Hornsófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur í þremur litum, koníaksbrúnu, steingráu og dökkgráu. Sterkir fætur úr svörtu járn. Hægra eða vinstra horn (ekki færánlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm.

**225.798kr.** ~~279.990kr.~~

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

11 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

11 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

[www.husgagnahollin.is](http://www.husgagnahollin.is)  
558 1100

Upplýsingar í auglýsingunni  
eru birtar með fyrirvara um  
prentvillur.

# TAXFREE DAGAR

27. MARS TIL 3. APRÍL

# AF ÖLLU\*

\*nema af IITTALA, BITZ, SKOVBY eða sérpöntunum.



\* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



Eva María með páskaskel fulla af gotti. Hún segir hertar takmarkanir koma sér illa fyrir veislubjónustur en er bjartsýn á komandi vikur.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN

# Preppar pottþétt páskakruðerí

Páskarnir eru handan við hornið og því er tilvalið að fá sérfræðiálit á því hvernig best sé að úða í sig sætindum um hátíðirnar. Eva María Hallgrímsdóttir, eigandi Sætra Synda, hefur nóg um málið að segja og býður uppskrift að bollakökum í páskabúningi.

Þótt fjölmargir Íslendingar séu enn í afneitun yfir tilvist páska-kanínunnar leyndar íttök hennar í samfélaginu sér ekki. Á hvert tætur landinn í sig hvern sætindahjúpin á fætur öðrum í þeirri von að máls- hátturinn sem leynist undir niðri boði einhvers konar friðþægingu sálar. Á meðan fylgjast tannlæknar landsins spenntir með úr skýja- borgum sínum.

„Hefðir eru skemmtilegar og stór hluti af því er þegar fjölskyldur gera hluti saman, hvort sem það er að setjast niður á aðfangadag eða opna páskaegginn sín á páskunum og njóta saman,“ segir Eva María Hallgrímsdóttir, eigandi Sætra

Synda um þessa eggjafíkn Íslendinga. „Það er um að gera að halda í svona hefðir.“

Á undanförunum árum hefur páskaeggjaflóran á Íslandi sprungið út og í dag er líklega hægt að finna glútenlaust egg með undirtónum af aspás ef leitað er vel. „Mér finnst ótrúlega gaman að sjá allar þessar nýjungar í páskaeggjunum,“ segir Eva. „Ég er mikið fyrir lakkrís, pipar og karamellu, en í ár varð Appolló lakkrís páskaeggjið fyrir valinu og ég er spennt að prófa það.“

Páskarnir eru annasamir hjá Sætum Syndum og í fyrra fékk Eva hugmynd sem sló rækilega í gegn. „Sérskreyttu páskaegginn okkar eru ótrúlega skemmtileg hugmynd sem ég fékk í fyrra, og hefði aldrei gengið



## ÞAÐ ER UM AÐ GERA AÐ HALDA Í SVONA HEFÐIR.

nema með samstarfi okkar við Góu,“ segir hún. „Þau senda okkur tóm, óskreytt egg, en við búum til skreytingapakka sem inniheldur nammi til að setja í og utan á eggjið. Svo má ekki gleyma unganum. Það er ótrúlega gaman að sjá hug-

myndaaflið hjá krökkunum, en við höfum til að mynda séð hákarla, skrímsli og alls kyns furðuverur.“

Þótt ótrúlegt megi virðast hefur Eva þó aldrei útbúið heilt heimagera páskaegg sjálf en Sætar Syndir bjóða upp á svokallaða páskaskel – hálf egg, fyllt af makkarónum, karamellubitum og alls konar göd-gæti. „Páskaskelin er tilvalinn eftir- réttur á páskadag,“ segir Eva, sem var svo væn að hleypra Fréttablaðinu í skemmtilega uppskrift með leið- beiningum að páskalegum bolla- kökum sem fólk getur dundað sér við að gera heima í páskafríinu.

Eva fagnar því að páskarnir séu fram undan þótt hertar sam- komutakmarkanir hafi sett stórt strik í reikninginn annað árið í

röð. „Þetta eru auðvitað vonbrigði fyrir alla hvort sem við erum að tala um fólk í landinu eða fyrir- tækin þar sem þetta hefur áhrif á alla. Síðasta ár var mjög erfitt rekstrarlega séð þar sem veislu- höld voru lögð af en við náðum að koma okkur í gegnum þetta með nýjum áherslum og hugmyndum,“ segir hún. „Síðustu vikur hafa verið mjög góðar og fram undan voru okkar stærstu mánuðir, fermingar, útskriftir og svo brúðkaup en nú er allt í lausu lofti. Við verðum bara að vera bjartsýn og vona það besta og finna aðrar leiðir til að halda rekstr- inum gangandi þar til veisluhöld hefjast á ný. Við erum búin að gera þetta áður og getum þetta aftur.“  
[arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)

### Vanillubollakökur u.þ.b. 18 - 20 stk.

- 250 g sykur
- 135 g smjör við stofuhita
- 2 egg
- 250 hveiti
- 1,5 tsk. vanilludropar
- 1 tsk. lyftiduft
- 4 msk. mjólk

Hitið ofninn í 200°C. Hrærið smjör og sykur saman þar til orðið létt og ljóst og bætið síðan eggjum saman við, einu í einu. Blandið hveiti og lyftidufti saman í skál og sigtið blönduna þrisvar sinnum. Bætið hveitiblöndunni saman við smjör- blönduna í smáum skömmtum ásamt mjólkinni og hrærið vanillu saman við í lokin. Skiptið deiginu í bollakökuform og bakið í um 18 mínútur, passið að fylla ekki formin meira en 2/3. Leyfið kökunum að kólna áður en kremið er sett á þær.

### Vanillusmjörkrem

- 250 g smjör (við stofuhita)
- 410 g flórsykur
- 2 msk. rjómi
- 2 tsk. vanilludropar

Smjör, flórsykur, rjómi og vanillu- dropar hrært vel saman í 3 mínútur. Hægt að nota aðrar bragðtegundir í stað vanilludropa.

### Páskabollakökur

**Skref 1:** Bakið bollakökur sam- kvæmt leiðbeiningum.  
**Skref 2:** Hrærið í smjörkrem, litíð kremið með grænum matarlit og setjið svo videigandi stút í sprautu- poka til að gera gras-mynstur úr smjörkreminu. Stútur nr. 234 frá Ateco eða nr. 233 Wilton hentar vel í þetta. Stútana og matarlitinn má fá í Allt í köku eða Hagkaup og eru auðþekktanlegir af mörgum litlum götum.



**Skref 3:** Haldið sprautupokanum lóðrétt nálægt bollakökunni og dragið pokann rólega upp svo það myndist gras mynstur úr smjörkreminu. Þekið bollakökuna alveg að ofan með smjörkreminu með þessari aðferð.  
**Skref 4:** Komið fyrir litlum páska- eggjum ofan á bollakökurnar fyrir miðju. Hægt er að notast við t.d. Mini Eggs frá Cadbury's eða poka af HARIBO LAKRIDSÆG, þessi egg fast í flestum matvöruverslunum.  
**Skref 5:** Fyrir þá sem vilja gæti verið gaman að bæta við sætum kanínu- eyrum úr sykurmassa. Þá er hægt að notast við videigandi kökumót eða frihendis og skera út hvítan og bleikan massa. Næst er bleiki mass- inn settur ofan á þann hvíta og tyllt lóðrétt ofan á bollakökurnar fyrir miðju. Þá eru bollakökurnar tilbún- ar, einfaldar, fallegar og bragðgóðar auk þess sem þær eru skemmtileg borðskreyting fyrir fjölskylduna og gesti yfir páskana.



**POTTURINN STEFNIR Í**

**18**

**MILLJÓNIR**

  
þægilegt  
í appinu

  
inná  
lotto.is

  
eða næsta  
sölustað



**LEIKURINN OKKAR**



Silja Hauksdóttir leikstjóri segir gjöfult að segja sögur af konum sem séu jafn köflóttar og hún sjálf en ekki alltaf sterkar, fullkomnar og gallalausar valkyrjukonur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Köflóttar konur

Leikstjórinn **Silja Hauksdóttir** segist hafa gaman af því að segja sögur af konum. Sérstaklega eftir að hún áttaði sig á því að þær mættu vera ófullkomnar eða jafn drulluköflóttar og hún sjálf og flest lifandi fólk er.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



Nú um páskana verður frumsýnd ný þáttaröð, Systrabönd, í leikstjórn Silju, en hún er framleidd af Sagafilm fyrir Sjónvarp Símans og Viaplay í samstarfi við Sky Studios á Bretlandi.

„Það er gaman að vera inni í þessari gerjun sem er, virðist vera, í sjónvarpsheiminum. Ég hef á tilfinningunni að hún hafi aukið þol okkar áhorfenda gagnvart ólíkum frásagnarleiðum og hegðun. Það er komið meira leyfi til að brjóta áður fastmótadar reglur og við sem áhorfendur virðumst tilbúin í alls konar slaufur og útúrdúra sem í gamla daga þóttu kannski ekki eftir bókinni. Ég held að landslagið sé að verða opnara gagnvart fjölbreytileika, fjölmenningu, konum í ýmsum myndum, öllum kynjum og fólki af öllum gerðum. Þar fram eftir götunum.“

## Kvenvinsamleg þróun

Silja segir þessar breytingar í sjónvarpsefni vera til komnar vegna nauðsynlegra viðhorfsbreytinga í heiminum sem áhorfendur séu að fá beint í æð í gegnum sjónvarpsseriur.

„Við höfum nú aðgang að svona skálduðum veruleika með einu klikki. Sjónvarpsseriur hafa í kjölfarið öðlast meiri viðurkenningu sem dýrmætt listform, sem er okkur öllum mikilvægt og nálægt. Það verður því vonandi minni poppstjörnuháttur og minni úrvalshyggi með tímanum og þessi þróun held ég að sé kvenvinsamleg.“ „Þetta er svona vinsamleg yfirtaka,“ segir hún. Aðspurð hvort þetta skipti hana máli svarar hún ákveðin: „Þetta skiptir mig máli og þetta skiptir okkur öll máli.“

## Drulluköflóttar konur

Silja sem var einn handritshöfundur og leikstjóri kvikmyndarinnar Agnes Joy, sem sló í gegn árið 2019 og var framlag Íslendinga til Óskarsverðlauna nú í ár, hefur í gegnum tíðina verið dugleg við að segja sögur af konum.

„Mig langar að segja sögur

kvænna. Sérstaklega eftir að ég gaf sjálfri mér leyfi til að segja sögur af alls konar konum og áttaði mig á því að það væri ekki frumskylda mín sem leikstjóra, sem mér fannst dálítið svona framan af, að ég þyrfti að gera það sama hvort mér líkaði betur eða verr. Svo varð það svo gaman þegar ég áttaði mig á því að ég mætti gera það, en þyrfti þess ekki.

Eftir að ég fattaði að mér ber heldur ekki skylda til að búa til sterkar, fullkomnar og gallalausar valkyrjukonur, heldur mega þær vera jafn drulluköflóttar og ég sjálf og flest lifandi fólk er. Það er gjöfult að geta miðlað slíkum sögum,“ segir Silja með áherslu.

## Áföll og vandamál erfast

En aftur að Systraböndum, þáttunum sem eru skrifaðir af þeim Jóhanni Ævari Grimssyni og Björgu Magnúsdóttur, en eftir nokkurra ára yfirlegu kom framleiðandi Sagafilm, Tinna Proppé að máli við Silju og það hana að leikstýra verkinu og tók þá við áframhaldandi vinna með höfundum, ásamt Jóhönnu Friðríku Sæmundsdóttur sem kom einnig inn í teymið.

Silja segir söguna snerta vissar taugar hjá henni, en hún fjallar um þrjár æskuvinkonur sem neyðast til að takast á við dimma fortíð sína.

„Talandi um köflóttar konur – þá eru þessar það svo sannarlega. Þær eru gerendur í ofbeldismáli og skýrari verða mistökinn varla. Það var einna helst þessi yfirhylling sem heillaði mig, að lifa í svona mikilli skömm sem þú gengst ekki við og hvaða djúpstæðu áhrif það hefur á þig, líf þitt og allra í kringum þig. Við veltum því mikið fyrir okkur í skrifferlinu, hvernig áföllin og vandamálin erfast milli kynslóða og hversu skemmandi áhrif þau hafa þegar þau eru ekki tekin upp og skoðuð. Hvað það að reyna að fela eitthvað getur flækt lífið og það verður mjög skýrt í þeirra tilfelli. Þetta var líka ágætis speglun og hvati til að minna mig og vonandi aðra á að drífa sig bara að gangast

við mistökum og skoða það sem við höfum lent í. Það er svo óökónómískt að eyða tíma í að fela þau,“ segir Silja og hlær.

Þegar hún er spurð út í hvað hún hafi farið að endurhugsa svarar hún: „Ég er bara alltaf að endurhugsa allt. Það er kannski aðaláhugamálið mitt, það ferðalag. Núna get ég næstum tekið nótu fyrir þessari endurhugsun og kallað það vinnu. Því meira sem ég velti upp einhverju rugli hjá sjálfri mér, því betri er ég í vinnunni og öfugt. Ég reyni að vera dugleg að fylgjast með mér og það er líka ógeðslega gaman að vinna svona í sér,“ segir Silja, sem er dugleg að vinna í andlegu og líkamlegu hlíðinni enda meðvituð um að þær tvær haldist í hendur.

„Ég get samt ekki hreyft mig nema það sé gaman. Það er ekki næg gulrót fyrir mig að ég eigi að gera það, það er ekki nægilegur hvati til lengri tíma.“

## Laus við hamingjupressuna

Silja segir að miðað við harm heimsins sé vandi hennar svo mikið hjóm að það tók hana tíma að viðurkenna að hún mætti tala um hann.

„Þegar ég svo áttaði mig á því að stórt fyrir mér ætti að vera nóg fyrir mig til að gera eitthvað í því, þá fór ákveðin stífla. Í kjölfarið gat ég farið að taka á hlutunum af þeim þunga sem þeir eiga skilið og takast á við verkefni sem lífið er sífellt að færa manni, og þau eru oft risastór.“ Silja segir jafnframt lífið hafa orðið auðveldara og skemmtilegra þegar hún áttaði sig á því að það þyrfti ekki alltaf að vera gaman, það mætti stundum vera líka erfitt, leiðinlegt og þínu glatað.

„Það er fint að vera í sátt við það og setja ekki á sig of mikla hamingjupressu. Að geta sætt sig við að sumt sé einfaldlega drulluerfitt og vita að það þurfi ekki endilega strax að laga það eða fixa. Það þýðir heldur ekki að það geti ekki á sama tíma verið myndið, skrytið eða stórkostlega ósmekklegt og hörmulega frábært.

Ég held við séum oft aðeins of



**ÉG HELD VIÐ SÉUM OFT AÐEINS OF ÁNÆGJUUPPTEKIN, ÞAÐ Á ALLT AÐ VERA SVO ÁNÆGJULEGT. EN MÉR FINNST EINMITT SVO GAMAN AÐ SKOÐA ÞAÐ SEM ER ÞAÐ EKKI.**

ánægjuupptekin, það á allt að vera svo ánægjulegt. En mér finnst einmitt svo gaman að skoða það sem er það ekki. Svo erum við líka eitthvað skökk með að halda að það sé allt svo ánægjulegt hjá öllum öðrum,“ segir Silja og talið berst að þeim eilífa samanburði sem við í dag lifum við í gegnum samfélagsmiðla.

„Auðvitað hefur það áhrif ef þetta er það eina sem þú sérð. Við fáum svo skakkar myndir. Við getum ekki látið það koma okkur á óvart að börn verði fyrir útlitsdýrkunaráhrifum þó við séum ekki endilega að búa þau til heima hjá okkur. Það er bara til heilt júnivers af áhrifum og það er dálítið ógnvænlegt.“

## Fannst hún hvergi passa

Silja hefur undanfarna tvo áratugi skrifað handrit og leikstýrt, en spurð að því hvaðan þörfin fyrir að segja sögur komi, á hún ekki svar. „Ég byrjaði snemma á að láta fólk horfa og hlusta á mig, með öllum þeim ráðum sem ég fann. Ég held ég hafi alveg verið plássfrekt barn. Mamma og pabbi segja að ég hafi

# KRONAN

Allt fyrir

# páaska veisluna!

Gleðilega páaska

Ferskt  
lambalæri  
með gómsætri  
marineringu

Kalkúnaskip í salvíusmjöri

**3989** kr.  
kg

Mmm ...  
Fullkomnir í  
sósuna!

Flúða sveppir í boxi

**346** kr.  
pk.

Lambalæri, marineruð

**1699** kr.  
kg

Ferskar kryddjurtir 28 g

**339** kr.  
pk.

Nautalund erlend, frosin

**2989** kr.  
kg

**OPIÐ ALLA  
PÁSKANA!**

Sjá nánar á  
[kronan.is](http://kronan.is)



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

verið algjört ljós en ég held að þau séu annað hvort með Stockholm syndrome eða í smá tráma. Ég held ég hafi bara verið vesen,“ segir hún með léttri áherslu.

„Ég var bæði týpan sem fór upp á borð og var með læti en líka alveg týpan sem skreið undir borð þegar það var einhver góð frænka í heim-sókn, til að hlera. Þá heyrði ég sér-hvert orð og svo hékk ég í leyni í stigum á náttkjól og leitaði allra leiða til þess að hlera og hlusta á full-orðna fólkið. Ég veit ekki hvort þau viti þetta en ég hleraði líka símtólin þeirra, landlínan var vinur minn og ég var orðin góð í að láta ekki heyra í mér þegar ég lyfti símtólinu hinum megin,“ rifjar hún upp hlæjandi.

Silja kynntist leiklistarstarfi í Menntaskólanum við Hamrahlíð og segir að þá hafi eitthvað smellið hjá henni. „Það var gaman að kyn-nast einhverju sem ég tengdi við og snerist um eitthvað nýtt, tilfinningar og texta, sögur, spuna, raddir og í rauninni fjölbreytileika. Ég var seinþroska og frekar asnalegur unglingur sem fannst ég hvergi passa, ég hélt að ég ætti aðallega að vera sæt og til friðs en tókst það að eigin mati illa, en í gegnum leiklistarstarf opnaðist heill heimur.

#### Stjúpforeldrahlutverkið flókið

Silja er í sambúð með Dýra Jóns-syni og eiga þau saman eina dóttur, Æsu, fimm ára, en fyrir átti Dýri þrjá syni. Silja hafði verið einhleyp um hríð þegar vinkona hennar, þekkjandi þau bæði, stakk upp á að þau drægju sig saman.

„Ég hafði kannast við Dýra síðan í menntaskóla en svo fékk vinkona okkar þá hugmynd að við værum góð saman. Hún deildi með mér þessari hugmynd, ég útilokaði hana ekki og var opin fyrir því að máta hana aðeins við mig.

Við Dýri hittumst svo stuttu seinna í partýi og ég hafði dregið gyðjuspil fyrir um kvöldið með vinum mínum, sem var mjög hvetjandi spil, þannig að ég dró andann djúpt, komin með leið á því að hafa þetta sem eitthvað opið mál, og gekk skjálfaði upp að honum og tók hann á löpp. Hann reyndist vera rosa opin fyrir þeirri hug-mynd,“ rifjar Silja upp á sinn ein-staka hátt.

„Svo þegar við vorum að labba samferða heim rann upp fyrir honum ljós og hann áttaði sig á að ég væri stelpa sem vinkonan hafði nefnt við hann. Hann hafði séns á að stoppa þarna en ákvað sem betur fer að gera það ekki,“ segir hún og hlær. Silja var barnlaus en Dýri eins og fyrr segir fadir þriggja drengja.

„Ég hafði áður verið í sambúð með manni sem á börn og vissi fyrir fram að það getur bæði verið yndislegt og flókið í senn. Það stækkar lífið dásamlega en þetta stjúpforeldrahlutverk er samt alls ekkert einfalt. Ég vissi það en verð að viðurkenna að ég pældi ekki mikið í því. Það vantaði allan efa í þetta mál. Við vorum bæði viss og vitlaus. Og sem betur fer veit maður ekki fyrr en maður er byrjaður á svona framkvæmdum hversu mikið mál þær geta orðið,“ segir Silja, en þessa stundina standa þau Dýri einmitt í framkvæmdum á nýju framtíðarheimili fjölskyldunnar.

#### Ég er að reyna mitt besta

Aðspurð segist Silja ekki hafa mikið leitt hugann að barneignum en hún hafi alltaf haft tilfinningu fyrir því að hún myndi eignast börn seint á lífsleiðinni. „Ég hafði ekkert fyrir mér í því en með þessu bjó ég til rosalega litlar væntingar og þælingar hjá sjálfri mér. Eins og þetta væri bara einhver fasti sem ég tók aldrei upp né velti fyrir mér hvort ég vildi breyta þessu eða hvort ég væri sátt.

En svo fór ég í partý og þæng, reyndi við mann og þæng, byrjaði með honum og þæng, varð ólétt,“ segir hún í léttum tón. „Þetta gerðist svolítið mikið þæng. Við byrjuðum að búa sama ár og við hittumst og Æsa kom í heiminn tveimur árum og tveimur dögum eftir þetta orlagaríka kvöld. Þetta



Silja segir stjúpmóðurhlutverkið bæði yndislegt og flókið en hún á þrjá stjúpsyni með Dýra, sambýlismanni sínum. Saman eiga þau svo eina dóttur, Æsu sem er fimm ára, en Silja var orðin fertug þegar dóttirin kom í heiminn.



Kvikmyndin Agnes Joy í leikstjórn Silju var framlag Íslands til Óskarsverðlauna, en hún segir Óskarinn í sínum huga eins og einhyrninga fyrir börnum.

var því ágætlega nýttur tími,“ segir Silja, sem fór af stað í fæðingu á fertugsafmælisdaginn sinn.

Eins og heyrna má for sambandið hratt af stað og fjölskylda Silju margfaldaðist á mettima. „Miðað við að við vorum ekki tvö um þá

ákvörðun að bræða saman líf okkar, þá vorum við kannski svolítið snögg að þessu,“ segir hún einlæg.

„Ég er að reyna mitt besta og það lítur alls konar út. En við erum heppin, því þetta eru hjartahlýir og góðir strákar sem eiga góða for-

eldra. Þeir eru líka að reyna sitt besta svo ég er heppin að hafa ekki mætt andsnúnu viðhorfi. Það eru allir að reyna að láta þetta ganga, sem er gott, því það er áttak að bræða saman fjölskyldu og ég finn mig siendurtekið í þeirri stöðu að



#### ÞAÐ STÆKKAR LÍFIÐ

#### DÁSAMLEGA EN ÞETTA

#### STJÚPFORELDRAHLUT-

#### VERK ER SAMT ALLS

#### EKKERT EINFALT. ÉG VISSI

#### ÞAÐ, EN VERÐ AÐ VIÐUR-

#### KENNA AÐ ÉG PÆLDI EKKI

#### MIKIÐ Í ÞVI. ÞAÐ VANTAÐI

#### ALLAN EFA Í ÞETTA MÁL.

þurfa að skoða eitthvað hjá sjálfri mér þegar ég rekst á hindranir í því.

#### Mósaikfjölskyldumynstur

Það að vera í foreldrahlutverki er krefjandi og þú ert aldrei sátt við þig nema þú sinnir því af heilum hug og þú ert alltaf til í að draga allt sem þú gerir í efa og finnst þú ekki gera nóg, eða eitthvað vitlaust. Mér finnst þetta mjög afhjúpanði hlutverk. Svona mósaikfjölskyldur eins og mín eru mjög algengt fjölskylduform á Íslandi. Og um það fjallar einmitt næsta bíómynd sem ég er að skrifa með Snjólaugu Lúðvíksdóttur handritahöfundu, vaxtarverkir nýrrar fjölskyldu sem verður til svona á seinni stigum. En sú saga er líka algjör skáldskapur, og mun meira djúsi og dramatísk, myrkari og skrytnari en líf mitt, sem betur fer.“

Vinnuorka Silju hefur að hennar sögn verið há undanfarin ár, en hún var nýkomin úr mastersnámi þegar hún fór í tölur á Agnesi Joy. Á síðasta ári var svo Kópavogskrónika sem Silja vann leikgerðina að ásamt Ilmi Kristjánssdóttur og leikstýrði, frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og í næstu viku hefst eins og fyrr segir þáttaröðin Systrabönd í Sjónvarpi Símans.

#### Tökurnar ákveðin hvíld

„Tarnirnir þekki ég og skil. Mér finnst þær finar enda er líka ákveðin hvíld að fara í tölur. Þú ferð ekkert í Bónus á meðan, tekur ekki upp gluggapóstinn og þú heldur ekki matarboð. Þú ert allavega með góða afsökun fyrir því að vera léleg í hversdagslífinu og þannig er þetta í rauninni smá fri líka.“

Silja segir tímabilin inn á milli flóknari. „En ef maður ætlar sér ekki að missa þrekið og gleðina verður maður að stinga í samband og hlaða feitt inn á milli og það er stundum dældið flókið að muna eða finna út úr hvernið ég geri það.“

#### Einhyrningur og glimmer

Talið berst aftur að kvikmyndinni Agnesi Joy sem valin var sem framlag Íslendinga til Óskarsverðlaunanna þó það hafi ekki endað með tilnefningu.

„Ég er mjög stolt af Agnesi Joy og það var yndislegt að finna viðbrögðin við henni. En að tala um Óskarinn í tengingu við mig og þessa mynd finnst mér þínulítið eins og að ræða einhyrninga við börn. Ég á enga rauntengingu við þetta og þetta er ekki partur af mínum raunveruleika. Ég er hvorki að taka það niður né upphefja það, þetta er bara einhyrningur, glimmer í ævintýri,“ segir Silja, en hlær að því að fólk hafi ekki endilega gert greinarmun á því hvað er framlag Íslands til Óskarsins og því að fá svo Óskarstilnefningu.

„Svo í hundrad og tuttugasta skiptið sem einhver óskaði okkur til hamingju með Óskarinn, þá hætti ég bara að leiðrétta og sagði bara takk – ég er þá alla vega búin að fá hann einu sinni,“ segir hún hlæjandi að lokum.



# ELLINGSEN.IS

Fiskislóð 1, Reykjavík / Óseyri 4, Akureyri / 580-8500 / Síðan 1916 / [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)

\*Gildir eingöngu í herra- og dómudeild - TAX FREE jafngildir 19,36% afsættari - Líósmynd: InaHögna / inahogna.is

Hér sést vel hvernig stofa, borðstofa og eldhús tengjast, vel nýtt rými og svartlakk-aðir loftbit-arnir brjóta það smekklega upp. Þórunn setur páskakökuna á borðið en hún segir nauðsynlegt að hafa fallega köku á veisluborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN KARLSSON



# Langþráður draumur

Þórunn Högnadóttir og fjölskylda hafa búið sér sælureit í Grímsnesinu. Með sinni einstöku lagni nýtti Þórunn flestallt sem fylgdi bústaðnum en gaf hlutunum nýtt útlit með málningu og lakki. Nú eru páskarnir mættir í Grímsnesið í öllu sínu veldi.

Björk  
Eiðsdóttir  
bjork@frettabladid.is



Við keyptum húsið sem þá var staðsett í Munaðarnesi, í fyrrasumar og hugsuðum það til flutnings,“ útskýrir Þórunn, en húsið var svo flutt í september á lóð sem þau höfðu fest kaup á í Grímsnesinu. „Tveimur mánuðum síðar sváfum við fyrstu nóttina, svo það var mikið gert á stuttum tíma.“

Þórunn segir það lengi hafa verið draum fjölskyldunnar að eignast bústað og þau hafi lengi leitað að réttu lóðinni. „Við vildum helst ekki vera meira en klukkutíma frá Reykjavík svo þessi staðsetning er fullkomin.“

## Gaf gömlu nýtt útlit

Með húsinu fylgdu húsgögn, ísskápur, uppþvottavél og fleira. „Ég sá fljótt að það væri hægt að gefa þessum húsgögnum nýtt útlit. Ég lækkaði borðplötuna og stólana svarta, bæsaði borðfæturna, lækkaði eldhúsinnréttinguna, uppþvottavélina, ísskápinn og ofnana og stóru krakkarnir okkar sáu svo um að lakka allar hurðar, glugga og bita í loftinu, allt með sama lakkinu frá Slippfélaginu,“ útskýrir hún, en þau máluðu bústaðinn jafnframt svartan að utan.



**BADHERBERGIÐ ER SVO NÆST Á DAGSKRÁ SEM OG AÐ KLÁRA PALLINN Í KRINGUM HÚSIÐ. ÞAÐ ER ALLS KONAR EFTIR, OG EKKERT STRESS ÞANNIG.**

„Við vorum með alls konar hugmyndir varðandi húsið en fengum svo frábærar hugmyndir frá Ingu og Kristínu í Magnolíu, sem við unnum svo með. Punkturinn yfir i-ið voru svo fellitjöldin frá Skermi, þau ramma inn allt í húsinu, alveg einstaklega falleg.“

Bústaðurinn er vel nýttur og hefur fjölskyldan varið þar hverri helgi frá því í nóvember. „Við elskum að vera þarna. Heiti potturinn er mikið notaður, sérstaklega af yngstu dótturinni. Badherbergið er svo næst á dagskrá sem og að klára pallinn í kringum húsið. Það er alls konar eftir, og ekkert stress þannig,“ segir Þórunn létt og bætir við: „Vorid er fram undan, bara gaman.“

Fleiri myndir frá innlitinu má finna á [frettabladid.is](http://frettabladid.is) undir Langþráður draumur.



Uppdekkad páskaborð Þórunnar. Glervasar, krans, páskskraut, egg og kerti á borði frá versluninni Magnolia, hörserviettur, dúkar og diskar frá H&M Home.



Gleðilega páska! Eggin eru frá versluninni Magnolia, hörserviettur, dúkar og diskar frá H&M Home.



Lifandi greinar og stílhreint skraut setja skemmtilegan svip á fagurlega uppdekkad páskaborðið hjá Þórunni.



Stofa og borðstofa eru samtengdar. Sófa og viðarborð fékk Þórunn í Heimili og hugmyndum, svarti stóllinn er úr IKEA, mottan undir borðstofuborðinu er frá Magnolia og léttar gardinurnar fann Þórunn í versluninni Skermir.



Í barnaherberginu er himnasæng og ljós frá versluninni Dimm, rúmið úr Epal og stóllinn frá Söstrene Grene.

# STARFSEMI Á ÁRINU 2020



**13,8**  
MILLJARÐAR KR.  
Í LÍFEYRISGREIÐSLUR



**8,75%**  
HREIN  
RAUNÁVÖXTUN



**491**  
MILLJARÐAR KR.  
HREIN EIGN



**20.034**  
VIRKIR SJÓÐFÉLAGAR

## HELSTU TÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

BREYTINGAR Á HREINNI EIGN	í milljónum kr.	
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar	2020	2019
Iðgjöld	18.709	19.336
Lífeyrisgreiðslur	-13.840	-12.382
Hreinar fjárfestingartekjur	55.268	53.439
Rekstrarkostnaður	-772	-717
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>	<b>59.365</b>	<b>59.676</b>
Hrein eign frá fyrra ári	432.029	372.353
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>491.394</b>	<b>432.029</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR	í milljónum kr.	
Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar	2020	2019
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	233.249	189.675
Skuldabréf	242.862	227.146
Bundnar bankainnstæður	3.918	4.494
Aðrar fjárfestingar	13	14
Kröfur	2.641	2.930
Handbært fé og rekstrarfjármunir	9.236	8.316
Skuldir	-525	-546
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>491.394</b>	<b>432.029</b>

KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDAR	2020	2019
Nafnávöxtun	12,69%	14,19%
Hrein raunávöxtun	8,89%	11,21%
Hrein raunávöxtun, 5 ára meðaltal	5,01%	4,93%
Hrein raunávöxtun, 10 ára meðaltal	5,53%	4,74%
Rekstrarkostnaður / meðalstaða eigna	0,16%	0,17%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	16.014	15.805
Fjöldi lífeyrisþega	15.300	14.568
Fjöldi stöðugilda	27,8	27,0
Tryggingafræðileg staða	-0,41%	-1,81%

### Stjórn


Hrönn Jónsdóttir, formaður  
Pálmar Óli Magnússon, varaformaður  
Davíð Hafsteinsson  
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir

Guðrún Jónsdóttir  
Hilmar Harðarson  
Jón Kjartan Kristinnsson  
Þóra Eggertsdóttir

**Framkvæmdastjóri**  
Ólafur Sigurðsson

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn 19. maí næstkomandi.


## SKIPTING FJÁRFESTINGA SAMTRYGGINGARDEILDAR 2020




Þar af verðbréf og innlán í erlendri mynt 34,5%.

## SÉREIGNARDEILD OG TILGREIND SÉREIGNARDEILD

Hrein eign séreignardeildar var 17,7 milljarðar kr. í árslok 2020.



Hrein eign tilgreindrar séreignar var 1,6 milljarðar kr. í árslok 2020.





**Eva Einarsdóttir er góður kokkur en lætur aðra um baksturinn.**  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

# Matarplönin minnkuðu röflið

**Eva Einarsdóttir** gefur í haust út stemnings-matreiðslubók þar sem áhersla verður á viðburði auk þess sem Eva kynnir vikumatarplön sem hún segir að hafi breytt lífi sínu og allrar fjölskyldunnar. Uppskriftirnar eru allar vegan eins og Eva sjálf hefur verið í mörg ár.

Lovisa Arnardóttir  
lovisaa@frettabladid.is



**E**va Einarsdóttir, kynningarstjóri og fyrrum borgarfulltrúi, stefnir á það í haust að gefa út sína fyrstu matreiðslubók. Hún segir að það hafi verið lengi á döfinni en alltaf hafi eitthvað verið sem stöðvaði hana.

„Ég hef deilt uppskriftum í blöð um en aldrei verið tilbúin að ganga alla leið og gefa út bók. Það er auðvitað mikil skuldbinding og slatti af vinnu auk þess sem það felur í sér ánægju frekar en fjárhagslegan ávinning. Ég hef mikla trú á að hlusta á það hvenær rétti tíminn er, því þetta á auðvitað að vera skemmtilegt ferli. Núna fann ég sterkt í mér að tíminn væri kominn,“ segir Eva.

Hún byrjaði með matarblogg í fyrsta fæðingarorlofinu sínu, en hætti því þegar hún varð, að hennar sögn, ofhlaðin störfum.

„Þá hætti ég að láta inn á síðuna en ég er alltaf að elda og prófa eitthvað nýtt,“ segir Eva, sem segir að nú noti hún Instagram í stað bloggins. Miðillinn sé þægilegur fyrir matreiðslu og hún sé dugleg að deila þar inn efni sem sé matartengt.

„Ég set inn skrefin sem þarf að fylgja,“ segir Eva.

## Uppskriftir tengdar viðburðum

Hún segist lengi hafa hugsað um það hvernig bókin ætti að vera uppsett og hafi oft skipt um skoðun en sé núna lent á hugmynd sem hún er mjög spennt fyrir.

„Þetta er stemningsbók þar sem að í stað hefðbundinna kafla er boðið upp á hugmyndir tengdar ákveðnum viðburðum.

Ég er í bókaklúbbi, matarklúbbi og spilaklúbbi og þannig yrði kannski einn kaflinn alveg tengdur því hvað ég býð upp á í spilaklúbbum. Ég útskýri hverjir eru í boðinu og er með eitthvað þema, sem væri kannski ítalskt og auðvitað vegan,“ segir Eva.

Hún segir þannig að ef fólk fái hugmynd um að halda bröns geti það fundið góðar leiðbeiningar um það í einum kafla bókarinnar.

„Þá er allt á einum stað og uppskriftunum myndu fylgja persónulegar sögur og myndir úr viðburðum sem tengjast gestunum,“ segir Eva.

Hún segir að annað sem verði lögð áhersla á í bókinni sé vikuplan sem hún hafi byrjað að nota fyrir um þremur árum síðan.

„Það hefur minnkað allt röfl á heimilinu og það er ótrúlega gott að halda sig við það eins vel og maður getur.“

## Sama plan en ólíkir réttir

Hún segir planið nokkuð fast á

hennar heimili eftir þessi þrjú ár, en það geti verið vandasamt á stóru heimili að þóknast öllum um leið, en á heimili Evu eru þrjú börn á aldrinum tveggja til fjórtán ára. Hún segir að með því að vera með vikuplan og halda sig við það viti þó allir hvað er fram undan og þótt þeim þyki maturinn ekki góður einn daginn þá viti þau að vikuna á eftir verður eitthvað sem þeim líkar.

„Alltaf á mánudögum er súpa, sem er kannski ekki vinsælasti dagurinn, en börnin vita það. Þau eru með ólíkan smekk og því er kannski rauðleit súpa eina vikuna og svo grænleit súpa næstu vikuna. Svo á þriðjudögum er pasta, miðvikudögum afgangar og á fimmtudögum alþjóðlegt og pítsur á föstudögum,“ segir Eva og bætir við:

„Ég er því miður eina súpukonan á heimilinu og svo er ég með vandræðalegt blæti fyrir því að gera súpu sem er bæði ódýr og fljótleg og fólk hefur mjög gaman af því á Instagram.“

Hún segir að með því að vera með alþjóðlega flokkinn þá verði maturinn fjölbreyttur og fólk fái ekki leið á dagskránni. Helgarnar nýtir hún svo til að prófa sig áfram og segir að maðurinn hennar, Eldar Ástþórsson, sé hennar helsta tilraunadýr.

Eva deilir með lesendum nokkrum alþjóðlegum uppskriftum.



**Bulgur er meginuppistaðan í Tabouleh.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mið-Austurlönd heilla



**Gulræturnar eru heilsteiktar.**

## Heilsteiktar gulrætur

- 6-8 stykki gulrætur, fallett ef misstórar, jafnvel mislitar
- 3-4 dl gular linsur
- 2 dósir af góðum, hökkuðum tómötum.
- 2 dl sjóðandi vatn
- 1 grænmetisteningur
- 2 msk. rauðvinsedik (eða annað edik)
- 2 laukar
- 2-3 hvítlauksrif
- 3 stjörnuanisar
- 2 kanelstangir
- 1 tsk. sinnepsfræ
- 2 tsk. ferskt engifer
- 1 tsk. túrmerik
- 1 tsk. cumin
- ½ - 1 tsk. chiliflögur
- ½ tsk. negull
- 1 msk. hlynsiróp
- Salt og pipar
- Smá af ferskum kóriander og steinselju

Léttsteikið lauki, stjörnuanis, negulstangir og sinnepsfræin. Leggjið gulræturnar heilar á pönnuna, bara þrifa þær, ekki skera endana af. Steikið á meðalhita í ca. 3 mínútur. Bætið við linsunum, engifer og öllu kryddi nema salti og pipar. Ef þið eigið ekki allt kryddið, iss, skiptir ekki öllu. Steikið áfram í nokkrar mínútur. Hellið svo yfir grænmetissoði og blandið saman, að því loknu tómötunum, sírópi og ediki. Látið malla, minnst klukkutíma. Því lengur, því betra. Berið fram á fati, leyfið gulrótunum að njóta sín og stráið kóriander og steinselju yfir.

## Tabouleh

Ég ákvað að hafa þetta tabouleh frekar einfalt og með minna af ferskum kryddvörum en ella, þannig að hinn rétturinn njóti sín betur. Það er alltaf gott að eiga bulgur, sem er meginuppistaðan. Þær minna á kúskús, sem er hægt að nota ef þú átt ekki bulgur.

- 4 dl bulgur
- 8 dl vatn
- 1 dl ólífuolía
- 3-4 msk. sitrónusafi
- Lúka af ferskri steinselju og ferskri mintu
- Salt og pipar

## Til að setja yfir

- Pistasíuhnetur
- Ferskt rósakál (má sleppa)

Hitið vatn og salt og fáið upp suðu. Hellið bulgur út í og fáið aftur upp suðu, setjið á lægri hita og leyfið að malla í 10-12 mínútur. Takið svo af hellu, hellið smá ólífuolíu yfir og leyfið að kólna. Hrærið saman ólífuolíu, sitrónusafa og smátt skornum kryddjurtunum og hellið yfir og hrærið. Berið fram með auka sitrónusneidum og stráið yfir pistasíuhnetunum, rósakáli og smá af kryddjurtum.



**Mið-Austurlandaveisla í boði Evu.**

## Sitrónu- og karrý fennel

- 2 fennel
- Ólífuolía
- 1 sitróna
- 1 tsk. karrí
- Smá salt

Hreinsið fennel, skerið í strimla, hitið olíuna, léttsteikið, sáldrið karrí yfir, svo sitrónusafa og salti í lokin.

## Mezze-plattinn


- Döðlur
- Ólífur
- Rauðir piparbelgir
- Vegan chorizo
- Purrkaðar apríkósar
- Súrar gúrkur
- Möndlur
- Reyktur vegan ostur

Uppteknar konur kaupa svo tilbúinn hummus, grænan pikkláðan chili og snakk sem ég kaupi alltaf hjá Zorbian.



**Mezze-plattinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





# VERÐVERND



**Þú færð  
ódyrara páskaegg  
hjá okkur, annars  
endurgreiðum  
við mismuninn\***

**Gildir til 5. apríl.**

**\* Gildir aðeins fyrir páskaegg frá  
Nóa, Freyju og Góu.  
Gildir ekki um páskaegg nr. 1  
Sýna þarf kvittun samdægurs.  
.....**

## EXTRA



*Kemur með Costco til þín...*

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Kaupangur, 600 Akureyri • Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ

# Út fyrir kassann

Sigmundur Ernir Rúnarsson



## Skringilegar manneskjur



Höfundur er sjónvarpsstjóri Hringbrautar, sem rekinn er af Torgi, sem jafnframt gefur út Fréttablaðið.

**K**ári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er sjaldnast að flýta sér þegar leiðir okkar liggja saman í sjónvarpsútsendingu. Oft og tíðum er á honum að heyra að viðtalsefnið sé aukaatriði, en hitt skipti meira máli, að malda svolitíð um sögur og ljóð, lengi vel, svo og lífið sjálft eins og það hefur verið höndlað af ráðvilltu fólki í ranglátum heimi.

Hann vill meina að fréttaviðtöl komi og fari – og fráleitt verði þeim jafnað saman við fegurstu tilþrif mannhugans – en þar sé komið miklu áhugaverðara umtalsefni. Segir Kári.

Á þessu var ekki nokkur undantekning þegar fundum okkar bar saman um miðja þessa viku vegna samtals okkar í sjónvarpi um síðustu vendingar í sóttvarnaaðgerðum stjórnvalda. Sem fyrr fór mestur tíminn í að tala saman um bókmenntir, bæði fyrir og eftir fréttaviðtalið. Og heldur var það á dýptina eins og stundum áður – og nú um margvíslega mannflórana, nefnilega mikilvægi þess að vera ekki eins og fólk er flest, heldur maður sjálfur, sannarlega með kostum sínum og göllum, bliðlyndinu og breyskleikanum, afrekunum og áföllunum.

Einsleitni samfélaga væri ómöguleg – og í öllu falli ekkert sérstaklega áhugaverð. Því ætti hver og einn að njóta sinna sérkenna, leyfa sér að vera hann sjálfur, fremur en að fela karakter sinn eða fletja hann út. Og einmitt, koma til dyranna eins og maður er klæddur.

Svo benti hann á sjálfan sig: „Ég hef oft borgað það háum prís að vera skringilegur maður,“ og það brá fyrir kunnuglegu skelmisglotti á vörum þessa vörpulega vísindamanns. „En þannig er ég náttúrulega, sérlandaður,“ jataði hann góðfúslega. „Ekki svo að það hafi háð mér,“ bætti hann við með betra augað dregið í pung. „Því hitt hef ég óttast öllu meira, að vera venju-



**HEIMTINGIN UM NORMALÍSERINGU SAMFÉLAGSINS ER AÐ VERÐA BÝSNA HÁVÆR; AÐ ALLT SÉ STEYPT Í SAMA MÓTIÐ, AÐ ALLIR GANGI Í TAKT.**

legur maður eins og þú.“

Og þetta leiddist honum ekki að segja. Ekki honum Kára.



Því er á þetta minnst að umburðarlyndið fyrir kynlegum kvistum hefur heldur verið á undanhaldi á síðustu tímum. Ég hef verið hugsi yfir því. Og er sennilega ekki einn um það. Enda er breytingin til hins verra. Það er eins og plássíð fyrir tilveru sérvitringa hafi minnkað mjög og skroppið saman.

Allir eigi að vera eins.

Sem er stórhættulegt.

En umræðan er á eina vega. Ekkert má lengur vera ódrúvísi, hvað þá afbrigðilegt eða út úr kú. Kostulegu fólki og kyndugu – öllum okkar yndislegu skringimönnum – er ekki

ætlað sama sviðið og áður. Og því er oftast vísað út úr húsi en inn í stofu.



Ógleymanlegar eru mér stundirnar við litla eldhúsbordíð heima á Melum í Víkursveit á Ströndum norður þar sem gömlu bændurnir ræddu alvörumálin inni á hornbekknum, með malandi kolaeldavélina við hlið sér, sem ósaði svo til heimilislega, ásamt því að ylja þeim um kroppinn.

Íðulega var talað um öðruvísi fólk. Allan þann mannskap í sveitinni sem batt bagga sína öðrum hnútum en átti að heita alvanalegt. Þar risu sögurnar hæst. Og fóru sumar með himinskautum. „Já, hann var nú sérstakur maður, alveg hreint sérlega eftirminnilegur sérvingur,“ var þar haft að viðkvæði, af ápreifanlegri hlýju, gott ef ekki væntumþykju og virðingu, eftir að enn ein sérkennilega manngerðin fékk pláss í hugum þessara öldnu manna við ysta haf, Munda frænda og Sigmundar afa.

Það sem þeir gátu malað. Um sérviturt fólk.

Og sögurnar sátu í munni, af því að sérstæða fólksins, sem þær fjölludu um, var svo mikil og skýr. Og þar var komið mikilvægi þess.

Enn er það ljóslifandi fyrir hugskotssjónum mínum hvað þeim þótti vænt um skringilegt fólk. Því án þess, akkurat án þessa sérstæða fólks, hefðu þeir ekkert haft að kjafta um.



Harla mikið er nú fússumsveiað um fólk sem fer ekki í sömu fötin og meðaljóninn á morgnana. Eða greiðir sér eins og geðslagið segir því hverju sinni.

Skrytna fólkið er ekki lengur mikilvægt. Það er búið að taka það úr kryddhillunni í krafti kórréttar umræðu. Og ber nú nýrra við, því ekkert er að því að tala niður til þess, skrifa um það öðrverra.

Og allra verstir eru vesalingarnir sem sitja uppi með einkennilegar skoðanir, nú á tímum nefndar óeðlilegar skoðanir, eða skrattakollinn óæskilegar skoðanir.



Heimtingin um normaliseringu samfélagsins er að verða býsna hávær; að allt sé steyppt í sama mótið, að allir gangi í takt, troðna stíginn – og ráfi ekki út í lausamölinna, hvað þá út í móa. Krafan um að allir séu sömu skoðunar er krotuð núna stærra letri en sést hefur áður í samfélaginu, að menn tali tilhlýðilega, noti réttu orðin – og að meiningin sé þægilega vönduð, tilhlýðileg. Jafnvel tilkallið um að banna skoðanir er ekki lengur úr lausu lofti gripið.



Man eitt eftirminnilegra samtala sem ég hef átt við Vigdísí Finnbogadóttur í sjónvarpi. Fyrir mörgum árum, raunar áratugum. Þar var hún að lýsa einni fyrirmyndanna í lífi sínu, íslenskri alþýðumanneskju, óvenjulegri verkakonu sem hafði ekki vikið úr minni hennar: Af því að í þessari konu „voru svo margar vistarverur“, eins og Vigdís orðaði það.

Einmitt, manneskja margra vistarvera.

Sérstök, eftirminnileg.



Á fjórutíu ára starfsferli mínum sem rithöfundur og sjónvarpsmaður – og raunar alþingismaður um tíma – hefur mér lærst að lífið er alls konar. Og ég hef fyllst þakklæti og aðdáun yfir því hvað mannlífslóran er undursamlega fjölbreytt og skrautleg.

Sterkustu og ógleymanlegustu samtölin hafa verið við fólk sem hefur ekki tapað sérkennum sínum og stendur með sjálfu sér, hvernig svo sem lífsgjöfin hefur verið í laginu – og hvað svo sem hún hefur geymt.

Og skrytið fólk er skemmtilegt. Eftirsóknarvert. Yndislegt. Og alveg er það dásamlegt að einn skuli vera eins og hann er – á meðan annar er allt öðruvísi. Og þannig eigum við einmitt að hafa leiksvið lífsins. Áhugavert, umfram allt hrifandi, kitlandi. Og til þess þarf fólk að öllu lagi.

Páskablað Hjálparstarfs kirkjunnar

# MARGT SMÁTT ...



1. tbl. 2021



## Tækifæri er allt sem þarf!

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk sem býr við fátækt á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Starfið snýst um að fólkið fái tækifæri til að lifa með reisn. **Við sendum þér 2.400 króna valgreiðslu í heimabankann** svo þú getir hjálpað þeim sem nú þurfa á því að halda.

**Takk fyrir stuðninginn!**

# Við trúum á líf fyrir dauðann!

Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar trúum því að innra með hverjum manni búi ótrúlegur styrkur. Það sem hver og einn þarf er tækifæri til að dafna, láta til sín taka og standa á eigin fótum. Við trúum nefnilega á líf fyrir dauðann.

Tækifæri þitt til að gefa getur orðið tækifæri annars til að byggja upp líf sitt. Þess vegna stendur Hjálparstarf kirkjunnar enn einu sinni fyrir páskasöfnun. Send er **2.400 króna valgreiðsla í heimabanka** landsmanna en einnig er hægt að leggja inn á **söfnunarreikning 0334-26-050886, kt. 450670-0499**, eða hringja í **söfnunarsíma 907 2002 og 907 2003** og leggja með því 2.500 krónur til starfsins.

Á Covid-tímum hefur samtakamáttur og samhugur sannarlega komið í ljós. Vel hefur til tekist að halda smiti í lágmarki, en enn er ekki sigur í höfn. Þó að tekist hafi að þróa bóluefni er bólusetning rétt nýhafin á Íslandi og

er langt á eftir í verkefnalöndum okkar. Nauðsynlegar takmarkanir hafa leitt til atvinnumissis og minni tekna. Lokunmarkaða og takmörkun á vöru- og fólksflutningum í verkefnalöndum hefur orðið til þess að tekjur bænda og fólks með smárekstur hafa minnkað.

Einnig sýna rannsóknir að heimilisofbeldi og kynbundið ofbeldi hefur aukist á heimsvísu á tímum faraldursins og að barnabruðkaupum hefur fjölgað. Brýnt er að rjúfa einangrun, vinna að mannréttindum, gefa tækifæri til réttláts lífs. Það gerum við í starfi á Íslandi og verkefnalöndum okkar.

Markmið með öllu starfi Hjálparstarfs kirkjunnar er að gefa fólki á Íslandi og í verkefnalöndum okkar, Indlandi, Úganda og Eþíópíu, tækifæri til betra lífs. Nú hefur þú tækifæri til þess að vera með í því.

Bjarni Gíslason,  
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



  
**Hjálparstarf kirkjunnar actalliance**

**Framkvæmdastjóri:**  
Bjarni Gíslason  
**Margt smátt ...**,  
fréttablað,  
1. tölublað 2021,  
33. árgangur  
**Ritstjóri:**  
Kristín Ólafsdóttir

**Forsíðumynd:**  
Porkell Þorkelsson ljósmyndari tók myndina af skólastúlku á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Sómalífylki í Eþíópíu. Stúlkur þar fá nú sérstaka aðstoð svo þær geti haldið áfram í skóla eins og drengirnir.

















**Myndir á bls 6-7:**  
Hreinn Hákonarson (nema mynd af starfskonum)

**Myndir á bls 8, 9 og 10:**  
Porkell Þorkelsson (nema mynd af ljósmyndasýningu)

**Aðrar myndir:**  
Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar

**Prentvinnsla:**  
**Umbrot:**  
Pipar \TBWA  
**Prentun:**  
Ísafoldarprentsmiðja

## ÞÖKKUM STUÐNINGINN

 Akureyrarbær	 Alvogen	 Alþýðusamband Íslands	 VÍNBUÐIN
 BBA // FJELDCO	 Brostu Tannlæknastofa	 BYKO GERUM PETTA SAMAN	 Deloitte.
 EFLING STÉTTARFÉLAG	 ergo		 FASTEIGNASALAN TORG
 GRANÍT STEINAR	 GA SMÍÐAJÁRN Stærkir í stálínu síðan 1970	 HAPPDRETTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings	 HP GÁMAR
 LAXÁ FISKAFÖÐUR - SÍÐAN 1991 -	 FUGLAR HUGBÚNADARHÚS	 HRINGRÁS ENDURVINNSLA	 HS VEITUR



# Tækifæri til að lifa með reisu!

Birtingarmynd fátæktar er ekki sú sama á Íslandi og í Eþíópíu. Á Íslandi eru börn sem búa við fátækt meðal annars útsett fyrir félagslegri einangrun og einmanaleika en á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu kemur sárafátækt m.a. í veg fyrir að stúlkur geti sótt skóla.

Allt okkar starf – hvort sem það er hér heima eða á verkefnasvæðum erlendis – miðar að því að fólkið sem við störfum með fái þann stuðning sem þarf svo það geti skapað sér tækifæri til að lifa farsælu lífi.

## Hjálpumst að!

### Við leitum nú til þín um stuðning við starfið!



**Þú getur hjálpað með því að ...**

gerast Hjálparliði á [www.hjalparstarfkirkjunnar.is](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is)

greiða valgreiðslu í heimabanka, 2.400 kr.

hringja í söfnunarsíma 907 2002 og 907 2003 og greiða 2.500 kr.

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670 0499



1970 • 2020

**Hjálparstarf kirkjunnar**  
actalliance

*með þinni hjálp!*

# Í hverju felst efnisleg aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar? Og fyrir hvern er hún?



Á Íslandi felst aðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar við fólk sem býr við fátækt fyrst og fremst í því að fólkið fær inneignarkort fyrir matvöru, notaðan fatnað og aðstoð við lyfjakaup. Sérstök áhersla er lögð á að styðja börn svo þau geti stundað íþróttir, listnám og tómstundastarf með jafnöldrum sínum og ungt fólk fær aðstoð svo það geti haldið áfram námi.

Frá því í byrjun apríl 2020 og fram til marsmánaðar 2021 hefur þeim fjölgað um 40% sem leita til Hjálparstarfs kirkjunnar um efnislega aðstoð miðað við sama árstímabil á undan. Beiðnum um aðstoð fjölgaði enn frekar fyrir síðustu jól eða um 45% miðað við umsóknir sem bárust í desember 2019. Alls nutu 1.865 fjölskyldur aðstoðar fyrir jólin 2020 en fjölgunina má rekja til fjárhagsvanda fjölskyldna af völdum kórónuveirufaraldursins.

Efnisleg aðstoð Hjálparstarfsins felst fyrst og fremst í því að fjölskyldur fá inneignarkort fyrir matvöru. Með inneignarkortinu fer fólkið sjálft í búðina og hefur val um matarföng fyrir fjölskylduna. Þá taka sjálfboðaliðar Hjálparstarfsins á móti fólki og aðstoða það við að finna sér fatnað í fatamiðstöð Hjálparstarfsins.

Fatnaðurinn sem þar er hefur Hjálparstarfið að mestu fengið að gjöf frá almenningi. Í neyðartilfellum og með ströngum skilyrðum aðstoðar Hjálparstarfið einnig einstaklinga við að leysa út lyf.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur ríka áherslu á velferð barna en börn sem búa við fátækt eiga á hættu að einangrast félagslega sökum efnaleysis. Hjálparstarfið veitir því foreldrum grunnskólubarna sem búa við kröpp kjör stuðning svo börnin geti tekið þátt í íþrótt- og tómstundastarfi með jafnöldrum sínum. Nemendur í framhaldsskólum fá einnig stuðning svo bágur fjárhagur komi ekki í veg fyrir að þeir geti lokið námi sem veitir þeim starfsréttindi eða rétt til lánshefís náms.

Sóttvarnarreglur sem tóku gildi þann 25. mars sl. setur starfinu strangar skorður enn á ný og eru umsækjendur um aðstoð hvattir til að panta tíma hjá félagsráðgjafa í síma 5284400 milli klukkan 10 og 15 virka daga í stað þess að koma á skrifstofuna.

Einnig er hægt að sækja um aðstoð á heimasíðu okkar [www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/neydaradstod](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/neydaradstod).

Aðstoðinni er ætlað að svara skyndilegri félagslegri neyð enda er það skylda stjórnvalda að tryggja framfærslu fólks í félagslegum vanda til lengri tíma. Allur stuðningur er veittur án tillits til trúar- og lífsskoðana, þjóðernis, litarháttar eða kyns þeirra sem hans leitar.

## Hjálparliðar eru máttarstólpar starfsins!

Sá stuðningur sem Hjálparstarf kirkjunnar veitir barnafjölskyldum í fjárhagsvanda er aðeins mögulegur þökk sé hjartahlýju fólki sem vill leggja starfinu lið. Hjálparliðar sem styrkja starfið með mánaðarlegu framlagi voru í lok árs 2020 um 3000 talsins og fer þeim fjölgandi enda eru margir meðvitaðir um þá neyð sem fjöldi fjölskyldna hérlendis stendur frammi fyrir vegna efnahagsáhrifa af COVID-faraldrinum.

Við hjá Hjálparstarfi kirkjunnar erum Hjálparliðum innilega þakklát fyrir afar dýrmætan stuðning við starfið.

### Vilt þú vera Hjálparliði?

Þú getur skráð þig á heimasíðu okkar:

[www.hjalparstarfkirkjunnar.is](http://www.hjalparstarfkirkjunnar.is),

hringt til okkar í síma **528 4400** eða sent tölvupóst á netfangið [help@help.is](mailto:help@help.is).


**Hjartanlega velkomin/n í hópinn!**

## „Með tárin í augum og sprungu í hjartanu“

Við getum öll þurft á aðstoð að halda um stund en erum vonandi flest aflögufær á öðrum tíma. Fyrir í vetur fékk Hjálparstarf kirkjunnar skilaboð frá konu sem nú styrkir starfið með mánaðarlegu framlagi sem Hjálparliði en þurfti áður á aðstoð að halda. Skilaboðin hennar lýsa því mjög vel hvernig aðstæður hvers og eins okkar geta breyst:

„Ég þekki fátækt af eigin reynslu. Ég hef þegið aðstoð frá ykkur í ýmsum formum. Var einstæð með tvær dætur og þið björguðuð okkur svo oft. Ég lofaði sjálfri mér þegar ég sat frammi á biðstofunni með tárin í augum og sprungu í hjartanu og að fara að biðja um aðstoð, að ég myndi gefa til ykkar. Fjárhagur minn lagadist síðastliðinn maí og borga ég nú mánaðarlega 2.000 krónur til ykkar. Geri það með hjarta mitt fullt af kærleika.“

Takk fyrir mig!“





Vilborg Oddsdóttir er félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar.

## Hvað hefur COVID kennt okkur? Hjálparstarf á tímum heimsfaraldurs: „Verst þegar fólk fellur milli skips og bryggju“

Þann 17. mars síðastliðinn hélt Mannréttindaskrifstofa Íslands málþing um áskoranir á tímum Covid-19. Á málþinginu fjallaði Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, um það hvernig starfið hefur verið aðlagð sóttvarnareglum stjórnvalda og um aðstæður fólksins sem hefur leitað til Hjálparstarfsins á því rúma ári sem liðið er síðan fyrsta kórónuveirutilfellis varð vart hérlendis.

„Í Covidkreppunni hafa tekjur stórs hóps óvænt skroppið verulega saman og fyrir allt þetta fólk er erfitt að halda sjó. Velferðarkerfið okkar hefur gripið suma en aðra ekki. Þetta ár hefur kennt okkur að það eru göt í kerfinu okkar,“ sagði Vilborg eftir erindi sitt á málþinginu.

„Margt af því fólki sem hefur leitað til okkar undanfarið ár er í þeirri stöðu að hafa verið mjög tekjulágt eða jafnvel tekjulaust í langan tíma.

Þetta á til dæmis við um námsmenn sem misstu ihlaupavinnu með námi þegar námslánin dugðu

þeim ekki til framfærslu og fólk sem missti vinnuna og hafði engar tekjur í allt að 12 vikur eða í þann tíma sem það beið eftir atvinnuleysisbótum en þetta á líka við um útlendinga sem eru fæddir utan evrópska efnahags-svæðisins og höfðu verið í vinnusambandi hér áður en kreppan skall á. Þegar fólk missti vinnusamband við atvinnuveitanda sinn hafði það ekki rétt á atvinnuleysisbótum.“

Vilborg sagði að henni virtist sem fólkið sem tilheyrði þessum þjóðfélagshópum hefði orðið verst úti í kreppunni nú. „Þetta er fólkið sem

hefur fallið á milli skips og bryggju í kerfinu okkar og við þurfum að bæta úr því. Það sem gerist þegar fólk verður tekjulaust í langan tíma er að skuldir þess aukast því það þarf áfram að greiða fyrir húsnæði og brýnustu nauðsynjar. Svo er það að þegar fólk hefur ekki nægar tekjur sér til framfærslu þá hefur það ekki bara mjög slæm áhrif á fjárhag fólksins til lengri tíma heldur líka á andlega, líkamlega og félagslega heilsu þess. Það er því brýnt að við stoppum í göt velferðarkerfisins.“



Konur sem hafa litið sem ekkert tengslanet á Íslandi geta nú hist á nýjan leik í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins „Taupokar með tilgang“ þar sem þær sauma, spjalla og borða saman.

## „Það skiptir máli að hafa eitthvað að gera og að hafa einhvern að tala við!“

Í heimsfaraldri hefur Hjálparstarf kirkjunnar gert sitt ítrasta til að halda áfram að svara æ brýnni þörf fólks fyrir efnislega aðstoð og starfsfólk hefur sýnt mikla útsjónarsemi við að laga starfið að sóttvarnareglum stjórnvalda. Verkefni sem miða að aukinni virkni fólks í félagslegri neyð hafa hins vegar verið erfiðari viðureignar þar sem þau eru í eðli sínu þannig að þau fela í sér samveru fólks. Þannig þurfti að gera hlé á verkefninu Taupokar með tilgang í apríl í fyrra þangað til í september. Þá fór verkefnið aftur af stað í þrjár vikur áður en því var frestað enn á ný vegna sóttvarnareglna. Verkefnið fór hins vegar að stað aftur af fullum krafti þann 18. janúar síðastliðinn. Konurnar sem í því taka þátt segja að það sé gott að geta farið út af heimilinu

aftur, hitta aðrar konur, spjalla saman og gantast og síðast en ekki síst að hafa eitthvað fyrir stafni. Verkefnið er fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og nýtur sífellt meiri vinsælda. Í hverri viku hittast konurnar undir leiðsögn félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og fulltrúa Hjálpræðishersins í Reykjavík og sjálfboðaliða. Konurnar endurvinnu efni sem almenningur hefur gefið með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn.

Verkefnið stuðlar að virkni og félagskap kvenanna sem í því taka þátt, minni plastnotkun og endurnýtingu efnis. Upphaflega var verkefnið á mánudögum en vegna mikillar eftirspurnar var ákveðið að skipta hópnum í tvennt. Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur umsjón með mánudagshópnum en Hjálpræðisherinn í Reykjavík sér um samveruna á fimmtudögum en milli 20–30 konur mæta í hvert skipti.

Pokarnir, dúkar fyrir ýmis tækifæri og annað sem konurnar sauma eru til sölu á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á neðri hæð Grensás-kirkju, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík. Andvirði sölunnar rennur aftur til verkefnisins. Skrifstofan er opin klukkan 9–15 á virkum dögum.



# Skjólíð

„Skjólíð hefur gefið mér kost á því að hafa stað þar sem ég get viðhaldið sjálfsvirðingu minni og haft öruggan stað.

Hér get ég upplifað mig sem manneskju sem er ekki bara fíkill heldur manneskja með hæfileika og getu til margra hluta.

Hér finn ég til öryggis “ ...

... skrifaði kona sem kemur í Skjólíð á blað fyrir lesendur þegar hún var beðin að segja frá því hvers vegna Skjólíð skiptir máli fyrir hana.

## Skjólíð er griðastaður yfir daginn fyrir konur sem búa við heimilisleysi

„Árið 2016 var biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, stödd í Boston og fékk þar kynningu á athvarfi fyrir heimilislausar sem rekið var af kirkjunni. Eftir þá ferð blundaði í henni sú hugmynd hvort þjóðkirkjan gæti ekki gert eitthvað til að sinna betur heimilislausum. Frá því að biskup kynnti hugmynd sína fyrir kirkjuráði í maí 2019 hefur boltinn rúllað hratt þó mér hafi fundist hlutirnir stundum hafa gerst hægt frá því ég hóf störf 1. nóvember síðastliðinn,“ segir Rósa Björg Brynjarsdóttir umsjónarkona Skjólísins þegar hún rifjar upp aðdragandann að opnun þess í febrúar síðastliðnum.

„Aðalatriðið er að nú er opið hjá okkur og ein konan sem hefur komið reglulega þennan fyrsta mánuð sem við höfum starfað sagði okkur að henni fyndist svo góð þessi tilfinning að tilheyra einhvers staðar.“

Skjólíð er nýtt úrræði sem Hjálparstarf kirkjunnar rekur fyrir konur sem búa við heimilisleysi en það hugtak nær yfir þær konur sem þurfa að gista í neyðarskýli eða Konukoti, búa í tímabundnu húsnæðisúrræði eða búa við ótryggar húsnæðisáðstæður. Það á til dæmis við um þær sem búa tímabundið hjá fjölskyldu eða vinum eða þær sem búa við ofbeldisógn eða í ófullnægjandi húsnæði. Heimilisleysi er grafalvarlegt samfélagsmein því það þýðir ekki bara að fólk skorti húsnæði heldur sviptir heimilisleysi fólk grunnþörfunum og eru áðstæður heimilislausar oft ómanneskjulegar og hættulegar.

**Fyrstu 27 dagana sem Skjólíð hefur verið opið hafa komið í það 14 konur í samtals 73 skipti.**

Konurnar sem eru á aldrinum 20–60 ára gista flestar í Konukoti eða eru í ótryggum áðstæðum en konur sem eru í tímabundnu húsnæðisúrræði á vegum Reykjavíkurborgar hafa líka komið í Skjólíð.

Áðstæður eru allar til fyrirmyndar í Skjólínu en þar eru verðmætaskápar, sturta, þvottavél og þurrkari, viðtalsherbergi, hvíldarherbergi og alrými þar sem eru nettengdar tölvur, bækur og púsluspil. Í tómsundaherbergi eru þrjónar, saumavélar og allt sem þarf í skartgripagerð og til að mála myndir. Í hlýlegu eldhúsi fá konurnar léttan hádegisverð, kaffi og kex eða kökur.

Í skjólínu starfa fjórar starfskonur en auk Rósu Bjargar sem stýrir starfinu eru þar í hlutastarfi Fjóla Halldórsdóttir, Magnea Sværrisdóttir og Una Sigrún Ástvaldsdóttir en allar hafa þær mikla reynslu af sambærilegu starfi með konum.

Starfskonurnar vinna eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði sem þýðir að þær mæta konunum á þeim stað sem þær eru hverju sinni en auk heimilisleysis glíma margar þeirra við vímuefna- og/eda geðrænan vanda. Markmiðið er að halda konunum á lífi, fyrirbyggja skaðann sem getur hlotist af vímuefnanotkun fremur en að koma í veg fyrir notkunina sjálfa en engin skilyrði eru sett fyrir því að konur komi í Skjólíð.



Skjólíð er til húsa á neðri hæð safnaðarheimilis Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.



Konurnar geta geymt verðmæti í læstum skáp þegar þær koma í Skjólíð. Þær geta farið í sturtu, þvegið af sér og þurrkað fötin í þurrkara. Konunum býðst einnig hreinn og heill en notaður fatnaður sem fólk hefur komið með til Hjálparstarfsins.



Landsvirkjun



MARPORT





## GÖNGUGREINING



**FÆTUR TOGA**  
LEIÐIN TIL ÁRANGURS

Bókaðu tíma á faeturtoqa.is eða í síma 55 77 100  
Fætur Toga, Kringlan 3.hæð og Höfðabakki 3

Íslensk gæðahráefni  
fyrir þig



**EYLÍF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

**AUKAKÍLÓIN  
BURT**



[www.celsus.is](http://www.celsus.is)



Marianna Csillag var efins um gagnsemi spelkunnar áður en hún prófaði hana en segir að upplifunin af því að koma í Össur, fá spelkuna og fá að ganga verkjalaus hafi verið ótrúlega mögnuð og kraftaverki líkust. Hún mælir hiklaust með spelkunni fyrir þá sem geta nýtt sér hana. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Betra líf eftir spelku

Marianna Csillag hefur þjáðst af slitgigt árum saman, en Unloader One® X hnéspelkan frá Össuri hefur bætt lífsgæði hennar verulega, með því að losa hana við verki og gera henni kleift að hreyfa sig og stunda útivist á ný. Hún talar nú alltaf um lífið fyrir og eftir spelku. **2**



**Spelkurnar hafa þróast og verða sífellt minni, nettari og flottari, segir Marianna. Hún segir að þó hún segir að þær bæti lífsgæðin svo mikið að það sé engin ástæða til að nýta þær ekki.**

FRÉTTABLAÐID/  
SIGTRYGGUR ARI

Hjúkrunarfræðingurinn Marianna Csillag hefur þjádast af slitgigt í hné árum saman og notar þess vegna Unloader One® X hnéspelkuna frá Össuri, sem eykur hreyfanleika með því að lina sársauka vegna slitgigtar í hné. Marianna segir að spelkan hafi virkað miklu betur en hún þorði að vona. Hún tali nú alltaf um lífið fyrir og eftir spelku, því lífsgæðin bötundu svo mikið.

„Ég verð sextug á þessu ári og slitgigt er í ættinni minni. Um 1984 fór ég í aðgerð á hægri hné vegna smávægilegrar kólkunar og eftir það var ég góð næstu 30 árin. Síðan fyrir um átta árum fór ég að fá verki í hné og það fór að bólga og vera með vesen þegar ég fór að ganga, en ég hef alltaf hreyft mig mikið,“ segir Marianna. „Þá fór ég til bæklunarlæknis sem sendi mig í myndatöku og sagði mér svo að ég væri með verulegt slit í hnénu. Hann sagði að hann vildi ekki gera aðgerð á mér því það myndi ekki gera gagn og benti mér á að nota þessa spelku.“

Ég var alveg til í það, það hafði lítið verið fjallað um þetta en það er sjaldgæft að bæklunarlæknir vilji ekki skera, svo ég var til,“ segir Marianna og hlær. „Ég fékk beiðni frá honum og fór svo og fékk spelku frá Össuri, en það er rétt að taka fram að það þarf ekki að fara til bæklunarlæknis heldur er nóg að fá myndgreiningu og beiðni frá heimilislækni.“

Fyrst var ég mjög efins um að þetta myndi virka eitthvað en starfsmaður Össurar skelltí spelkunni á mig og lét mig svo labba upp tröppur og niður aflíðandi brekku,“ segir Marianna. „Ég get svarið að þetta var ólýsanlegt. Það var engu líkt að geta loksins labbað upp tröppu og niður brekku verkjalaus. Þetta var ótrúleg upplifun, bara kraftaverki líkast.“

Ég prófaði spelkuna fyrst í fjóra daga og á þeim dögum minnkaði bólgan verulega og í ljós kom hné



**Marianna segir að sumir haldi að spelkan sé örþrifarád, en hún segir að fyrir þá sem geta notað hana sé ávinningurinn alltof mikill til að nýta hana ekki. Össur getur metið hratt hvort spelkan gagnist fólki. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI**

sem hafði leynst undir bólgunni,“ segir Marianna létt. „Síðan hef ég alltaf talað um lífið fyrir og eftir spelku, þetta er allt annað.“

#### Forðar liðnum frá álagi

„Síðasta sumar fór svo vinstra hné og núna í janúar fékk ég spelku á það, en þá var ég hætt að geta hreyft mig. Ég fór svo beint inn á Reykjalund og er þar núna að fá endurhæfingu,“ segir Marianna. „Bólga er nú farin úr hnénu sem var áður afmyndað af bólgu og ég gat ekki beygt það, en núna er ég meira að segja farin að gera æfingar án spelku með aðstoð sjúkrahjálfarans.“

Það sem spelkan gerir er að lyfta liðnum í sundur og þannig dregur hún úr álaginu á liðinn og virkar í raun sem verkjameðferð með því að létta álagið,“ segir Marianna. „Það þarf svo að byggja upp vöðv-

**Það sem spelkan gerir er að lyfta liðnum í sundur og þannig dregur hún úr álaginu á liðinn og virkar í raun sem verkjameðferð með því að létta álagið.**



ana kringum liðinn, en þegar þú ert að drepa úr verkjum og getur ekki hreyft þig verður auðvitað vöðvarýrnun. Ég er að því núna.

Þetta er magnað fyrir þá sem þetta virkar fyrir, en það fer eftir því hvar slitid er í hnénu. Spelkan bætir mín lífsgæði verulega og þegar ég sé fólk haltra langar mig alltaf þínu að pikka í það og benda því á að tala við Össur,“ segir Marianna.

**Ekki bara örþrifarád**  
„Fyrst voru spelkurnar stórar og miklar en þær hafa síðan þróast,“ segir Marianna. „Í hittidfyrra

var ég svo heppin að vera beðin um að taka þátt í þróunarverkefni fyrir nýja spelku því Össur vildi fá einhvern sem notar svona spelku mikið og það á við mig, ég nota hana daglega og fer á gönguskiði og skokka með hana.“

Nýja gerðin er mun minni, nettari og flottari en áður og það er auðveldara að setja hana yfir buxurnar,“ útskýrir Marianna. „Maður er samt svolítið eins og Tortímandinn með þetta, en málið er að ávinningurinn af því að vera með spelkuna gerir það þess virði. Ef þér líður betur, þú hvílir betur og þú ert verkjalaus þá batna lífsgæðin svakalega og því er engin ástæða til að nýta þetta ekki.“

Ég vann áður hjá Heilsuborg og hitti mikið af fólki sem var í endurhæfingu og þar var ég að predika boðskapinn og segja fólki frá gagnsemi spelkunnar, en þegar fólk sá spelkuna var viðkvæði oft „ég er ekki svona slæm(ur)“,“ segir Marianna. „Fólk heldur að þetta sé eitthvert örþrifarád, en málið er að fyrir þá sem geta notað þetta er of mikill ávinningur af því að nota svona spelku til að nýta sér það ekki og starfsfólk Össurar getur metið það hratt hvort spelkan komi að gagni fyrir fólk.“

#### 11 stig af 10 mögulegum

„Ég myndi gefa þjónustunni hjá Össuri 11 stig af 10 mögulegum,“ segir Marianna. „Þau eru frábær og bara ekkert nema hjálpsamin, allt sem er að er skoðað og lagað hratt. Þetta er alveg fyrirmyndarþjónusta.“

Ég myndi líka hiklaust mæla með því að nota svona spelku. Sérfræðingar hjá Össuri geta metið áverkana eða verkina sem hver og einn glímir við og svarað því hvað virkar við því tiltekna vandamáli,“ segir Marianna. „Ekki hugsa „ég er ekki svo slæm(ur)“, prófaðu þetta fyrst og ákveddu þig svo.“

# Gleðilega meltingu

Njóttu lífsins yfir hátíðirnar án þess að upplifa uppþembu, óþægindi og orkuleysi eftir máltíðir

Meltingarensím hjálpa okkur að njóta betur þegar veislumatur er á borðum og mikið mæðir á meltingunni

Enzymedica býður uppá öflugustu meltingar-ensímín á markaðnum, einungis eitt hylki með máltíð getur öllu breytt.



Útsölastaðir: Apótek, heilsuhillur stórmarkaða.

## Settu þarmaflóruna í forgang!



## ÖFLUGIR GÓÐGERLAR

fyrir alla fjölskylduna

**Bio-Kult** Stendur vörð um þína heilsu!

# Lyfjaver færir apótekið heim til þín

Netapótek Lyfjavers býður upp á einfalda og örugga lausn þar sem lyfjanotendur hafa betri yfirsýn yfir lyfseðlana sína. Viðskiptavinir um allt land geta pantað lyf og aðrar apóteksvörur í gegnum kerfið og fengið sent heim að dyrum. Lyfjaver hefur frá upphafi lagt áherslu á lágt verð og góða þjónustu.

Lyfjaver hefur verið starfrækt í yfir 20 ár og var brautryðjandi í tölvustýrri lyfjaskömmmtun hérlendis. „Fyrirtækið var í upphafi stofnað í kringum vélskömmmtun lyfja, aðallega fyrir dvalar- og hjúkrunarheimili. Þetta var mikil bylting þar sem tölvutækni var nýtt til að skammta lyf í vélum sem áður hafði verið gert í höndunum inni á heimilunum,“ segir Hákon Steinson framkvæmdastjóri Lyfjavers.

**Lágt verð og öflug samkeppni**  
Lyfjaver hefur frá upphafi lagt áherslu á lágt verð og veitt öðrum aðilum á markaðnum harða samkeppni og hefur því verið tekið fagnandi af íslenskum neytendum. „Síðar meir var opnað apótek sem naut fljótt mikilla vinsælda vegna lágs lyfjaverðs og í framhaldinu af því varð það landsþekkt sem lágverðisapótekið.“

Þá vakti Lyfjaver mikla athygli á sínum tíma þegar það byrjaði að bjóða upp á heimsendingarþjónustu á lyfjum um land allt, sem jók enn frekar samkeppnina á landsvísu líkt og Netapótekið gerir í dag. „Samkeppnin á þessum markaði er stöðugt að aukast, ef þú býrð úti á landi er kannski bara eitt apótek á staðnum eða jafnvel ekkert, þannig að með Netapótekinu er þjónustan orðin mun



Hákon hvetur fólk til að prófa Netapótek Lyfjavers. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

aðgengilegri fyrir alla landsmenn,“ segir Hákon.

## Fri heimsending um land allt

„Með því að fá lágverðisapótekið heim til þín í snjallsímann eða tölvuna getur þú nú nálgast lyfin og aðrar vörur á góðu verði hvar sem þú ert á landinu. Við bjóðum upp á fría heimsendingu á pöntunum með tvo eða fleiri lyfseðla, eða ef heildarupphæð pöntunar er yfir 9.900 kr.“

Afgreiðslan er hröð og þægileg. „Pantanir eru afhentar samdægurs á höfuðborgarsvæðinu, allt frá Kjalarnesi til Vallahverfis í Hafnarfirði. Pósturinn sækir pantanir síðdegis í Lyfjaver og er alla jafna búinn að afhenda pantanir næsta virka dag.“

## Auðveldari verðsamanburður

Netapótekið gerir notendum einnig kleift að finna út hvar sé hagstæðast að kaupa lyf. „Viðskiptavinir geta nú með einfaldari hætti


áttað sig á sínum lyfjakostnaði ásamt því að verðsamanburður á milli apóteka er mun auðveldari sem er góður kostur fyrir neytandann og varpar enn betra ljósi á mismunandi verðlagningu á milli apóteka,“ útskýrir Hákon.

„Með því að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum geta notendur séð nákvæmt lyfjaverð með greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands, ásamt afsláttu Lyfjavers. Þannig er mun auðveldara að gera verðsamanburð á lyfjum, lausasölulyfjum og öðrum vörum. Hægt er að skoda þau samheitalyf sem í boði eru, verðmun á milli samheitalyfja og þrepastöðu hjá Sjúkratryggingum Íslands.“

Forráðamenn geta að auki nálgast lyfseðla barna sinna 15 ára og yngri í lyfjagáttinni í Netapóteki Lyfjavers.

## Allar vörur á einum stað

Hákon segir lyfseðlakerfið svo vera samtvinnað sístækkandi vef-



Appið er bæði einfalt og þægilegt.

verslun þar sem mikið vöruúrval er í boði. „Á einum stað er því hægt að leysa út lyfseðla ásamt því að versla öll lausasölulyf og mikinn fjölda af öðrum vörum, allt í einni körfu. Við erum einnig með mjög mikið úrval af vítamínum, bæti-efnum, snyrtivörum, húðvörum og hjúkrunarvörum, svo dæmi séu nefnd.“

Viðtökurnar hafa verið frábærar. „Landsmenn hafa tekið vel í vaxandi vöruúrval á frábæru verði í Netapótekinu. Ef þú finnur ekki þá vöru sem þú leitar að í Netapótekinu getur þú sent okkur fyrirspurn um hvort ekki megi bæta henni í vöruúrvalið.“

## Biðin heyrir sögunni til

Einnig er mögulegt að nýta Netapótekið til að spara tíma og panta fyrir fram. „Það kannast allir við að hafa lent í langri bið í apótekinu eftir að lyfseðill sé tilbúinn og afhentur. Ef þú gengur frá pöntun í netapótekinu fyrir fram, áður en þú heimsækir apótekið

okkar á Suðurlandsbrautinni, færð þú send SMS-skilaboð þegar búið er að afgreiða pöntunina. Yfirleitt er pöntun tilbúin eftir 15-30 mínútur. en það fer eftir álagi. Þú getur svo mætt og sótt pöntunina þegar skilaboð berast frá apótekinu.“

## Afsláttarkóði og afsláttarkjör

Lyfjaver leggur mikinn metnað í að bjóða neytendum upp á samkeppnishæft verð. „Álagningu er stillt verulega í hóf hjá Lyfjaveri og jafnast almennt vöruverð Lyfjavers oft á við afsláttarverð samkeppnisaðilanna. Við viljum hjvetja landsmenn til að prófa að versla. Af því tilefni bjóðum við afsláttarkóða sem gilda út næsta mánudag, 29. mars. 15% afsláttur af vörum í verslun – kóði: vörur, og 10% afsláttur af lausasölulyfjum – kóði: lausasala. Athugið að hægt er að nota báða kóðana samtímis.“

Hákon greinir þá frá því að Lyfjaver bjóði enn fremur upp á góð afsláttarkjör á fjölda lyfseðilskyldra lyfja og nefnir þar sérstaklega svefn- og kvíðalyf, sýklalyf og getnaðarvarnarlyf ásamt fjölda annarra lyfja.

„Það er um að gera að kíkja á lyfjaver.is í snjallsímanum eða tölvunni og nýta þetta tækifæri til að gera góð kaup og prófa að panta.“

## Gott tækifæri til að prófa!

Tímabundnir afsláttarkóðar:  
Kóði: **lausasala**  
10% afsláttur af öllum lausasölulyfjum  
Kóði: **vörur**  
15% afsláttur af öllum öðrum vörum í verslun  
*Gildir út mánudaginn 29. mars*

# Friðarkökur með lambalagi

**Pálmasunnudegi tengjast ýmsar matarhefðir sem eiga sér djúpar rætur og áhugaverða sögu.**

brynbnj@gmail.com

Viða um hinn kristna heim hefur dagurinn þegar við fögnum því að Jesús reid á asnabaki inn í Jerúsalem og var fagnað með pálmablöðum sínar eigin aldagömlu matarhefðir. Til að mynda var lengi vel hefð á norðanverðum Bretlandseyjum að borða svartbaunasúpu, eða Carlin soup, á pálmásunnudag. Samkvæmt hefð gekk fólk með eina harða baun í skónum alla föstuna til að minnast þjáninga frelsarans og sunnudaginn fyrir páska var hún tekin úr skónum og súpa elduð og snædd (úr sams konar baunum, ekki endilega þeim sem höfðu verið fimm vikur í skónum hjá einhverjum).

Fikjur eru einnig hluti af sögu pálmásunnudags. Í Biblíunni segir frá því þegar Jesús ætlaði að fá sér fikjur af tré í vikunni fyrir pálmásunnudag. Tréð leit út fyrir að vera hlaðið fikjum vegna mikils laufskrúðs en þegar nálægt var komið voru engar fikjur á trénu. Jesús bölvaði trénu svo það visnaði, þegar hann komst að því að tréð bar engan ávöxt. Þegar hann svo reid inn í Jerúsalem á pálmásunnudag segir sagan að hann hafi loksins fengið fikjurnar sem hann langaði svo mikið í og þess vegna eru fikjur nátengdar pálmásunnudegi.

Paxkökur, eða friðarkökur, voru lengi hluti af hefðbundnu pálmásunnudagsgöngæti á Bretlandseyjum eða allt frá árinu 1570 þegar landeigandi í Herefordskíri, Lady Scudamore, deildi út kökum úr eggjum og möndlumjöli til

leiguliða sinna eftir messu að morgni pálmásunnudags. Prestar og biskupar tóku upp síðinn og var nafnið dregið af latneska orðinu pax sem þýðir friður og átti að tákna sættir og góðvild. Þá kom Guðs lamb einnig við sögu en kökurnar voru stundum í laginu eins og lömb. Á níttjándu öld skenktu bændur öl og eplavín með þessu göðgæti og síðurinn lífið góðu lífi fram á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hann hefur nú lagst af nema helst í Herefordskíri þar sem hann lifir góðu lífi innan kirkjunnar.

Í sumum hlutum Englands var það líka síður að drekka lindarvatn sem er blandað með spænskum lakkrís á pálmásunnudag og er dagurinn jafnvel stundum kallaður spænski sunnudagur á þeim slóðum.

Uppruni þessa síðar er ekki kunnur en lakkrísrótin hefur verið tengd við helgar uppsprettur síðan á átjándu öld, þar sem hún var bæði sæt á bragðið og sótthreinsandi. Þessi notkun á lakkrísrótt er ævafor og nær jafnvel aftur fyrir kristni, en Keltar dýrkuðu gyðjur sínar gjarnan kringum uppsprettur og lindir.

Á Grikklandi er steiktur saltfiskur hefðbundinn pálmásunnudagsmatur. Á föstunni er fólk yfirleitt hvatt til að sneiða hjá dýrahaldi, þar á meðal fiski, en fiskur fær þó undanþágu á pálmásunnudag vegna þess sterka táknræna vægis sem hann hefur í kristnum rétttrúnaði. Jesús var fiskimaður og fiskur er eitt tákn kristnidómsins. Á Ítalíu er hefð fyrir að borða heimagera fettuccine með brauðmolum, hnetum og tómötum á pálmásunnudag, sem hefur ekki beina tengingu við guðdóminn, en er afar góður matur.



Paxkökum var deilt meðal barna í enskum kirkjum á pálmásunnudag en þær voru oft í laginu eins og guðs lamb.



**Lakkrísrótt:** sums staðar á Bretlandseyjum tíðkast að drekka lindarvatn með lakkrísrótt á pálmásunnudag og eru það leifar frá gyðjutrú.

# Sumarhús

LAUGARDAGUR 27. mars 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Húsasmiðjan, Fasteignasalan Torg, Fasteignasalan Miklaborg



Sveinn Halldór Skúlason, verkefnastjóri á Fagsólusviði Húsasmiðjunnar, og Sveinn Enok Jóhannsson vörustjóri við sýniseintak af fullbúnu húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fullbúin heilsárshús tilbúin til notkunar

Húsasmiðjan selur sterkbyggð heilsárshús í ýmsum stærðum sem henta sérstaklega vel fyrir íslenska veðráttu. Húsin afhendast fullbúin með öllum innviðum uppsettum. Það þarf aðeins að tengja við rafmagn og veitukerfi. **2**



Húsin fást í ýmsum stærðum en bráðum verður hægt að skoða 94 m<sup>2</sup> húsið á plani Húsasmíðjunnar við Skútuvog. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Dæmi um hús að innan. Eldhúsinnrétting, isskápur, örbylgjuofn, vaskur og blöndunartæki fylgja.



Teikning af 94 m<sup>2</sup> húsinu sem verður til sýnis í maí og teikning af 64 m<sup>2</sup> húsinu að innan. Stærri húsin afhendast í tveimur einingum.

Húsasmíðjan hefur undanfarið ár verið í samstarfi við framleiðanda vandaðra heilsárshúsa sem uppfylla kröfur íslenskrar byggingarreglugerðar. Þau koma fullkláruð að innan sem og utan, án húsgagna. Húsin fást í mismunandi stærðum og gerðum en hægt er að aðlagja þau þörfum hvers og eins.

Sveinn Enok Jóhannsson vörustjóri og Sveinn Halldór Skúlason, verkefnastjóri á Fagsölusviði, segja að þrátt fyrir að einungis sé nýlega farið að bjóða upp á þessi hús hjá Húsasmíðjunni sé komin góð reynsla á þau hér á landi enda hafa þau verið á markaði hér í mörg ár. Sýningareintak af stærsta húsinu sem er 94 m<sup>2</sup> er væntanlegt til landsins í byrjun maí og hægt verður að skoða það á plani Húsasmíðjunnar við Skútuvog.

„94 m<sup>2</sup> húsið er fullbúið og kemur í tveimur einingum. Þegar við segjum fullbúið þá meinum við með gólfefnum, blöndunartækjum, hurðum, eldhúsinnréttingu og baðinnréttingu. Það er allt tilbúið. Það eina sem þarf að gera er að festa húsið niður og tengja það við rafmagn og veitukerfi,“ segir Sveinn Enok.

Húsin koma í stærðum frá 15

Þegar við segjum fullbúið þá meinum við með gólfefnum, blöndunartækjum, hurðum, eldhúsinnréttingu og baðinnréttingu. Það er allt tilbúið.

Sveinn Enok

m<sup>2</sup> og upp í 94 m<sup>2</sup> og geta hentað bæði sem sumarhús og íbúðarhús. „Við erum með útleiguingu sem hentar til dæmis vel fyrir ferðabjónustu. Einingin er 40 m<sup>2</sup> og er skipt upp í tvær stúdíóíbúðir með baðherbergi í hvorri einingu,“ segir Sveinn Halldór.

„Við flytjum húsin inn frá Litháen, en þau hafa verið seld mikið til Svíþjóðar og Finnlands, þar sem ekki eru gerðar minni kröfur en hér á Íslandi um að standast ýmiss konar veður. Þegar húsin eru pöntuð þá gefum við okkur 10-14 vikna afhendingarfrest.“

Sveinn Enok segir að síðasta sýningarhúsið þeirra sé nýlega selt,

en um miðjan apríl verður hægt að skoða 52 m<sup>2</sup> hús og svo í maí 94 m<sup>2</sup> húsið eins og áður sagði.

**Timburhús á sterkri stálgrind**  
Húsin eru timburhús með timburgólfi á sterkbyggðri stálgrind sem auðveldar flutning til muna. Þau koma í ákveðinni grunnútfærslu. Við erum í frábæru samstarfi við IKEA erlendis en allar innréttingar og öll tæki koma þaðan. Hægt er að uppfæra og velja sér sína eigin innréttingu frá IKEA. Baðherbergi koma með litilli innréttingu með vaski, blöndunartækjum og sturtuklefa. Hægt er að uppfæra í innbyggða sturtu ef Fibo-plötur eru teknar á rýmin en þær þola mikinn vatnsþrýsting og hita-sveiflur.

„Það er möguleiki á að velja um veggja- og loftklæðningar, gólfefni, innréttingar og hurðir. Það fylgir líka sólpallur með öllum húsunum sem hægt er að stækka og það er hægt að velja liti að utan. En hefðbundin lausn er timburklæðning,“ segir Sveinn Enok.

Nafnarnir segja að Húsasmíðjan bjóði kaupendum húsanu upp á aðstoð við allt ferlið. Hönnun, flutning og uppsetningu og frágang. Það er auðvitað margt sem

þarf að huga að í þessu ferli. „Við mælum með að húsin fari ofan á staðsteypta eða forsteypta dregara, en dregarar fylgja ekki. Húsið er þá sett beint ofan á þá og fest við,“ segir Sveinn Halldór. „Samanborið við einingahús sem koma í mörgum einingum þá er þetta miklu minni tilkostnaður á verkstað og byggingartíminn hverfandi, ef hægt er að tala um byggingartíma. Það er miðað við

að það taki tvo vana menn tvo daga að setja húsið upp og ganga frá því. Þetta er þess vegna bæði einfalt í uppsetningu og svo er þetta líka á góðu verði,“ segir hann og bætir við:

„Við teljum okkur vera með eitt af betri fermetravörðum í bænum, ef ekki bara þau bestu.“

Nánari upplýsingar á husa.is



## Er kominn tími á nýja glugga?

Í netverslun skanva.is seljum við gæða glugga og hurðir úr tré, tré/áli og plasti. Þú kaupir beint frá verksmiðjunni og sparar því dýran millilið.

**NETVERÐ  
35%**  
LÆGRA EN BÚÐARVERÐ

- Innbrotsvörn
- 10 ára ábyrgð
- Slagveðursprófun




Skref 1 - Mæla rétt



Skref 2 - Panta á netinu



Skref 3 - Setja í



Gerðu það sjálf/ur með Skanva.  
Sjáðu öll kennslumyndböndin okkar  
inná [skanva.is/video](https://skanva.is/video)

### Ver slun

Fiskislóð 31E - 101 Reykjavík

# Í sveitasælu með villtum dýrum



Elin  
Albertsdóttir  
elin  
@frettabladid.is

**Helga Möller og eiginmaður hennar, Benedikt Geirsson, hafa komið sér vel fyrir í fallegu sumarhúsi þar sem útsýnið er vítt til allra átta.**

Helga segir að þau hafi keypt bústaðinn á hinu makalaus ári 2007. Þegar hún er spurð hvað hafi ráðið valinu svarar hún: „Það sem réði valinu var útsýnið og gróðurinn. Bústaðurinn er í gróinni fjallshlíð og Hekla er í aðalhlutverki þegar útsýnið er annars vegar, en Tindfjöll og Eyjafjallajökull blasa líka við. Landið er vel gróid birki-skógi og víði. Við notum bústaðinn árið um kring enda erum við með hitaveitu. Þó dveljum við aðeins lengur í einu yfir sumartímann,“ segir Helga, sem starfaði lengi sem auglýsingastjóri hjá tímaritum en margir þekkja hana frá fyrirsætuferli hennar, en hún kynnti meðal annars íslensku ullina hér heima og erlendis.

Helga segir að í upphafi hafi hún notið þess að gera notalegt í hreiðrinu, málaði skápa og hillur og bjó um þau eins og best verður á kosið. „Síðan hef ég ekki miklu breytt og nýt þess frekar að slaka á, lesa, þrjóna og mála á striga og tréplatta. Eiginmaðurinn hefur frá byrjun séð um að dytta að utan-dyra og er enn að því,“ segir hún.

**Hvað finnst þér skemmtilegast við sumarbústaðalíf?**

„Mér líður mjög vel í bústaðnum, fjarri ys og þys borgarinnar. Maður fyllist ró þegar þangað er komið. Á sumrin er gott að sitja úti á palli í sólinni og lesa, láta líða úr sér í pottinum eða fara í göngutúra um nágrennið. Það er líka skemmtilegt að fá góða gesti og bjóða upp á veitingar úti á palli í sólinni. Svo er líka stutt í fjölmarga fallega staði, svo sem Geysi, Gullfoss, Flúðir og Friðheima, svo eitthvað sé nefnt, svo það er gaman að fara í stutta bíltúra í góðu veðri. Á veturna er í uppáhaldi að fara í pottinn að kvöldi til, í niðamyrkri uppsveita og horfa upp í stjörnuþjartan næturhimininn og ekki síður á norðurljósin, þegar þau dansa um himinhvolfið.“

**Á sumrin er gott að sitja úti á palli í sólinni og lesa, láta líða úr sér í pottinum eða fara í göngutúra um nágrennið.**

Helga Möller

Helga segir að það sé oft gestkvæmt hjá þeim en COVID hefur dregið úr gestakomunum undanfarið ár. „Bæði fjölskyldur og vinir koma til okkar og þá er oft kátt í Koti, en það köllum við bústaðinn, sem reyndar er stytting á nafninu Brekkukot.“

Helga er þekktur dýravinnur og passar vel upp á að þau fái nóg að borða jafnt í sveitinni sem borginni. Svo er hún með tvo ketti sem hún tekur með sér í sveitina. „Kisa númer tvö bættist óvænt við þarna í sveitinni. Þær koma alltaf með og njóta sveitalífsins eins og við, halda sig mest á og við pallinn, enda er sú eldri að nálgast tvítugt og sefur mestan hluta sólarhringsins. Hvorug þeirra hefur nokkurn áhuga á fuglunum og láta þá alveg vera,“ segir hún.

Fjölskrúdukt dýralíf er í kringum þau í sveitinni. „Á vorin gerir fjöldi þrasta, auðnutittlinga, mariuerla og músarrindla hreiður sín í skóginum í kringum okkur og fuglasöngur er mikill og fallegur. Við gefum fuglunum ýmiss konar góðgæti og hjálpum sjálfsagt til við að seðja fjölda svangra unga. Svo kemur krummi alltaf snemma á morgnana til að sækja lifrarpylsubita og ýmsa afganga sem ég stilli upp á vegg við pallinn handa honum. Á haustin bætast snjó-tittlingar við og starrar taka við af þröstunum og við reynum að létta þeim lífið yfir veturna með matargjöfum. Fallegu hagamýsnar



Helga Möller við Kotið sitt þar sem hún unni sér vel jafnt að sumri sem vetri.

## Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



WPL  
Diamond



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is




Fallegt útsýni er frá bústaðnum.

fá líka sinn skammt og það er gaman að sjá þær koma þjótandi til að ná sér í möndlur og ostbita og fara með aftur í holur sínar. Já, ég er sem sagt ekki vitund hrædd við mýs og þær hafa aldrei gert neinn óskunda hjá okkur.“

**Hafið þið verið að rækta í kringum bústaðinn eða var gróid land í kring?**

„Hefði ég fengið að ráða, hefði



Helga er mikill dýravinnur og kiskurnar fá að fara með í bústaðinn.

engum trjáum sem ekki eru náttúrleg í umhverfinu verið bætt við, enda mikið birki í fjallinu, en furum, grenitrjám og öspum hafði þegar verið bætt við þegar við komum. Við höfum bæði furur, greni og aspir, en líka fellt eða látið taka af öspunum til þess að missa ekki útsýnið,“ segir Helga sem án vafa verður í bústaðnum um komandi páska.



# Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stílhrein sturta.

Sturtubotn fánlegur í mörgu stærðum og litum.

Sturtuveggur með væng.

8mm hert öryggisgler.



Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is  
Virka daga 9-18 | Laugardaga 11-14

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**

# Ævistarf sem krefst mikillar þolinmæði

**Sumarhúsið Eirð í Rangárþingi varð óvænt fram tíðarverkefni hjónanna Svövu Bjarkar og Thors. Saman hafa þau, með góðri hjálp fjölskyldna sinna og vina, breytt gömlu sumarhúsi í glæsilegt heilsárshús.**

Sagan á bak við endurreisn sumarhúss hjónanna Svövu Bjarkar Hjaltalín Jónsdóttur arkitekts og Thors Ólafssonar stjórnendabjálfa, er bæði rómantísk og skemmtileg. Sumarhúsið, sem ber nafnið Eirð, er staðsett í um klukkustundar fjarlægð frá Reykjavík. Thor hafði um tíma leitað að afdrepi í sveitinni sem bæði væri hægt að nýta fyrir fjölskyldu sína en einnig fyrir námskeið sem hann heldur í tengslum við starf sitt. Hann vantaði arkitekt í verkefnið og var kynntur fyrir Svövu. Til að gera langa sögu stutta þá urðu þau ástfangin og eru í dag hjón, en brúðkaupið var haldið við sumarhúsið sumarið 2019.

Áður en leiðir þeirra lágu saman var Thor reyndar með aðra lóð í huga, þótt nafnið Eirð hafi verið mótað í huga hans. „Upphaflega hugmyndin hjá Thor var að kaupa hús sem stæði við vatn og væri í um klukkustundar fjarlægð frá höfuðborginni. Upphaldsform mitt á sumarhúsi hefur alltaf verið A-laga bústaður og þarna kemur þessi maður með hann færandi hendi. Sumarhúsið á fyrst og fremst að vera staður fyrir vini og fjölskyldur og til að bæta andann á andlegan hátt,“ segir Svava, sem er komin langleiðina með að útskrifast sem jógakennari auk þess sem hún hefur klárað nám í jákvæðri sálfræði.

## Næg verkefni

Þegar búíð var að festa húsið tóku við miklar framkvæmdir enda var það búíð að standa nánast óhreyft í tíu ár, að sögn Svövu. „Verkefni voru því heldur betur næg í upphafi og margt sem þurfti að gera í húsinu, sérstaklega að utan. A-laga húsið er upprunalegt en svo var byggt við það rétt fyrir síðustu aldamót. Við höfum reynt að halda sem mest í upprunalega húsið en aðlagð okkar þörfum. Engu var því raskað nema sérstök þörf væri á, hvorki að utan né innan.“

Skipulaginu á efri hæð upprunalega hússins var breytt og þar eru núna þrjú svefnherbergi. „Einnig var bætt við 50 fermetra viðbyggingu, við snerum eldhúsinu við og máluðum allt húsið. Auk þess var bætt við auka baðherbergi, við færðum til aðalinnganginn, bættum við geymslu og þvottahúsi, settum upp tvær kamínur og bættum við gluggum á gamla húsið, svo helstu stóru póstarirnir séu taldir upp.“

## Allir hjálpað til

Allt húsið var klætt sömu klæðningu auk þess sem þremur gestahúsum var bætt við ásamt skemmu sem reist var á síðasta ári. „Þetta sumarhús er svo sannarlega orðið að okkar. Það hefur verið einstakt fyrir mig sem arkitekt að fá að koma að svona persónulegu verkefni, þar sem sumarhús eru ein af mínum uppáhaldshönnunarverkefnum. Framkvæmdir hafa gengið nokkurn veginn samkvæmt áætlun en það eru þó nokkrar hugmyndir enn á teikniborðinu sem eru á dagskrá næstu tvö árin.“

Hún segir helstu áskoranirnar hafa verið að finna málamiðlanir hjá tveim þrjúskum einstaklingum sem vita hvað þau vilja og er þar að vísa í þau hjónin. „Við höfum staðið vaktina bæði tvö allan tímann og fengið ómetanlega aðstoð frá börnum, vinum og fjölskyldum okkar. Í raun held ég að það séu fáir sem við þekkjum sem hafa ekki



Sumarhúsið eftir breytingarnar. Flötin fyrir framan er unnin úr uppgreftri á staðnum og hönnuð í kringum brúðkaupstjaldið. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON



Svava Björk. MYND/GASSI

**Sumarhúsið á fyrst og fremst að vera staður fyrir vini og fjölskyldur og til að bæta andann á andlegan hátt.**

komið að þessari framkvæmd á einhvern hátt, sem er svo einstakt. Það má því segja að við séum að deila þessu með fólkinu okkar á allan hátt. Í húsinu liggja tár, sviti og blóð í orðsins fyllstu merkingu. Þetta er verkefni sem vitum að mun verða ævistarf okkar og það er áskorun að vera þolinmód.“

Sumarið fram undan inniheldur bæði vinnu og gleðskap í sumarhúsinu. „Við stefnum á að setja upp gróðurhús, fara í lokafrágang á lóð og planta trjám og klæða skemmu sem hefur örugglega flottasta „skemmu“-útsýni landsins. Svo í júlí er árleg fjölskyldu- og vinahátíð sem allur hópurinn bíður spennur eftir.“



Hér sést ný glugginn í stofunni í upprunalega A-húsinu. Loft var klætt með sléttum plötum, einangrun sett á milli og veggir klæddir aftur og málaðir.



Fyrir breytingar hafði Eirð staðið ónotað í langan tíma. A-húsið var byggt á sjöunda áratug síðustu aldar en viðbyggingin bættist við árið 1998.



Allur panill var málaður og gluggar voru lakkaðir. MYND/VIGFÚS BIRGISSON



Svefnherbergi á efri hæð voru tekin í gegn. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON



Draumurinn var að hafa stóra eldhúseyju. MYND/GARÐAR ÓLAFSSON



Tvær kamínur voru settar upp í báðum stofunum. Bekkurinn er heimasmiðaður og kemur mjög vel út og er um leið góð geymsla fyrir eldivið.

# Garðurinn

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 27. mars 2021

Kynningar: NormX, Trésmiðjan Börkur, Garðlist



Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX, segir að sprenging hafi orðið í sölu á heitum og köldum pottum eftir að heimsfaraldurinn hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Íslenskir pottar í næstum fjörutíu ár

Fyrirtækið NormX er með næstum 40 ára reynslu í framleiðslu á heitum pottum sem hafa reynst einstaklega vel við íslenskar aðstæður. Auk þess er hægt að fá alla nauðsynlega fylgihluti fyrir pottana. [2](#)



**Knattspyrnukonan Margrét Lára lætur sig ekki muna um að fara í kaldan pott meðan krakkarnir busla í heita pottinum en margir vilja hafa báða valkostina.**

NormX hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá opnun 1982. Verslun og sýningarsalur er í Auðbrekku 6 í Kópavogi, en framleiðslan fer fram í Vogum á Vatnsleysuströnd. „Fyrirtækið hefur ávallt lagt ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu, sem skilar sér í því að sama fólk kemur aftur og aftur þegar það skiptir um húsnæði og vill aftur sams konar pott,“ segir Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX.

Orri bendir á að fyrirtækið sé alltaf að þróa sig áfram í framleiðslu og nú séu kaldir pottar mjög vinsælir. „Það hefur orðið sprenging hjá okkur í sölu á heitum og köldum pottum síðasta ár. Við höfum varla haft undan að framleiða potta á þessum COVID-tímum, en eigum þó einhvern lager. Snorralausinn var fyrsti heiti potturinn sem við framleiddum og hann er enn mjög vinsæll. Snorralausinn sem er 2000 l, er frábær kostur fyrir þá sem vilja djúpa og rúmgóða potta sem rúma 6-8 manns. Grettislausinn, sem er 1400 l, 4-6 manna, hefur tekið fram úr Snorralausinni síðustu ár og er nú okkar vinsælasti pottur, en hann er í mjög hentugri stærð fyrir meðalfjölskylduna. Við köllum kalda pottinn okkar Sigurlaugu en margir vilja hafa bæði heitan og kaldan pott í garðinum. Það hefur komið í ljós á undanförunum árum að kalt bað hefur mjög góð áhrif á líkamann, vinnur til dæmis gegn bólgum. Margir fara í kalt bað eftir líkamsrækt sem hefur gefist vel, og flytjir fyrir endurheimt,“ segir hann.

„Við höfum selt mikið af heitu pottunum okkar í sumarbústaði, bæði til einstaklinga en einnig hafa stéttarfélög og ferðaþjónustuaðilar verið stórir viðskiptavinir. Sérstæða okkar liggur í hágæða vöru á einstaklega hagstæðu verði og yfirleitt stuttum afgreiðslutíma. Við höfum aukið framleiðsluna að undanförunum vegna mikillar eftirspurnar og getum boðið pottinn beint af lagernum eins og staðan er núna. Það er mikilvægt að fólk

fari að huga strax að kaupum á pottum fyrir sumarið, því margir eru í þessum kaughugleiðingum og staðan getur breyst fljótt,“ upplýsir Orri.

Hjá NormX er hægt að fá alls kyns fylgihluti og burðargrindur fyrir pottana. „Burðargrindurnar eru algjör sníld því þær auðvelda fólk allan frágang og spara mikla vinnu. Grindin kemur klár og einungis þarf að klæða grindina með því efni sem fólk vill. Hægt er að fá grindurnar í nokkrum útgáfum t.d. ofan á eða ofan í pall eða stétt, með auka 30 cm fyrir lok, taka af eitt horn eða fleiri.

Langflestir kaupa einnig lok hjá okkur á pottinn, sjálfvirkar hitastýringar og einnig er nuddið vinsælt, enda er ákaflega þægilegt að hafa það. Við erum einnig með alls kyns smávörur sem tilheyra pottalífínu,“ segir hann.

Nýjung hjá NormX eru finnskar svalalokanir sem henta einnig í garðskála eða garðhús. „Við tókum nýlega við umboði frá Cover svalalokunum. Það er frábært að stækka stofuna með slíkri lokun eða setja upp sólstofu. Cover kerfið hefur lengi verið hér á boðstólum og hefur reynst gríðarlega vel. Þessa dagana erum við að stækka og breyta sýningarsal okkar þannig að fljótlega getum við sýnt alls kyns svalalokanir frá Cover.“

Orri segir að Íslendingar hafi alltaf verið hrifnir af heitum pottum og njóti þess að slaka á og njóta lífsins í garðinum. „Við erum stolt af því að geta boðið vandaða potta sem henta einstaklega vel í íslenskum aðstæðum. Við vitum að fólk er enn að nota potta sem eru yfir þrjátíu ára gamlir enda eru þeir sterkir og góðir og hafa reynst vel. Okkar potta er síðan hægt að endurvinnna að fullu, sem er umhverfisvænt.“

NormX er með sýningarsal að Auðbrekku 6 í Kópavogi, sími 565 8899. Sjá má frekari upplýsingar á heimasíðunni normx.is



**Snorralausinn var fyrsti heiti potturinn sem við framleiddum og hann er enn mjög vinsæll. Grettislausinn, hefur tekið fram úr Snorralausinni síðustu ár og er nú okkar vinsælasti pottur, en hann er í mjög hentugri stærð fyrir meðalfjölskylduna.**


Orri Stefánsson



**Hjá NormX er hægt að fá alla umgjörðina í kringum pottinn.**



**NormX selur Cover svalalokanir, garðhús, sólstofur og fleira.**



**Svalalokanir eru þægilegur kostur til að stækka stofuna.**

VELJUM ÍSLENSKT

# Njótum garðsins í sumar

## Nú er rétti tíminn til að byrja að fegra garðinn fyrir sumarið

Við bjóðum landsins mesta úrval af hellum og hleðslusteinum fyrir veröndina, garðinn og innkeyrsluna. Pantaðu tíma í ráðgjöf hjá landslagsarkitektunum okkar.



[bmvalla.is](http://bmvalla.is)

Stöndum vörð um íslenska framleiðslu



**BM·VALLÁ**

# Garðyrkjan valdi mig



Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is

**Guðriður Helgadóttir, eða Gurrý, er garðyrkjufræðingur og hefur kennt í Garðyrkjuskólanum á Reykjum um árabil.**

„Ég ætlaði ekki að læra garðyrkju, það var alveg á hreinu,“ segir Gurrý og hlær. „En ég vann alltaf í garðyrkju á sumrin sem unglingur í gróðurhúsi í Reykjavík. Síðan fór ég í háskóla en fann mig ekki alveg þar. Ég var svo alltaf aðeins að kíkja í gróðrarstöðina, koma við á leiðinni heim úr háskólanum eða fara að vinna í blómum á vorin þegar maður hefði kannski átt að lesa fyrir prófin.“

## Eins og ég væri komin heim

Örlögin gripu svo í taumana. „Einn daginn var ég að fara með vinnuveitanda mínum í garðyrkjustöðinni upp í sveit í gróðursetningu og þá kom í ljós að hann hafði óvænt pantað viðtal fyrir mig í Garðyrkjuskólanum án þess að láta mig vita,“ segir hún.

„Þegar ég kom hingað inn í skólann í fyrsta skipti þá leið mér eins og ég væri komin heim til mín og ég hef ekki farið síðan,“ segir Gurrý hlæjandi. „Þannig að ég segi bara: Garðyrkjan valdi mig, því ég ætlaði að fara einhverja allt aðra leið í lífinu. En ég sé ekki eftir því og var heppin að lenda á réttri hillu.“

Maður er alltaf að fást við mismunandi verkefni eftir því hvernig árið líður og þetta heldur bara einhvern veginn svo fast í mann. Þó svo að ég sé búin að vera í kennslu í mörg ár þá fer ég alltaf í hvíldarinnlögn á garðyrkjustöðina á hverju sumri og fæ aðeins að hlaupa með blóm, potta og gróðursetja og gera alls konar.“

## Sex atvinnugreinar

Gurrý segir garðyrkju skiptast í sex atvinnugreinar. „Ein þeirra er blómaskreytingar, þá er það fólk sem er að búa til alls konar blómaskreytingar fyrir öll hátíðleg og minna hátíðleg tækifæri. Á öllum stóráhöfnum í lífinu viltu hafa falleg blóm í kringum þig og það skiptir máli hvernig þetta er saman sett og búið til. Þetta er mjög skapandi starf.“

Síðan erum við með skrudgarðyrkju sem er löggilt iðngrein, þar er fólk að vinna við að helluleggja og klippa garða og skapa fallegt umhverfi allt í kringum okkur og notar til þess ýmis efni, bæði grá yfirborðsefni sem geta verið hellur eða steinar og eru síðan líka að búa til grænt umhverfi. Margir sem hafa lært skrudgarðyrkju eru til dæmis að vinna á hjá sveitarfélögum.“



Guðriður Helgadóttir, eða Gurrý, segist heppin að hafa lent á réttri hillu. MYND/ADSEND

**” Margir fara út í matjurtaræktun því þeir vilja bara leggja sitt af mörkum til að draga úr flutningi á matvælum á milli landa.**

„Næst er það garðplöntuframleiðsla, það er það sem ég lærði. Þá er maður að vinna í gróðrarstöð við það að framleiða allar þær plöntur sem mögulega geta þrífist utanhúss á Íslandi. Það eru þá tré og runnar sem við höfum verið með í gördum, fjölærar plöntur, sumarblóm, forræktaðar matjurtir, skógarplöntur fyrir skógana, það er kennt á þeirri braut. Það er svo líka útmatjurtaræktun eins og stóru framleiðendurnir hérna uppi í Hreppnum sem eru að framleiða hvítkál, rauðkál og rófur. Það flokkast líka undir ylraekt þó það sé ekki endilega inni í gróðurhúsum.“

Svo erum við með lífræna ræktun en það er styst síðan það nám var sett á laggirnar hérna í skólanum. Þar er verið að einblína á aðferðir lífrænnar ræktunar til að búa til mat, þetta er fyrst og fremst matjurtaræktun. Að lokum er það svo skótgætni en það er fólkið sem er í nýrækt á skógum. Það eru þeir sem fara í kuldagallann á veturna með keðjusögina og fara að grísa í skógum og vinna þá sem sagt úti í skógum.“

Allt þetta nám er á framhaldsskólastigi þannig að þetta er sambærilegt við iðnnám, ef ég ætti að kortleggja námið sem við erum með hér í skólanum.“

## Endurspeglar samfélagið

Gurrý segir misjafnt milli ára hvaða brautir njóti mestra vinsælda. „Nú eru ylraekt og lífræn ræktun vinsælustu brautirnar í skólanum. Það hversu vinsælar brautirnar okkar eru endurspeglar oft það sem er að gerast í samfélaginu. Núna til dæmis eru mjög margir sem eru komnir á grænkerarófið, eru ýmist vegan eða grænmetisætur og það hefur áhrif. Fólk er líka orðið svo meðvitað um umhverfismál og hvert einasta brokkóli sem þú ræktar heima í garðinum þínum ertu ekki að flytja inn frá einhverju öðru landi. Margir fara út í matjurtaræktun því þeir vilja einfaldlega leggja sitt af mörkum til að draga úr flutningi á matvælum á milli landa. Það eru svo mörg tækifæri í garðyrkju sem tengjast matvælaframleiðslu.“

## Kerrur af öllum stærðum og gerðum

Stema kerrur – þýsk gæðavara

Stema Systema 750

305.000 kr.

Stema Basic 750

154.900 kr.

Sjá fleiri kerrur á [asafl.is](http://asafl.is)

Eigum til varahluti á lager sem henta í fleiri gerðir kerra

Ásafl er umboðs- og þjónustuaðili Stema á Íslandi

Ásafl ehf.  
Hjallahrauni 2 220 Hafnarfirði

Sími: 562 3833  
Opíð 8:30 – 17 virka daga  
[asafl@asafl.is](mailto:asafl@asafl.is)

**ÁSAFL**  
asafl.is


# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands\*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

\*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job



## Viltu skapa ný og græn tækifæri?

Við leitum eftir kraftmiklum forstöðumanni til að leiða nýja deild nýsköpunar og öflugan hóp starfsfólks á sviði Viðskiptaþróunar og nýsköpunar. Sviðið vinnur að því gera fjölbreytt, spennandi, ný og græn orkutækifæri að veruleika, í tengslum við nýtingu endurnýjanlegrar raforku og orku- og efnisstrauma frá rekstri aflstöðva Landsvirkjunar.

### Að okkar mati felst lausnin á loftslagsvandnum aðallega í:

- Aukinni endurnýjanlegri orkuvinnslu
- Lækkun kolefnisspors framleiðslu vöru og þjónustu, með nýsköpun og bættu nýtingu að leiðarljósi
- Föngun og förgun eða nýtingu þeirrar kolefnislosunar sem eftir stendur

Þannig sköpum við verðmæti til framtíðar, betra samfélag og heilbriggt umhverfi.

### Verkefni

- Stýra teymi um nýsköpun tengda vetni og rafeldsneyti, rafhlöðum, matvælum, iðngörðum og fleiru
- Móta og koma í framkvæmd nýsköpunarverkefnum, stefnu- og áætlunargerð
- Móta og stýra samstarfi um nýsköpun við sveitarfélög, önnur fyrirtæki, klasa og aðra aðila
- Móta og stýra alþjóðlegri þekkingaröflun og framsæknu samstarfi vegna rannsóknar- og þróunarverkefna, með áherslu á hagnýtingu þekkingar og verðmætasköpun

### Hæfni og þekking

- Sterk sköpunargleði og skipulagshæfni í jafnvægi
- Reynsla af því að framkvæma, stuðla að eða styðja við nýsköpun
- Hagnýt þekking og framhaldsnám í raunvísindum eða öðru sem nýtist í starfi
- Sterkir stjórnunar- og samskiptahæfileikar
- Mikill samstarfsvilji, lausnamiðuð hugsun og vaxtarviðhorf

### Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2021

Sótt er um starfið hjá VinnVinn.is

## Viltu auðvelda viðskipti með græna orku?

Við leitum eftir starfsmanni í viðskiptaþjónustu, sem er ný eining á sviði Sölu og þjónustu. Sviðið vinnur að því að hámarka afraksturinn af náttúruauðlindunum sem fyrirtækinu er trúað fyrir og veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Viðskiptaþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki í að umbylta þjónustunni með nýjustu tækni og stafrænum lausnum.

### Verkefni


- Vinna að stafrænum lausnum í raforkusölu og rekstri raforkusamninga
- Þjónusta viðskiptavini við raforkukaup
- Auka sjálfvirkni í móttöku á raforkupöntunum
- Vinna við uppgjör raforkuviðskipta
- Miðla upplýsingum um raforkuviðskipti

### Hæfni og þekking

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stafrænum lausnum kostur
- Leikni í að skipuleggja og einfalda vinnu
- Jákvætt hugarfar
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Áhugi á að vinna með tölur

### Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2021

Sótt er um starfið hjá VinnVinn.is



Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera menningarmiðstöð fyrir alla landsmenn og áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna. Markmið félagsins er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öfluglu mannlífi í miðborginni. Harpa hefur hlotið fjölda viðurkenninga og alþjóðlegra verðlauna fyrir byggingarlist og aðstöðu.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

## Sölustjóri

Við leitum að framúrskarandi liðsmanni í teymi sölustjóra hjá Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi. Viðkomandi þarf að vera kröftug, hugmyndarík, jákvæð, markmiða- og sölundrífinn manneskja og hafa metnað til að taka þátt að efla Hörpu sem ráðstefnuhús og áfangastað á heimsmælikvarða.

### Helstu verkefni:

- Kynning og sala á aðstöðu og þjónustu í Hörpu gagnvart innlendum og erlendum ráðstefnu- og viðburðaskipuleggjendum.
- Áætlanir, tilboðs- og samningagerð og uppgjör í tengslum við ráðstefnu- og viðburðahald.
- Aðstoð við vinnslu á markaðsefni á íslensku og ensku á sviði ráðstefnuhalds, viðburða og ferðaþjónustu.
- Þátttaka í viðskiptaþróun með það að markmiði að efla Hörpu sem alþjóðlegt ráðstefnuhús og hámarka tekjur vegna útleigu og þjónustu.
- Sölustjóri starfar sem hluti af teymi og jafnframt með starfsmönnum tæknisviðs og veitingaþjónustu í Hörpu.

### Hæfniskröfur:

- Fjölbreytt reynsla af sölu – og markaðsmálum og a.m.k. þriggja ára starfsreynsla sem nýtist í starfi.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af samninga- og áætlanagerð.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, vald á fleiri tungumálum er kostur.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð og mikill metnaður til að ná árangri.
- Geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum verkefnum á sama tíma.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is).

**vinnvinn**  
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í víðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila.

Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strand-svæða, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

21.10 Það er komin Helgi

22.20 Booksmart Skemmtileg kvikmynd frá 2019.

**00.05 Everest** Stórmynd frá 2015 sem Baltasar Kormákur leikstýrir. Everest er byggð á sönnum atburðum sem gerðust árið 1996 þegar öflugur stormur skall skyndilega og algjörlega óvænt á Everest með þeim afleiðingum að átta fjallgöngumenn sem voru komnir á toppinn eða rétt að komast þangað fórust.

02.05 Lawless

04.00 Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**

07.00 Fréttir

**07.03 Vinill vikunnar** Lög úr söngleikjum og kvikmyndunum

08.00 Morgunfréttir

**08.05 Ástir gömlu meistaranna** Franz Schubert

09.00 Fréttir

09.03 Á reki með KK

10.00 Fréttir

10.05 Veðurfregnir

10.15 Hryggisúlan (4 af 4)

11.00 Fréttir

11.03 Vikulokin

12.00 Hádegisútsvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.45 Heimskviður

13.15 Gestaboð

15.00 Flakk

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Orð um bækur

17.00 Tónlist frá A til Ö

18.00 Kvöldfréttir

18.10 Í ljósi sögunnar

18.50 Veðurfregnir

18.53 Dánarfregnir

19.00 Sveifludansar Nina Simone,

**20.45 Fólk og fræði** Pálmaolía, varalítir og skógareyðing

**21.15 Bók vikunnar** Fahrenheit 451

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfregnir

22.09 Lestur Passíusálma (46 af 50)

22.15 Litla flugan Fats Domino

23.00 Vikulokin

00.00 Fréttir

00.05 Næturútsvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15 Nancy Drew and the Hidden Staircase**

12.40 Palm Beach

14.15 Official Secrets

16.05 Nancy Drew and the Hidden Staircase

17.35 Palm Beach

19.10 Official Secrets

21.00 Bennett's War

**22.30 The Command** Spennu- mynd frá 2018 sem byggð er á sönnum atburðum. Þann 12. ágúst árið 2000 varð gríðarleg sprenging í rússneska kjarnorkukafbátinum Kursk þar sem hann tók þátt í flotaæfingu Rússa á Barentshafi með þeim afleiðingum að hann sökk til botns á rúnum tveimur mínútum.

00.25 Godzilla

02.25 Bennett's War

## STÖÐ 2

08.00 Strumpanir

08.20 Latibær

08.30 Monurnar

08.45 Vanda og geimveran

08.55 Tappi mús

09.00 Heiða

09.25 Blíða og Blær

09.45 Vikingurinn Viggó

09.55 Leikfélag Esóps

10.05 Mæja býfluga

10.20 Mia og ég

10.45 Lina langsokkur

11.05 Angelo ræður

11.15 Angry Birds Stella

11.20 Hunter Street

11.45 Friends

12.10 Draumaheimilið

12.35 Bold and the Beautiful

13.00 Bold and the Beautiful

13.20 Bold and the Beautiful

13.40 Bold and the Beautiful

14.05 Bold and the Beautiful

14.25 Inside the Ritz Hotel London

15.15 Leitinn að uppruninum

16.20 The Masked Singer

17.20 Í kvöld er gíg

18.26 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.40 Sportpakkinn

18.53 Lottó

**18.55 Blindur bakstur** Stórskemmtilegir nýir þættir þar sem Eva Laufey fær til sín góða gesti sem ætla að keppa í kökubakstri. Eva er með ákveðna uppskrift sem keppendur þurfa að fylgja frá upphafi til enda í blindni.

19.20 Bridget Jones's Baby

21.20 Down A Dark Hall

23.00 Water for Elephants

01.00 A Prayer Before Dawn

02.50 The Journey

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni

20.00 Friends

20.25 Friends

20.55 The Office

21.15 Simpson-fjölskyldan 32

21.45 Bob's Burgers 11

22.15 Gentleman Jack

23.15 Absentia

00.00 True Blood

00.50 True Blood

01.45 Friends

02.15 Friends

02.35 The Office

## STÖÐ 2 SPORT

09.05 Dominos Körfuboltakvöld

**10.30 Breiðablik - Tindastóll** Útsending frá leik í Lengjubíkar kvenna.

**12.10 Haukar - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.

**15.30 Keflavík - Stjarnan**

**18.30 Haukar - ÍBV** Útsending frá leik í Olis deild kvenna.

**19.20 Kría - HK** Bein útsending frá leik í Grill 66 deildinni.

**21.00 Seinni bylgjan - karla**

**22.30 Dominos Körfuboltakvöld**

**23.55 Haukar - ÍR** Útsending frá leik í Dominos deild karla.

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.15 Everton - Manchester City

09.00 Miami Heat - Indiana Pacers

12.05 Juventus - Benevento

13.50 Rússland - Slóvenía Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

16.50 Noregur - Tyrkland Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

19.35 Tékkland - Belgía Bein útsending frá leik í undankeppni HM.

21.45 Markaðáttur HM

01.00 New Orleans Pelicans - Dallas Mavericks Bein útsending frá leik í NBA.

NÝR 100%  
RAFBÍLL 40 KWH

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ NÝR NISSAN LEAF



TRYGGÐU ÞÉR NISSAN LEAF  
Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ

**TILBOÐ 3.590.000 KR.**  
HLAÐINN AUKABÚNAÐI

#### AUKAHLUTIR INNIFALDIR M.A.

- SYNTHETIC LEÐURÁKLÆÐI
- HITI Í STÝRI, FRAM- OG AFTURSÆTUM
- LYKILLAUST AÐGENGI OG RÆSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ 360° MYNDAVÉL
- 17" ÁLFELGUR
- INTELLIGENT CRUISE CONTROL HRAÐASTILLIR
- SJÁLFVIRK MIÐSTÖÐ MEÐ LOFTKÆLINGU
- 6 LOFTPÚÐAR
- ISOFIX FESTINGAR FYRIR BARNABÍLSTÓL
- BLINDHORNSVIÐVÖRUN
- BLUETOOTH TIL AÐ STREYMA TÓNLIST OG SÍMA

SÖLUAÐILI



100 BÍLAR EHF • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999  
WWW.100BILAR.IS • 100BILAR@100BILAR.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-15

## Sunnudagur

## HRINGBRAUT

- 20.00 Mannamál (e)** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkt einstaklinga.
- 20.30 Atvinnulífið (e)** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra.
- 21.00 Suðurnesja-magasín Vikurfréttá (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.
- 21.30 Sir Arnar Gauti (e)** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt þar sem hann tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsameningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

## RÚV SJÓNVARP

- 07.15 KrakkaRÚV**
- 07.16 Tulipop**
- 07.19 Minnsti maður í heimi**
- 07.20 Refurinn Pablo**
- 07.25 Úmisúmi**
- 07.48 Poppý kisukló**
- 07.59 Kúlugúbbarnir**
- 08.22 Lautarferð með köku**
- 08.28 Hæ Sámur**
- 08.35 Flugskólinn**
- 08.57 Hruturinn Hreinn**
- 09.04 Múminálfarnir**
- 09.26 Robbi og Skrímsli**
- 09.48 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 09.59 Minnsti maður í heimi**
- 10.00 Ævar vísindamaður**
- 10.25 Tónatal - brot Sigríður** Torlacius og Sigurður Guðmundsson
- 10.30 Menningin - samantekt**
- 11.00 Silfrið**
- 12.10 Músikmolar**
- 12.20 Bækur og staðir**
- 12.30 EM stofan**
- 12.50 Ísland - Danmörk** Bein útsending.
- 14.50 EM stofan**
- 15.10 HM stofan**
- 15.50 Armenia - Ísland** Bein útsending frá leik í undankeppni HM.
- 17.50 HM stofan**
- 18.20 Tákn málsfréttir**
- 18.30 KrakkaRÚV**
- 18.31 Stundin okkar**
- 18.50 Landakort**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.35 Veður**
- 19.45 Landinn**
- 20.20 Ísland. bíóland Vorhret á glugga**
- 21.20 Einkar enskt hneykslismál**
- 22.20 Spænska drottningin**
- 00.25 Silfrið**
- 01.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

- 09.50 PGA Special. This is Mackenzie Tour**
- 10.10 PGA Tour 2021**
- 13.10 European Tour 2021 - Highlights**
- 14.00 World Golf Championship 2021** Bein útsending.
- 23.05 PGA Special. Tiger Tales**
- 23.50 PGA Special**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 13.15 Dr. Phil**
- 14.00 Dr. Phil**
- 14.45 Það er komin Helgi**
- 16.40 Family Guy**
- 17.00 The King of Queens**
- 17.20 Everybody Loves Raymond**
- 18.15 For the People**
- 19.00 Hver drap Friðrik Dór?**
- 19.30 Með Loga** Logi Bergmann Eiðsson stýrir skemmtilegum viðtalsþætti þar sem spennandi og áhrifamiklir einstaklingar eru teknir tali með einstökum hætti eins og Loga er einum lagið.
- 20.10 This Is Us**
- 21.00 Roadkill**
- 21.55 The Good Lord Bird**
- 22.45 The Walking Dead**
- 23.30 The Resident**
- 00.15 Station 19**
- 01.00 The Rookie**
- 01.45 Blue Bloods**
- 02.30 Mayans M.C.**
- 03.25 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

- 06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
- 07.00 Fréttir**
- 07.03 Hringrás** Um Tyrkizstan og XingKiang hérað í Kína
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.05 Á tónsviðinu**
- 09.00 Fréttir**
- 09.03 Svona er þetta**
- 10.00 Fréttir**
- 10.05 Veðurfregnir**
- 10.15 Bók vikunnar**
- 11.00 Guðsþjónusta í Kópavogskirkju**
- 12.00 Hádegisútlit**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 13.00 Sögur af landi**
- 14.00 Viðsjá**
- 15.00 Lestin**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Úr tónlistarlífinu.** Draumar og brot-hætt hjörtu
- 17.25 Orð af orði**
- 18.00 Kvöldfréttir**
- 18.10 Hryggisúlan**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Óskastundin**
- 19.40 Ástir gömlu meistaranna** Franz Schubert
- 20.35 Gestaboð**
- 21.30 Fólk og fræði** Hreyfing og heilsa barna
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Á reki með KK**
- 23.10 Frjálsar hendur**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.20 The Family Stone**
- 12.00 Crazy Rich Asians**
- 13.55 Uncle Drew**
- 15.40 The Family Stone**
- 17.20 Crazy Rich Asians**
- 19.15 Uncle Drew**
- 21.00 Jojo Rabbit** Óskarsverðlaunamynd frá 2019. Jojo er tíu ára drengur í ungliða-hreyfingu Adolfs Hitlers, svonefndri Hitlersæsku, þar sem ungdóminum er m.a. kennt að meðhöndla vopn og að gyðingar séu rót alls ills.
- 22.45 Tag**
- 00.25 Godzilla. King of the Monsters**
- 02.30 Jojo Rabbit**

## STÖÐ 2

- 08.00 Strumparnir**
- 08.20 Blíða og Blær**
- 08.45 Vikingurinn Viggó**
- 08.55 Adda klóka**
- 09.20 Mia og ég**
- 09.40 Lína langsokkur**
- 10.05 Lukku láki**
- 10.30 Ævintýri Tinna**
- 10.50 Angry Birds Stella**
- 11.00 It's Pony**
- 11.30 Top 20 Funniest**
- 12.10 Nágrannar**
- 13.40 Nágrannar**
- 14.05 BBQ kóngurinn**
- 14.35 Blindur bakstur**
- 15.05 Um land allt**
- 15.50 Grand Designs**
- 16.50 60 Minutes**
- 17.35 Viglinan**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.40 Sportpakinn**
- 18.50 Ísland í dag**
- 19.05 Leitinn að uppruninum**
- 19.45 Inside the Ritz Hotel** London Heimildarþætti frá 2019 þar sem skyggst er á bak við tjöldin hjá einu frægasta lúxushótelinu í heimi, Ritz hótelinu í Lundunum.
- 20.35 Finding Alice**
- 21.25 Tell Me Your Secrets**
- 22.15 Prodigal Son 2**
- 23.00 Tin Star. Liverpool**
- 23.50 Shameless**
- 00.45 Warrior**
- 01.35 Warrior**
- 02.15 Top 20 Funniest**
- 02.55 Um land allt**
- 03.40 Grand Designs**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.50 The Office**
- 21.10 True Blood**
- 22.10 True Blood**
- 23.05 Ríkið**
- 23.30 Last Man Standing**
- 23.55 Friends**
- 00.15 Friends**
- 00.40 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

- 10.10 Seinni bylgjan - karla**
- 11.40 Stjarnan - Afturelding** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 13.05 Þór/KA - Stjarnan** Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.
- 14.50 Valur - Fram** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
- 18.05 Valur - Þór Ak.** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 20.05 ÍR - Keflavík** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 22.00 Dominos Tilprifin 18. umferð**
- 22.45 Seinni bylgjan - karla**

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.50 Markaðspáttur HM**
- 09.25 Rússland - Slóvenía**
- 11.05 Tékkland - Belgía**
- 12.50 Kasakstan - Frakkland** Bein útsending.
- 14.55 Stærstu augsblick Meistaradeildarinnar**
- 15.50 Albanía - England** Bein útsending.
- 18.15 La Liga. Goals Galore - Suarez**
- 18.35 Rúmenía - Þýskaland** Bein útsending.
- 20.45 Markaðspáttur HM**
- 21.15 Noregur - Tyrkland**
- 22.55 Armenia - Ísland**

## Mánudagur

## HRINGBRAUT

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins.
- 19.00 Maður sviðs og söngva - Björgvin Halldórsson - Seinni hluti** Heimildarmynd um líf og list Björgvins Halldórssonar.
- 19.30 Fréttavaktin - Sérúval** Brot af því besta úr liðnum þáttum.
- 20.00 Atvinnulífið** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspeglar þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins.
- 21.00 Heima er best** Heima er best er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
- 21.30 Karlmennskan (e)** Feminískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.

## RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
- 09.10 Grænir fingur 1989-1990**
- 09.25 Hvað höfum við gert?**
- 10.00 Mósaik 2000-2001**
- 10.40 Straumar** Sexan
- 11.45 Fólkið í landinu** Helga Sigurjónsdóttir
- 12.10 Heimaleikfimi**
- 12.25 Ísland: bíóland Vorhret á glugga**
- 13.25 Westwood: Þónkari, átrúnaðargóð og aðgerðarsinni** Westwood: Punk, Icon, Activist
- 14.45 Saga Stuðmanna**
- 16.05 Tónatal - brot Sigríður** Thorlacius - Comme d'habitude
- 16.15 Landinn**
- 16.45 Löwander-fjölskyldan**
- 17.50 Tákn málsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Loðmundur**
- 18.08 Skotti og Fló**
- 18.15 Lestrarhvat**
- 18.22 Stuðboltarnir**
- 18.33 Nellý og Nóra**
- 18.40 Sammi brunavörður**
- 18.50 Krakkafréttir**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Hvað getum við gert?** Nýting lands
- 20.10 Hláturvísindi The Science Of Laughter**
- 21.00 Kynproskinn - Kynlíf** Newton. Pubertet
- 21.10 Sáttasemjarinn Peacemaker**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Útrás Exit**
- 22.55 Kvikmyndatónlist.** Samþil hjóðs og myndar Score. A Film Music Documentary
- 00.25 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

- 08.00 World Golf Championship 2021**
- 16.00 PGA Highlights 2021**
- 16.55 World Golf Championship 2021**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 13.00 Dr. Phil**
- 13.45 The Late Late**
- 14.30 mixed-ish**
- 14.55 Zoey's Extraordinary Playlist**
- 15.40 90210**
- 16.40 Family Guy**
- 17.00 The King of Queens**
- 17.20 Everybody Loves Raymond**
- 17.45 Dr. Phil**
- 18.30 The Late Late**
- 19.15 Man with a Plan**
- 19.40 Superstore**
- 20.10 Gordon Ramsay's 24 Hours to Hell and Back**
- 21.00 The Rookie**
- 21.50 The Hobbit. An Unexpected Journey**
- 00.35 The Late Late**
- 01.20 The Resident**
- 02.05 Station 19**
- 02.50 FBI**
- 03.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Flugur Pelican, Borgís og Paradís**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegð**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegðiseinni hluti**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Hringrás** Um Istanbul
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Orð um bækur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spelliginn**
- 18.30 KrakkaRÚV**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Eyrbyggja saga (4 af 26)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.09 Lestur Passíusálma (47 af 50)**
- 22.15 Samfélagið**
- 23.10 Segðu mér**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.30 Sweet Home Carolina**
- 11.55 Spider-Man. Into the Spider Verse**
- 13.45 Gold**
- 15.45 Sweet Home Carolina**
- 17.05 Spider-Man. Into the Spider Verse**
- 19.00 Gold**
- 21.00 John Wick 2** Hörkupennandi mynd frá 2017 með Keanu Reeves í aðalhlutverki.
- 22.55 Rambo. Last Blood** Spennumynd frá 2019 með Sylvester Stallone.
- 00.35 The Mule**
- 02.30 John Wick 2**

## STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 Veronica Mars**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 The O.C.**
- 10.05 The Goldbergs**
- 10.30 Life and Birth**
- 11.15 Lodgers For Codgers**
- 12.00 Golfarinn**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Last Man Standing**
- 13.15 Suits**
- 14.00 Modern Family**
- 14.25 12 Puppies and Us**
- 15.30 MasterChef Junior**
- 16.10 Ísskápastríð**
- 16.40 First Dates**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi.
- 19.50 Grand Designs**
- 20.40 In Search of Greatness**
- 22.05 Tin Star. Liverpool**
- 22.55 60 Minutes**
- 23.45 S.W.A.T.**
- 00.30 Chernobyl**
- 01.25 Warrior**
- 02.10 Warrior**
- 03.00 Veronica Mars**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**
- 20.00 Friends**
- 20.20 Friends**
- 20.50 The Office**
- 21.10 Last Man Standing**
- 21.35 Killing Eve**
- 22.20 Cheat**
- 23.10 Castle Rock**
- 00.10 The Bold Type**
- 00.50 Friends**
- 01.10 Friends**
- 01.35 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

- 10.20 Dominos Tilprifin 18. umferð**
- 11.05 Haukar - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
- 12.30 Skallagrimur - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 14.10 ÍR - Keflavík** Útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 15.50 Valur - Þór Ak.**
- 17.35 Valur - Fram** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 19.00 Njarðvík - Höttur** Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
- 21.15 Seinni bylgjan - karla**
- 22.45 Dominos Tilprifin 18. umferð**
- 23.30 Njarðvík - Höttur**

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 08.20 Markaðspáttur HM**
- 08.50 Kasakstan - Frakkland**
- 10.30 Albanía - England**
- 12.10 Rúmenía - Þýskaland**
- 13.50 Armenia - Ísland**
- 15.30 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 15.55 Charlotte Hornets - Phoenix Suns**
- 19.00 Fréttapáttur EM**
- 19.30 New Orleans Pelicans - Dallas Mavericks**
- 22.30 Movistar Estudiantes - MoraBanc Andorra**



# TAX FREE

## { EKKI MISSA AF ÞESSU }

REYKJAVÍK | AKUREYRI | SÉTRÞUR

### AF ÖLLUM VÖRUM\*

\* Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir á öllum vörum nema vörum frá Simba. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af sérpöntunum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.



[www.dorma.is](http://www.dorma.is)

VEFVERSLUN  
ALLTAF  
OPIN

**NATURE'S REST LUXURY**  
heilsurúm með Classic botni

VERÐDEMI



160 x 200 cm Nature's Rest Luxury  
heilsudýna á Classic botni: Fullt verð: 104.900 kr.

**Aðeins 84.597 kr.**

**AUSTIN**  
3ja sæta rafdrifinn sjónvarssófi.

VERÐDEMI



Svart eða grátt leður - fullt verð: 234.900 kr.

**Aðeins 189.435 kr.**

**DORMA LUXE**  
heilsárssæng 140x200 cm

VERÐDEMI



Fullt verð: 25.900 kr.

**Aðeins 20.720 kr.**

**SKEMMTILEGAR PÁSKAVÖRUR**  
Mikið úrval og gott verð.



**LICATA**  
hornsófi hægri eða vinstri.  
Grár eða koníaksbrúnn.

VERÐDEMI



Fullt verð: 269.900 kr.

**Aðeins 217.661 kr.**

**SÆGURFÖT**  
Mikið úrval og gæði

VERÐDEMI



Fullt verð frá: 10.990 kr.

**Frá aðeins 8.792 kr.**

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugardaga kl. 11-17

Holtgördum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Sló aukaslög þegar henni bauðst að vinna með Marvel

**Hanna Dís** áttaði sig á því hvað hún vildi gera í lífinu þegar hún sá kvikmyndina The Avengers fyrir níu árum. Hún segir hjartað hafa slegið nokkur aukaslög er henni bauðst að vinna að tæknibrellum fyrir þættina WandaVision, sem fjalla um einn af Hefnendunum.

**M**arvel-þættirnir WandaVision hafa hlotið mikið lof áhorfenda sem og gagnrýnenda. Útlit þáttanna hefur sérstaklega verið lofað og tæknibrellurnar þykja framúrskarandi. Það vakti því forvitni nokkurra athugulla áhorfenda þegar íslenskt nafn birtist á kreditlistanum. Jóhanna Bryndís, alltaf kölluð Hanna Dís, er samt högværðin uppmáluð þegar hún er spurð út í aðkomu sína að gerð þáttanna og bendir á að þúsundir hafi unnið að tæknibrellunum í þáttunum. Þetta er þó engu að síður merkilegt afrek.

Hanna býr í Hlíðunum með kærastanum sínum og hundi, en hefur verið á flakki síðustu ár vegna náms og vinnu. Hún lýsir sér sem „introvert“ og nörd.

„Ég hef alltaf haft gríðarlegan áhuga á kvikmyndum og þáttum og gerð þeirra. Ég hef líka mikinn áhuga á ljósmyndun og svo hlusta ég grimmt á glæpahlaðvörp.“

Hún segist alltaf hafa haft áhuga á tæknilegum hlutum.

„Ég er manneskjan í vínahópnum og fjölskyldunni sem fólk biður um hjálp tengda tölvum og öllu tengdu tækni. Ég man eftir mér fastri í Gameboy þegar ég var yngri og það breyttist ekkert með tímanum, ég var 28 ára þegar ég bað um Nintendo Switch í jólagjöf, þannig að þetta eldist seint af mér,“ segir hún og hlær.

## Avengers breytti öllu

„Kvikmyndasmekkurinn minn þegar ég var yngri einkenndist eiginlega bara af Lion King. Ég fór kannski ekki að mynda mér neinar sérstakar skoðanir á tæknibrellum fyrr en ég fór að elska Jurassic Park, sem ég geri enn þá. Svo þegar ég sá Avengers, sem kom út 2012, þá vissi ég nákvæmlega hvað ég vildi læra og gera,“ segir Hanna. Það verður því að telja einstakt afrek að hafa fengið tækifæri til að vinna að sjónvarpsþáttum um Hefnandann Wöndu Maximoff.

Stefnan var þó ekki alltaf skýr fyrir það.

„Ég var, eins og einn kennari kallaði mig á sínum tíma, „flakari“ af því að ég flakkaði á milli svo margra menntaskóla og hafði alveg engan áhuga á því sem var í boði. Bóklegt nám höfðaði aldrei til mín. Það var eitthvað annað sem ég vildi gera en ég vissi ekki alveg hvað, en ég vissi að það væri tengt kvikmyndum. Mér fannst tæknibrell-

urnar svo magnaðar í The Avengers að ég vildi komast á þann stað að geta verið partur af teymi sem er á bak við þannig bíómyndir. Svo auðvitað urðu brellurnar bara betri með árunum,“ segir hún.

Hanna ákvað í kjölfarið að klára stúdentsprófið til að hafa meiri möguleika á að læra erlendis.

„Það var ekki fyrr en ég fór í Margmiðlunarskólann árið 2017, þar sem maður fær að prufa allt mögulegt, að ég fann mína hillu sem „compositor“. Hlutverk þeirra er að taka stafrænt efni frá mismunandi deildum og þetta þá saman, skapa heildarmyndina. Ég endaði á því að fara til Vancouver í Lost Boys Studios, sem er skóli sem ég mæli eindregið með fyrir þá sem hafa áhuga á þessu. Svo er Vancouver líka frábær borg,“ segir Hanna.

## Hlutur kvenna að aukast

Hanna viðurkennir að það halli á konur þegar kemur að þessum bransa.

„Í bekknum mínum í Lost Boys voru þrjár stelpur í tíu manna bekk, en ég sá strax breytingu árið eftir þar sem mun fleiri stelpur skráðu sig í námið. En maður finnur alveg fyrir því hversu fáar konur eru. Ég er ekki viss um að það hafi einhver áhrif að vera kona þegar kemur að ráðningum, ég hef allavega ekki fundið fyrir því. Áður en ég flutti út þá var ég í námi í Margmiðlunarskólanum og kynntist þar frábærum stelpum sem eru enn þá í dag mínar bestu vinur. Við nýttum tímann í COVID og tókum að okkur mikilvægt verkefni sem mun vonandi hafa mikil áhrif. Við köllum okkur Vetur Production,“ segir hún.

Hluti af náminu fólst í að vinna að gerð sjónvarpsþáttanna The Order, sem er á Netflix.

„Það var eiginlega partur af náminu, þá voru seinustu tveir mánuðirnir í stúdíói þar sem maður fékk að læra inn á þetta. Þetta var rosalega lítið stúdíó og við vorum bara fimm þarna, sem var mikil pressa. Ég var svolítið hrædd við þetta en ég lærði mikið og þetta var mjög skemmtilegt. Það er frekar erfitt að fá vinnu strax eftir nám, svo það tók góðan tíma fyrir mig að fá næsta verkefni.“

## Leynd yfir verkefnum

Fyrsta verkefni Hönnu eftir námið var að gera tæknibrellur fyrir stórmyndina Cats.

„Leið mín lá þá til London þar sem ég vann hjá stóru fyrirtæki þar sem



**FYRIR MÉR VAR ÞETTA NÁTTÚRULEGA MITT MARKMIÐ FRÁ ÞVI ÉG SÁ THE AVENGERS ÁRIÐ 2012, ÉG ÆTLAÐI AÐ KOMAST Á KREDITLISTANN HJÁ MARVEL OG ÞAÐ TÓKST. ÞANNIG AÐ ÞETTA VAR RISASTÓRT FYRIR MIG.**



Hönnu Dís hafði lengi dreymt um að starfa með Marvel þegar henni bauðst að vinna að gerð WandaVision. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

maður er bara lítið peð, það var góð reynsla engu að síður og mikil upplifun. Ég sá þar að minni stúdíóin heilluðu mig meira, þar eru hlutirnir aðeins persónulegri. Samningar eru yfirleitt mjög stuttir og þú ert svolítið að flakka á milli fyrirtækja. Það ríkir auðvitað svakaleg leynd yfir öllum verkefnum, þú skrifar undir þagnareid, þannig að maður þarf að passa sig mikið hvað það varðar,“ segir Hanna.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í starfinu þínu?*

„Það er í rauninni mjög margt, það er rosalega gaman að sjá eitthvað frá byrjun til enda og sjá það svo uppi á stórum skjá sem allir geta horft á.“

*Hvernig kom það til að þú varst fengin til að vinna að WandaVision?*

„Upphaflega var mér boðið að vinna að gerð bíómyndarinnar Cruella og þá hefði ég þurft að flytja til Dublin. Heimsfaraldurinn skall á stuttu eftir það, svo það varð ekkert úr því. Sami aðili og bauð mér það starf hafði samband stuttu seinna og bauð mér annað tækifæri, og þá í fjarvinnu. Það er mjög jákvætt að geta sagt já við svona tækifærum og unnið að heiman í þessu ástandi. Hjartað tók síðan nokkur aukaslög þegar ég sá að hverju ég væri að fara að

vinna, þar sem ástæðan fyrir því að ég sótti í þennan bransa eru Marvel-myndirnar. Hundurinn minn heitir meira að segja Marvel, en það er önnur saga,“ segir hún og hlær.

## Tókst markmiðið

Hanna Dís er einstaklega stolt af því að hafa fengið að vera partur af þessu verkefni.

„Ég held að margir geri sér ekki grein fyrir því hversu margar deildir og mikið af fólki kemur að svona verkefnum, hversu mikil vinna er á bak við þetta í raun og veru. Satt best að segja var ég ekki að búast við að komast á kreditlistann í WandaVision. Það eru margir sem eru með mun meiri reynslu og langt komnir inn í bransann sem störfuðu að gerð myndarinnar. Það var ekki fyrr en að ég sá umræðu um það á netinu að gera það að reglu að birta nöfn allra sem koma að verkefnum þeirra. Það finnst mér alveg frábært, af því mér finnst að allir sem vinna bæði dag og nótt til að koma þessu á skjáinn og leyfa fólki að njóta, eigi skilið að fá kredit fyrir vinnuna sína.“

Hún ákvað því að tékka á kreditlistanum og segist hafa fengið ákveðið spennufall þegar hún kom auga á eigið nafn.

„Þetta virðist ekki vera merkilegt

fyrir aðra, en þetta er svo ótrúlega skemmtilegt fyrir fólk sem vinnur að þessu. Fyrir mér var þetta náttúrulega mitt markmið frá því ég sá The Avengers árið 2012, ég ætlaði að komast á kreditlistann hjá Marvel og það tókst. Þannig að þetta var risastórt fyrir mig,“ segir hún.

## Spennt fyrir framtíðinni

Hanna Dís er nýlega byrjuð að vinna hjá Reykjavík Visual Effects (RVX) og sem hún segir frábært tækifæri.

„Það er ótrúlega flott fyrirtæki sem hefur unnið að mörgum stórmyndum og er einmitt með stórt verkefni í gangi núna sem ég fæ að vera partur af og er ótrúlega spennt fyrir. Ég vinn ekki sem „compositor“ þar heldur í aðeins öðruvisi verkefni, sem snýr meira að framleiðslu-hliðinni, en við erum einmitt tvær stelpur þar. Ég finn mig alveg rosalega vel í því, þótt ég elski enn þá að vera „compositor“. Ég fæ að vera partur af fleiri deildum í því sem ég geri núna, meiri samskipti við fleiri deildir. Þannig að stefnan mín eins og er er að læra almennilega á allt þeim megin og einbeita mér líka að verkefninu sem ég er að vinna að með Vetur Production. Framundan er mikið að gera og ég er ótrúlega spennt fyrir því öllu saman.“

steingerdur@frettabladid.is

# NÝTT



## Gledilega páska

**Veldu páskaegg frá Nóa sem passar þér!**

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega.  
Litlu páskakanínurnar eru líka komnar aftur og þær eru svo sætar að þær eru ætar!  
Páskaegginn eru af öllum stærðum og gerðum, svo að allir ættu að finna egg við sitt hæfi.



**Skoðaðu úrvalið, veldu og njóttu!**

Lífið í vikunni  
21.03.21-  
27.03.21




### AUGNABLIKS BÖMMER

Faraldurinn gaf Sigurlaugu Gísladóttur, einnig þekktri sem Mr. Sillu, fri frá tónleikahaldi og svigrúm til að vinna að myndlist sinni. Það fór þó ekki betur en svo að sýningunni SUB ARC hefur verið frestað vegna hertra sóttvarnaaðgerða. Hún segist hafa orðið fúl í smá stund en skilur aðgerðirnar.

### ENN FELLUR JÓHANNES SÆMUNDSSON

Gamli Skriðjökklasmellurinn Tengja þar sem hann Jóhannes Sæmundsson féll aftur og enn er eitt tólf laga úr smiðju Bjarna Hafþórs Helgasonar sem springur út í nýjar víddir sem málverk á sýningu í Kringlunni sem haldin er til styrktar Parkinsonsamökunum en Bjarni greindist með sjúkdóm-inn 2019.



### PLATA OG BARN

Karitas Harpa eignaðist dóttur sama janúardaginn og hún gaf út plötuna On the Verge. Hún er því fyrst núna að ná að fylgja plötunni eftir. Hún fer einnig með hlutverk Geimgerðar á barnaplötunni Út í geim og aftur heim, sem kemur út í apríl.



### BAKGARÐSRÆKT Í HVERAGERÐI

Porpið í bakgarðinum er önnur íslenska kvikmyndin sem ratar í bíó eftir að kófið skall á en er því miður í limbó hertra sóttvarnaaðgerða. Þetta er ósköp falleg mynd um tvær týndar sálir sem mætast óvænt í Hveragerði þar sem gott er að rækta garðinn sinn og um að gera að sjá hana þegar færi gefst.

# Ruðvalgur er skrímsli

Æfingar Chernobyl Jazz Club eru eins og sálfræðitímar, sem hentar söngkonunni **Amalíu** vel, en nýtt lag fjallar um þunglyndi hennar.

**R**okkhljómsveitin Chernobyl Jazz Club er ekki gömul í árum en þar eru þó engir byrjendur á ferð þar sem meðlimirnir hafa meðal annars látið að sér kveða í hljómsveitunum Black Desert Sun, Bootlegs, Pornopop, Dos Pilas og Blý, svo eitthvað sé nefnt.

Fyrsta lag þeirra, Djazzklúbburinn, kom út í febrúar og Hreiðar trymbill segir það hafa fallið vel í kramið hjá íslenskum rokkhundum og því hefur nú verið fylgt eftir með laginu Ruðvalgur, sem söngkonan Amalía samdi um kvíða sinn og þunglyndi.

#### Ekkert þunglyndisband

„Ruðvalgur er birtingarmynd kvíða og þunglyndis og fjallar um hvernig þessar yfirþyrmandi tilfinningar geta heltekið fólk með skelfilegum afleiðingum,“ segir Hreiðar og bætir aðspurður við að hljómsveitin sé þó alls ekkert þunglyndisband. „Nei, nei. Bandið sjálft er það svo sem ekki, en þetta er eitthvað sem Amalía glímur sérstaklega við og hún samdi í rauninni textann bara út frá eigin reynslu.“

„Hvernig á maður að útskýra þunglyndi fyrir manneskju sem hefur hvorki þunglyndi né kvíða og hefur aldrei upplifað það?“ spyr Amalía, sem kennir þessa vanmáttarkennid við Ruðvalg.

„Mér finnst hann vera holdgervingur þessarar tilfinningar og vera bara eitthvert skrímsli sem kemur og tekur völdin og þú getur ekkert gert í því. Það er alveg þannig.“

#### Valgarður í rugli

„Þetta er eiginlega í byrjun fyrstu COVID-bylgjunnar sem ég skrifa þetta. Þegar allt lokaði og það ástand allt var í gangi,“ segir Amalía og bætir við að Ruðvalgur sé samkrull, eða amalgam, bókstafanna í nafninu Valgarður.

„Þetta orð sprettur eiginlega upp úr samtali sem ég átti við bróður minn um stafarugl. Þarna var ég að ganga í gegnum mikið þunglyndi og mikinn kvíða og þurfti að skrifa texta sem ég var bara ekkert að koma út úr mér.“


Vegna þess að orðið ruðvalgur var fast í hausnum á mér. Og til þess að ná kvíðanum svolítið út þá þurfti ég að semja lag um kvíðann og þunglyndið,“ segir Amalía og bætir hlæjandi við að það sé sannarlega kvíðalosandi að starfa með Chernobyl Jazz Club. „Ó, já, það er líka kvíðalosandi að syngja.“

#### Hressandi hömluleysi

„Bara algjörlega,“ tekur Hreiðar undir. „Æfingarnar hjá okkur eru



Hreiðar trommari og Amalía söngkona rækta bæði sál og líkama á hressilegum æfingum rokkbandsins Chernobyl Jazz Club. MYND/ADSEND



Smáskífan með Ruðvalgi er á Spotify en þar syngur Amalía um holdgervingu eigin kvíða og þunglyndis.

hálfgerðir sálfræðitímar. Þar er bara losað um allar hömlur og fólk talar um allt milli himins og jarðar.

Þetta er líkamsrækt. Þetta er sálfræðitími og við förum alltaf héðan út í góðu skapi og það er náttúrulega ákveðin útrás í því að spila rokk og ról,“ segir Hreiðar sem sér ekki eftir því að hafa tekið kjúðana upp aftur eftir næstum tveggja áratuga hlé.

#### Engar krúsidúllur

„Ég þekkti þau ekkert fyrir og þetta er það gáfulegasta sem ég hef komið mér í,“ segir Hreiðar sem trommaði með Pornopop í kringum aldamótin. „Ég sá auglýst eftir trommuleikara í rokkband á Facebook og hugsaði að það væri núna eða aldrei og sé ekki eftir því. Þetta er alveg

**MÉR FINNST HANN VERA HOLDGERVINGUR ÞESSARAR TILFINNINGAR OG VERA BARA EITTHVERT SKRÍMSLI SEM KEMUR OG TEKUR VÖLDIN OG ÞÚ GETUR EKKERT GERT Í ÞVI.**

frábær hópur fólks sem að smellpassar saman þegar kemur að því að semja og spila rokk og ról.

Við erum að æfa stíft og stefnum á að fara í stúdíó um miðjan apríl og taka upp allavegana fimm lög og gefa út plötu í vor eða byrjun sumars,“ segir Hreiðar og bætir við að tónlist þeirra hafi verið lýst sem auðmeltu verkamannarokki „þar sem er gengið beint til verks án þess að vera með of miklar krúsidúllur.“

En hvað er málið með nafnið. Var verið að horfa á Chernobyl þegar það varð til? Nei, en Elli bassaleikari fór til Chernobyl, en Gummi gítarleikari kom aftur á móti með nafnið. Honum fannst eins og við gætum verið húsbænd djassklúbbsins í Chernobyl. Ég held að hann hafi aldrei átt von á að það yrði neitt úr þessu og þetta væri bandið sem enginn kemur að sjá eða hlusta á,“ segir Hreiðar og hlær.

toti@frettabladid.is



## SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

Stillanlegt **SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL** er vandað heilsurúm í fimm stjörnu hótél-rúmalínunni frá Serta.

**VIVANT SPLENDID ROYAL** heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjaðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og laga það fullkomlega að þér.

Þráðlaus fjarstýring kemur þér í þá stöðu sem best hentar þér.

Virkilega góður stuðningur er við bak en mýkra gormakerfi á axla- og mjadmasvæði gerir svefnstillingu þína eins náttúrulega og mögulegt er. Hægt er að velja um tvo stíflaika á dýnunni, millistífa og stífa (medium og firm), allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistífa og vinnur vel á móti fjöðruninni í botninum og dýnunni. Yfirdýnan er gerð úr kaldpressuðum svampi.

Höfðagaflinn er fágadur og stílhreinn, 120 cm há. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið en hvort tveggja er selt sér.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.

### SERTA VIVANT SPLENDID ROYAL

(dýna, botn, fjarstýring, gafl og lappir)

Stærð	Verð
160 x 200 cm	499.900 kr.
180 x 200 cm	599.900 kr.
180 x 210 cm	609.900 kr.
200 x 200 cm	659.900 kr.



FYLGIÐ RÚMUM Í HÓTEL RÚMALÍNUNNI FRÁ SERTA

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra BAK**

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason [guðaf@torg.is](mailto:guðaf@torg.is), ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Hjördís Zoëga [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Hlynur Þór Steingrímsson [hlynur@frettabladid.is](mailto:hlynur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsón [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is), RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), TIMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# UPP MED SOKKANANA!



Kauptu sokka á krabb.is og  
á sölustöðum um allt land

 Krabbameinsfélagið

MOTTUMARS  


# Nýtt blað á byko.is



**Stútfullt af tilboðum**

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Vinnur þú **Litaráðgjöf & málningu?**

Allar nánari upplýsingar á [instagramsíðu BYKO](#) og [Karenar](#)

Karen Ósk Magnúsdóttir, innanhúsráðgjafi

**Taktu þátt!**

## Taktu þátt í myndaleik Skreytum hús á Facebook

Þú setur inn mynd af því rými sem þig langar til að breyta heima hjá þér á færslu leiksins á facebooksíðu Skreytum hús. **Soffía Dögg**, ásamt dómnefnd frá BYKO, velur bestu myndina.

Eigandi myndarinnar fær 100.000 kr inneign í BYKO. Að auki verða valdir tveir aukavinningshafar sem fá 35.000 kr inneign.



Skreytum Hús...

**Tilboðsverð**

**Vinnusokkar**

CAT Real vinnusokkar 3 í pakka. Þægilegir vinnusokkar. Innihald 75% bómull, 22% Polyester, 3% Elastine. Stærð: 41-45, Til í gráu, svörtu og bláu.

**1.516**

**20%**

92202026

Almennt verð: 1.895



**Tilboðsverð**

**Fisherman húfa**

50% ull sem veitir hlýju og þægindi í köldu umhverfi. Ein stærð. Kemur í 3 mismunandi litum.

**3.756**

93445150

Almennt verð: 4.695



**Snickers**  
WORKWEAR

**Höfuðljós**

Þriggja peru Led ljós, 180 lúmen. 3xAAA rafhlöður.

**3.795**

49931558



**Tilboðsverð**

**Regnjakki**

Efnið kemur úr flöskum sem hefur verið kurlað niður og endurnýtt í Polyester/ Polturrethane 180 gr/m2. Hetta sem hægt er að taka af. Franskur rennilás við úlnlið. Tveir vasar að framan. Öndun á baksvæðinu. Endurskin á bakinu. Stærðir: S-2XL.

**5.596**

93460070-74

Almennt verð: 6.995



LYNGSØE  
RAINWEAR

LYNGSØE  
RAINWEAR

**Tilboðsverð**

**Regnbuxur**

Efnið kemur úr flöskum sem hefur verið kurlað niður og endurnýtt í Polyester/ Polturrethane 180 gr/m2. Stærðir: S-2XL.

**3.996**

93460060-64

Almennt verð: 4.995



**20%**

**Höfuðljós**

Þriggja peru Led ljós, 250 lumen. 3xAAA rafhlöður.

**6.995**

49931586



**Verslaðu á netinu á byko.is**



### Piljur

Náttúruleg eik,  
hljóðdempandi,  
60x240 cm

**16.295** kr/m<sup>2</sup>  
0111760

**Nýtt**

### Piljur

Hnota,  
hljóðdempandi,  
60x240 cm

**17.295** kr/m<sup>2</sup>  
0111761

**20% Nýtt**

### Kynningarverð

Sketapark  
Flísaparket,  
18mm, 327x635mm  
Hörkustuðull AC5 (Binyl Pro)

**3.670** kr/m<sup>2</sup>

0113462  
Almennt verð: 4.587 kr/m<sup>2</sup>



**Krono**  
Original  
High Quality

**20%**

### Tilboðsverð

Borð  
svart, 40x40x49 cm

**5.596**

91915920  
Almennt verð: 6.995



GROHE

### Tilboðsverð

#### Minta

Eldhústæki með hárrí  
sveiflu, krómað

**20%**

**26.636**

15332917  
Almennt verð: 33.295

### Tilboðsverð

#### Vaskur

í borð blanda af kvarts-  
steini og trefjaplasti,  
56x51 cm, dýpt 20 cm  
svartur eða grár

**25%**

**55.196**

15331651AT/AP  
Almennt verð: 73.595

GROHE

**40**  
cm


**LED**

#### Phinx

Veggljós, 400mm,  
gyllt. Með inn-  
byggðri LED peru

**13.885**

52260101



## Við gerum þetta saman!

Afgreiðslutími verslana helst óbreyttur í núverandi ástandi. Við sýnum ítrustu varkárni og fylgjum öllum reglum um sóttvarnir. Verslun BYKO í Breidd er nú skipt upp í þrjú hólf.

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN

## BAKÞANKAR

Óttars  
Guðmundssonar



## ADHD-þjóðin

Íslendingar eru á góðri leið með að slá heimsmet í notkun ADHD-lyfja. Gífurlegt áreiti í nútímasamfélagi frá sínum og alls kyns samskiptatækjum hefur aukið vanda fólks. Heilinn virðist ekki hannaður til að taka við og vinna úr öllum þeim skilaboðum sem dýnja stöðugt á honum.

Þetta er þó engin nýlunda. Íslendingasögur eru fullar af ungum mönnum sem voru illa haldnir af ADHD. Má þar nefna Egil afa minn Skallagrímsson, Gretti sterka, Orm Stórorfsson, Hörð Grímkelsson og fleiri. Þetta má rekja til fyrstu landnemanna til Íslands. Hvatvísir ungin menn með lélega félagslega aðlögun og alls konar hegðunarvandamál urðu fyrstir til að flýja ofríki Haraldar hárfagra. Sennilega fór lunginn úr ungum norskum karlmönnum með ADHD til Íslands enda þóðu þeir ekki stjórnsemi og tilskipanir Haraldar. Þeir komu á leiðinni norður í höfvið á Írlandi og skosku eyjunum til að afla sér þræla. Ungar og dreymnar stúlkur með ADHD veittu víkingaskipunum enga eftirtekt og stóðu niðursokknar í eigin hugarheim þegar þennan óþjóðalýð bar að landi. Þær voru umsvifalaust teknar til fanga og færðar á skip. Þannig runnu saman ADHD-gen frá Norgei og Írlandi og úr varð Nútíma-Íslendingur.

Þessi merkilega genablanda kemur skýrt fram í yfirstandandi gosi á Reykjanesi. Íslendingurinn rýkur af stað nestislaus í mikilli hvatvísi á strigaskóm og gallabuxum yfir úfið hraun í leiðinda-veðri til að skoða nýja eldgosíð. Forfeðurnir ruku til Íslands matarlausir á vanbúnum skipum og skeyttu engu um veður og vinda. Samkvæmt spálíkönunum þekktustu vísindamanna þjóðarinnar er talið vafasamt að Ísland hefði nokkru sinni byggst ef Rítalín og skyld lyf hefðu verið aðgengileg í ríki Haraldar hárfagra.



1.990,-/stk.

Mánagull  
hengiplöntur Ø15cm



SATSUMAS  
plöntustandur  
B28xL84, H70cm  
7.490,-



Nýtt ODLA  
leirkúllur 5l 795,-



Sómakólfur  
pottaplanta  
Ø17cm 1.990,-

Nýtt  
VATTENMELON  
blómapottur  
Ø19cm 2.290,-

## Leggðu rækt við heimilið

Nú er tilvalinn tími til að umpotta og fríska upp á plönturnar með nýjum pottum og jafnvel plöntustandi sem færir þær af gólfinu og nýtir þannig plássíð betur – jafnvel fyrir fleiri plöntur! Verslunin er nú einstaklega blómleg um að litast en við vorum að taka á móti stórrí sendingu af glæsilegum og fallegum plöntum, líttu á úrvalið í versluninni eða á vefnum okkar. Sjón er sögu ríkari!



1.290,-

Flamingóblóm  
pottaplanta Ø12cm



ODLA  
kókostrefjar 15l  
795,-/3 í pk.

CHILIPULVER  
vökvaskynjarar fyrir  
plöntur 695,-/stk.



Paradísarfugl  
pottaplanta  
Ø27cm 7.990,-



KRYDDPEPPAR  
plöntustandur  
3.290,-

895,-

Friðarlilja pottaplanta Ø12cm  
GRADVIS blómapottur Ø15cm 995,-



SATSUMAS  
plöntustandur með  
fimm blómapottum  
H125cm 6.490,-

Drekatré  
pottaplanta,  
tveir stofnar  
Ø19cm 2.990,-



BOYSENBÄR  
blómapottur  
Ø24cm 2.490,-



Nýtt Gullburkni  
pottaplanta Ø14cm  
1.290,-

Flauelsfjöður  
pottaplöntur Ø19cm  
2.990,-/stk.



FÖRENLIG  
blómapottur Ø24cm  
1.490,-/stk.

165,-/stk.

TOMAT úðabrúsar 35cl

### IKEA® BAKARÍ

Krempollur  
795,-/4 í pk.



Sítrónubaka  
með ítölskum marengs  
1.195,-



Verslun opin 11-20 - IKEA.is  
IKEA Bakarí, Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20



MOTTUMARS

UPP MEÐ SOKKANA!

krabb.is